birta

**AGNAR JÓN EGILSSON**

*Skapandi vinnualki*

Matur Tíska Tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**SIGURRÓS PÁLSDÓTTIR**

*Kokkur í Mílanó*

Matur Tilboð

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**ECCO blaðið**
*- fylgir Fréttablaðinu í dag!*

ecco

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. september 2006 — 246. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Að svíkja ekki skáldskap sinn



Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari ræðir möguleika skáldskaparins og stóru spurningarnar. Gunnlaðar saga fer á fjalirnar í Hafnarfirði í kvöld.

**MENNING 32**

### Möndlugjöf næstu jóla



Logi Bergmann Eiðsson gefur út borðspilið Meistarann og semur spurningarnar sjálfur.

**FÓLK 46**

### Frelsi til þróunar

„Reynslan er ólygnust: Ef þjóðir ætla að komast úr fátækt í bjargálnir, þá verður atvinnulífið að vera frjálst,“ segir Hannes H. Gissurarson.

**Í DAG 22**

### Guðjón á heimleið?

Guðjón Þórðarson mun hugsanlega taka við ÍA-liðinu á nýjan leik. Ný stjórn verður mynduð hjá knattspyrnudeildinni fljótlega og hún vill fá Guðjón til starfa og hefur þegar verið rætt við þjálfarann snjalla.



**ÍÞRÓTTIR 42**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝTT** Í dag verður yfirleitt fremur stíf suðaustan átt en hægari fyrir norðan. Úrkomulítið norðanlands, annars rigning eða skúrir. Úrkomulítið austan til síðdegis. Hiti 10-16 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

**VEÐUR 4**

**> SIRKUS**

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




# Yfir 200 börn send heim af leikskólum

**Þessa vikuna hafa yfir 200 börn á þremur leikskólum í Reykjavík verið send heim vegna manneklu. Formaður leikskólaráðs segir að markaðssetja þurfi störf á leikskóla betur og mennta fleiri leikskólakennara.**

**LEIKSKÓLAMÁL** „Við munum senda á milli 30-40 börn heim á hádegi 2-3 daga í þessari viku vegna manneklu,“ segir Helga Hallgrímsdóttir, leikskólastjóri á Kvistaborg. „Eins og staðan er núna vantar starfsfólk í fjögur stöðugildi á Kvistaborg en við fáum fólk til starfa í næstu viku og um mánaðamótin.“

Um síðustu helgi var auglýst eftir starfsfólki í tæplega 50 stöður á leikskólum í Reykjavík í Fréttablaðinu og um síðustu mánaðamót vantaði 105 starfsmenn til starfa. Helga segir að byrjað hafi verið að senda börn heim síðasta þriðjudag og að börnin fari heim til skiptis. „Foreldrar hafa tekið þessu mjög vel og skilja okkar aðstæður vel þrátt fyrir að staðan sé erfið hjá mörgum þeirra vegna þessa.“ Helga segir þetta í fyrsta skipti sem leikskólinn Kvistaborg þurfi að senda börn heim.

Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu á menntasviði, segir börn send heim af þremur leikskólum í Reykjavík þessa vikuna en þeir eru Geislabaugur og Vinagerði ásamt Kvistaborg. „Á Geislabaug eru öll börn leikskólans, 118 talsins, send heim klukkan tvö alla daga í þessari viku en í Vinagerði skiptast börnin á að vera heima einn dag í þessari viku en þar eru 46 börn.“

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir alla leggjast á eitt við að reyna að manna þær stöður sem enn eru ómannaðar. „Mannekla á leikskólum kemur upp á hverju hausti en staðan nú er þó skárri en í fyrra. Þá vantaði um 100 manns til starfa í lok september. Ein af þeim hugmyndum sem upp hafa komið til að fá fólk til starfa á leikskólum er að markaðssetja starfið betur og kynna fólki kosti þess,“ segir Þorbjörg.

> „Mannekla á leikskólum kemur upp á hverju hausti ...
>
> **ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**
> FORMAÐUR LEIKSKÓLARÁÐS

Hún segir þensluástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu erfitt fyrir leikskólana og þeir eru ekki alltaf samkeppnisfærir við aðrar atvinnugreinar hvað laun varðar og þess vegna er enn mikilvægara að tala starfið upp og kynna það betur.

„Hluti manneklunnar á leikskólunum stafar einnig af því að ekki er verið að mennta nóg af leikskólakennurum,“ segir Þorbjörg og bætir við að rætt verði við ráðamenn Kennaraháskólans um þetta mál. **-ks**



**FISKIRÍ Í MIÐBÆNUM** Sjávarútvegsráðherra rann blóðið til skyldunnar í gær og smakkaði heygrillaða bláskel og fiskisúpu þegar hún var borin í gesti og gangandi á Lækjartorgi. Ráðherra lét vel af veitingunum og lét þetta haustrigninguna ekkert á sig fá. Dekkklárir kokkarnir að baki ráðherra tóku forskot á sæluhelgi þar sem fiskmeti verður á boðstólum á fjölda veitingastaða í höfuðborginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Danskt dagblað heimsótti dýraníðing á Norður-Jótlandi:

# Danskur níðingur selur kynlíf með íslenskum hrossum

**DANMÖRK** Hestabóndi á Norður-Jótlandi selur aðgang að tveimur íslenskum hestum sem hann á, til kynlífsiðkana með fólki. Frá þessu greinir danska dagblaðið 24 Timer og birtir myndir af manninum og hrossunum, sem hann segir vera íslensk.

Tveir blaðamenn kynntu sér auglýsingar frá fólki sem leigir út dýr til þessara nota.

Þeir heimsóttu síðan ofangreindan mann, þar sem þeir létust vera áhugasamir viðskiptavinir og tóku myndir með falinni myndavél.

Útlendingar sækja í auknum mæli í kynlíf með dýrum í Danmörku, en engin lög í landinu banna athæfi af því tagi. Samkvæmt frétt blaðsins 24 Timer á miðvikudag má finna fjölda heimasíðna með upplýsingum um hvernig áhugasamir geti komist í náin kynni við skepnur þar í landi. Meðal annars er talað um dönsk dýravændishús á þýskri vefsíðu að því er segir í frétt blaðsins.

Danska dýrasiðferðiráðið hyggst í næstu viku ræða hvernig koma megi í veg fyrir þessa misnotkun á dýrum með strangari löggjöf.

„Þetta var átakanlegt,“ sagði Thomas Krog, blaðamaður á 24 Timer, þegar hann ræddi heimsóknina á búgarðinn á Norður-Jótlandi við Fréttablaðið í gær. Hestabóndinn kveðst eiga hrossin tvö, þriggja vetra stóðhest og tíu vetra hryssu, sem hann selur aðgang að fyrir 6.000 íslenskar krónur í hvert skipti. **- jss**

Varnarviðræðurnar:

# Samkomulags að vænta fljótlega

**STJÓRNMÁL** Gert er ráð fyrir að samkomulag um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna liggi fyrir fljótlega. Samninganefndir ríkjanna ræddust við á um þriggja klukkustunda löngum fundi í húsakynnum utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna í Washington í gær.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra.

Á fundinum var rætt um alla þætti málsins, sem lýtur bæði að vörnum Íslands og viðskilnaði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í Washington eru viðræðurnar komnar á lokastig en þær hófust í mars. Mikil leynd hefur hvílt yfir gangi mála en Geir H. Haarde forsætisráðherra sagðist á Morgunvakt Rásar eitt í gær vonast til að viðræðunum lyki í næstu viku.

Frekari fundahöld samninganefndanna hafa ekki verið boðuð. Íslenska samninganefndin heldur heim frá Washington í dag. **- bþs**

Kosningarnar í Svíþjóð:

# Fimmti hver er á sakaskrá

**SVÍÞJÓÐ Fimmti hver frambjóðandi á framboðslistum flokkanna fyrir þingkosningarnar í Svíþjóð um helgina hefur framið afbrot og er á sakaskrá, að sögn sænska útvarpsins og Dagens Nyheter. Meðal brotanna má finna búðarþjófnað, bókhaldsbrot, ofbeldi og umferðarlagabrot.**

**Ein af þeim sem eru á sakaskrá er Gudrun Schyman, leiðtogi femínista, en hún gerði tilraun til að svíkja undan skatti fyrir nokkrum árum. Kenneth Persson, frambjóðandi Umhverfisflokksins í sveitarstjórnarkosningum í Halland, var dæmdur í sekt fyrir að hnupla fiski og sælgæti úr búð.**

**- ghs**



**SPURNING DAGSINS**



*Sóley, er það ekki svona sem við viljum hafa það?*

**„Nei, við lifum ekki á myrkum miðöldum. Jafnrétti og rafmagn skiptir nútímafólk máli.“**

Sóley Tómasdóttir, fulltrúi VG í mannréttindanefnd Reykjavíkur, er ósátt við forstjóra OR vegna sjónvarpsauglýsingar þar sem fáklæddar dansmeyjar eru áberandi. Slagorð auglýsingarinnar er: Svona viljum við hafa það.

Ræða Benedikts páfa um íslamstrú vekur reiði:

# Ill trú og ómannúðleg

**ÞÝSKALAND, AP** Trúarlegir leiðtogar múslima í ýmsum löndum hafa fordæmt ræðu Benedikts, 16. páfa kristinna manna, sem hann hélt fyrir utan München á sunnudaginn. Í ræðunni rifjaði páfinn upp orð Manuels Paleologus, sem var 14. aldar keisari í Býzans, um íslamstrú: „Sýnið mér hvað Múhameð hefur fært [heiminum] sem er nýstárlegt og þér munið einungis finna illa hluti og ómannúðlega, til að mynda skipun hans um að boða trú með brugðnu sverði.“

Benedikt tók fram að hann væri að vitna í „hranaleg“ orð annars manns, en lét ekkert uppi um hvort hann væri sammála þeim eða ekki.



**BENEDIKT PÁFI HEILSAR ÞÝSKALANDI** Fjölmargir leiðtogar múslima hafa fordæmt páfann fyrir ræðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ræðan fjallaði um heilagt stríð eða tengsl ofbeldis og trúar. Einnig ræddi páfinn muninn á kristni og íslamstrú út frá heimspeki- og sögulegum bakgrunni.

Æðsti trúarleiðtogi Tyrklands hefur krafist tafarlausrar afsökunarbeiðni frá páfanum, en páfinn heldur þangað í nóvember. AP hefur eftir talsmanni Vatíkansins að páfinn hafi „ekki verið að lýsa íslamstrú sem óhjákvæmilega ofbeldisfullri“. **- kóþ**

Gíslatakan í Frakklandi:

# Ætlaði sér að ræna pósthúsið

**VERSALIR, AP** Sérsveit frönsku lögreglunnar skaut gíslatökumann til bana í gær. Maðurinn var 25 ára gamall og réðst inn í pósthús í bænum Lemay, sem er 65 kílómetra fyrir vestan Parísarborg, um fjögur leytið í gær og krafðist peninga. Þegar það gekk ekki eftir og lögreglan kom á vettvang tók hann fimm menn í gíslingu.

Talsmaður lögreglunnar segir að maðurinn hafi neitað að gefast upp í samningaviðræðunum og verið skotinn eftir að hann hafi skotið á lögregluna. Gíslarnir eru ómeiddir, en í geðshræringu. **- kóþ**

Húsleit lögreglu í Hafnarfirði:

# Fíkniefni og vopn fundust

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var handtekinn þegar óeinkennisklæddir lögreglumenn gerðu húsleit í tveimur íbúðum í Hafnarfirði í gærdag. Við leit fannst hass, amfetamín og LSD. Einnig var lagt hald á meint þýfi, hnífa, skotvopn og skotfæri sem fundust við leit í öðru húsinu.

Við aðgerðina naut lögreglan í Hafnarfirði aðstoðar sérsveitar Ríkislögreglustjóra, lögreglunnar í Kópavogi og starfsmanna tollgæslunnar.

Aðgerðin var hluti af eftirlitsstarfi lögreglunnar í Hafnarfirði en fylgst mun hafa verið með íbúðunum tveimur um nokkurn tíma. Varðstjóri lögreglunnar vildi ekki gefa upplýsingar um magn þeirra eiturlyfja sem gerð voru upptæk né hvort fleiri tengist málinu þegar eftir því var leitað í gærkvöldi. **- shá**

**SLÖKKVILIÐ**

**Eldsupptök kunn**

Bruninn í eiturefnageymslu Efnamóttökunnar í Gufunesi í lok ágúst var af völdum rafgeymis sem þar var í hleðslu. Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út vegna brunans.

## Röng fyrirsögn

**LEIÐRÉTTING** „Neitar sök í morðmáli,“ var fyrirsögn fréttar sem birtist í Fréttablaðinu í gær um hið svokallaða Áslåksmál. Fyrirsögnin er röng.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er Loftur Jens Magnússon ákærður fyrir stórfellda líkamsárás en ekki fyrir morð. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.





**TANKAR OLÍUFÉLAGANNA** Olíufélögin höfðu, samkvæmt niðurstöðu Samkeppnisráðs, samráð vegna útboða sem fram fóru í tengslum við kaup ríkisins á olíu fyrir Landhelgisgæsluna, lögreglu og vegagerðina. Lögmenn olíufélaganna vilja meina að ríkið hafi ekki orðið fyrir tjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Olíufélögin höfnuðu kröfu um bótaskyldu

**Olíufélögin hafa hafnað kröfu ríkisins um bótaskyldu vegna verðsamráðs í útboðum árið 1996. Lögmenn félaganna segja að ríkið hafi ekki orðið fyrir tjóni. Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum verður tekið fyrir á mánudaginn.**

**DÓMSMÁL** Lögmenn olíufélaganna, sem sektuð voru um 1,5 milljarð fyrir verðsamráð á árunum 1993 til 2001, hafa hafnað kröfu ríkisins um bótaskyldu félaganna vegna verðsamráðs. Þetta staðfestu lögmenn félaganna og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður íslenska ríkisins, í gær. Vilhjálmur óskaði eftir viðurkenningu á bótaskyldu fyrir hönd ríkisins í síðasta mánuði.

Unnið er að gagnaöflun vegna málsins, bæði af hálfu ríkisins og olíufélaganna, en deilt er um hvort samráð olíufélaganna, áður en útboð Ríkiskaupa fór fram á haustmánuðum 1996, hafi valdið ríkinu fjárhagslegu tjóni.

Hörður Felix Harðarson, lögmaður Skeljungs, segir viðurkenningu á bótaskyldu hafa verið hafnað þar sem ríkið hafi ekki orðið fyrir tjóni, að mati lögmanna olíufélaganna. „Við teljum að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Viðurkenningu á henni er hafnað þar sem við teljum að ríkið hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni.“

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, segir óumdeilt að olíufélögin hafi haft samráð um vissa þætti fyrir útboðin. „Olíufélögin höfðu samráð fyrir útboðin 1996 en það bendir ekkert til þess að ríkið hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna þess. Auk þess sem ekki varð af útboðunum í nokkrum tilfella.“

> „Við teljum að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Viðurkenningu á henni er hafnað þar sem við teljum að ríkið hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni.“
>
> **HÖRÐUR FELIX HARÐARSON**
> LÖGMAÐUR SKELJUNGS

Í skýrslu Samkeppnisráðs vegna verðsamráðs olíufélaganna er tekið fram að forstjórar Olíufélaganna hafi hist á fundum 2. ágúst, 7. ágúst og 5. september 1996 en útboð vegna olíukaupa ríkisins fóru fram skömmu síðar. Tekið er fram í skýrslunni að forstjórarnir hafi rætt á fundi 12. september 1996 tillögur Kristins Björnssonar, forstjóra Skeljungs, um verðtilboð olíufélaganna. Þá segir í fundargerð Olíufélagsins frá fundi 10. september 1996 að unnið sé að því „að tryggð sé framlegð af viðskiptum við opinbera aðila.“

Í skýrslunni er greint frá því að skjal hafi fundist í fórum Kristins Björnssonar þar sem segir að „sala verði gerð upp þannig að Skeljungur hf., gefur hinum félögunum upp sölu til opinberra fyrirtækja á 3ja mánaða fresti,“ eins og orðrétt segir í skýrslu Samkeppnisráðs.

Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. Krafa borgarinnar nemur samtals rúmlega 150 milljónum króna. **magnush@frettabladid.is**

Hlutafjárútboð Marel hf.:

# Gríðarlegur áhugi fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Hlutafjárútboði Marel hf. lauk í gær. Í boði voru 75 milljónir nýrra hluta á genginu 74 krónur fyrir hvern hlut og var heildarsöluvirði útboðsins því 5,5 milljarðar króna. Alls óskuðu fjárfestar eftir að kaupa hluti í Marel fyrir ríflega 35,8 milljarða króna sem er umfram heildarmarkaðsverð félagsins.

Hörður Arnarson, forstjóri Marel, segist mjög ánægður með þann stuðning sem fjárfestar voru tilbúnir að veita fyrirtækinu. „Framundan eru spennandi tímar þar sem unnið verður úr þeim fjölmörgu tækifærum sem fyrirtækið stendur frammi fyrir.“ **- shá**



**GUNNAR SVAVARSSON**



**TRYGGVI HARÐARSON**

Samfylkingin í Kraganum:

# Þrír stefna á fyrsta sætið

**STJÓRNMÁL** Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sækist eftir fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Þá stefnir Tryggvi Harðarson, fyrrverandi bæjarstjóri á Seyðisfirði, á eitt af efstu sætunum. Áður hafði Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður sagst sækjast eftir efsta sætinu. Prófkjör verður haldið 4. október.

Katrín Júlíusdóttir og Valdimar Leó Friðriksson stefna að áframhaldandi þingmennsku; Katrín sækist eftir öðru sætinu og Valdimar þriðja. **- bþs**


**BÍLL DAGSINS**

**PEUGEOT 307**

Nýskr. 10.04 - Beinskiptur - Ekinn 29 þús. - Allt að 100% lán.





**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Sautján ára piltur slasaðist alvarlega í bílveltu í Hrunamannahreppi í fyrrinótt:

# Grunur leikur á ofsaakstri

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára piltur liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi eftir bílveltu sökum hraðaksturs í fyrrinótt.

Pilturinn ók fólksbíl norður eftir Skeiða- og Hrunamannavegi, skammt norðan við Flúðir, ásamt tveimur stúlkum sem voru farþegar í bílnum. Að sögn lögreglu er vegakaflinn tiltölulega beinn þar sem slysið varð og voru akstursaðstæður ákjósanlegar þrátt fyrir myrkur.

Lögregla hefur vísbendingar um að pilturinn hafi ekið töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með fyrrgreindum afleiðingum.

Bifreiðin fór nokkrar veltur eftir veginum og staðnæmdist á hjólunum við hlið vegarins. Piltur-inn var ekki í bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni og hlaut alvarleg meiðsli. Stúlkurnar tvær voru í bílbeltum og sluppu án teljandi meiðsla. Þeim var mikið brugðið eftir slysið að sögn lögreglu.

Tilkynning barst lögreglunni í gegnum Neyðarlínuna, en fyrsta tilkynning um slysið barst frá bænum Skipholti sem stendur nærri slysstaðnum. Stúlkurnar tvær tengjast heimilisfólkinu þar á bæ.

Læknir á slysstað óskaði eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar og flutti TF-SIF piltinn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.

Að sögn vakthafandi læknis þar er pilturinn alvarlega slasaður, og sofandi í öndunarvél.

Alls hafa nítján manns látist í umferðinni það sem af er árinu, margir hverjir sökum hraðaksturs. Í gær hleypti Umferðarstofa af stokkunum landsátaki til að stemma stigu við fjölda alvarlegra slysa í umferðinni hér á landi. **- æþe**



**TF-SIF** Þyrla Landhelgisgæslunnar var send í fyrrinótt eftir sautján ára ökumanni sem slasaðist alvarlega í bílveltu. Hann er grunaður um ofsaakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7132



Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur. **Vetrardekk fylgja öllum nýjum Polo-bílum í september og október.**

**Kostar aðeins 15.535 kr. á mánuði**

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða. Verð frá 1.490.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ 15.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,6 | 69,94 |
| Sterlingspund | 131,15 | 131,79 |
| Evra | 88,45 | 88,95 |
| Dönsk króna | 11,854 | 11,924 |
| Norsk króna | 10,599 | 10,661 |
| Sænsk króna | 9,563 | 9,619 |
| Japanskt jen | 0,5912 | 0,5946 |
| SDR | 102,93 | 103,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,155

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar opnuð í Kalíningrad:

# Býður upp á nýja möguleika

**KALÍNINGRAD** Ný upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar var opnuð í Kalíningrad í gær. Af því tilefni var efnt til ráðstefnu í borginni þar sem Heidi Grande Røys, norræni samstarfsráðherrann í norsku ríkisstjórninni, og Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, voru meðal gesta.

Lengi hafði verið unnið að opnun skrifstofunnar, en hún markar nýjan áfanga að nánari tengslum þessarar rússnesku hólmlendu við Eystrasaltið og nágranna sína á Norðurlöndum.

Á ráðstefnunni voru kynntir hinir ýmsu samstarfsmöguleikar sem fólki og fyrirtækjum í Kalíningrad og Norðvestur-Rússlandi bjóðast við Norðurlönd. **- aa**



**FRÁ RÁÐSTEFNUNNI Í GÆR** Per Unckel framkvæmdastjóri, Heidi Grande Røys samstarfsráðherra, Babinovska varahéraðsstjóri, Arne Grove, fulltrúi rússneska utanríkisráðuneytisins, og Boris Batalyn, fulltrúi héraðsdúmunnar í Kalíningrad. Í pontu er Gabriel Romanus, sænskur þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Stjórnvöld í Úkraínu:

## Vilja ekki fá aðild að NATO

**BRUSSEL, AP** Viktor Janúkóvitsj, sem nýverið tók við embætti forsætisráðherra í Úkraínu, skýrði frá því í gær að stjórn landsins sæktist ekki lengur eftir því að fá aðild að Atlantshafsbandalaginu. Hann sagðist þó eftir sem áður vilja að Úkraína fengi aðild að ESB. Fyrri ríkisstjórn landsins hafði sótt það stíft að fá aðild bæði að NATO og ESB, en Janúkóvitsj hefur jafnan sagst vera hliðhollari Rússum en Vestur-Evrópuríkjum.

Fyrri stjórnin hafði gert sér vonir um að fá vilyrði fyrir aðildarundirbúningi á leiðtogafundi Nató í nóvember. **- gb**

Ungir jafnaðarmenn:

## Magnús Már einn í kjöri

**STJÓRNMÁL** Magnús Már Guðmundsson er einn í kjöri til embættis formanns Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar. Landsþing Ungra jafnaðarmanna er haldið í safnaðarheimili Lágafellskirkju í Mosfellsbæ um helgina.



**MAGNÚS MÁR GUÐMUNDSSON**

Dagskrá þingsins er hefðbundin og verða ályktanir afgreiddar á sunnudag.

Magnús Már tekur við formennsku af Andrési Jónssyni sem gefur ekki kost á sér til endurkjörs. **- bþs**

Kjarnorkumál Írana:

## Bandaríkin sögð óheiðarleg

**BANDARÍKIN** Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, segir skýrslu Bandaríkjastjórnar um kjarnorkuáætlun Írana vera „ósanna“ og „blekkjandi“. Þetta kemur fram í bréfi IAEA sem var ætlað bandarísku ríkisstjórninni, og lekið var til fréttamanna og fjallað er um á BBC.

Í bréfinu segir að Bandaríkjastjórn hafi brenglað alvarlega niðurstöður IAEA um kjarnorkuáætlun Írana í skýrslu þingsins; IAEA hafi eingöngu fundið örfá ummerki um auðgun úrans á afar lágu stigi, en ekki víðtæk ummerki á vopnaframleiðslustigi.

Talsmenn Hvíta hússins hafa neitað að svara spurningum fréttamanna um málið.

Stjórnmálaskýrendur segja málið óneitanlega minna á upphaf Íraksstríðsins. **- smk**

# Stýrivextirnir eru öfgakennd viðbrögð

**Stýrivaxtahækkun Seðlabankans kemur niður á smáfyrirtækjum, til dæmis verktökum, einstaklingum og fjölskyldum. Þeir þurfa að brúa stærra bil en áður með dýru lánsfé. Til lengdar kemur hækkunin niður á atvinnustiginu.**

**EFNAHAGSMÁL** Með stýrivaxtahækkun Seðlabankans hefur íslenskt efnahagslíf verið læst inni í vítahring óstöðugleika, að mati Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ. Hann segir að verkalýðshreyfingunni beri nú skylda til að skoða hvaða kostir séu fyrir hendi til að draga úr neikvæðum áhrifum vaxtahækkunarinnar á launafólk.

„Sú umræða þarf að fara í gang og þar er æði margt sem kemur til greina. Menn hafa skoðað ýmsar leiðir og það þarf að setja meiri alvöru í að skoða hvaða valkosti við höfum,“ segir hann og vill ekki tilgreina nánar hvaða kostir þetta eru.

Gylfi segir stýrivaxtahækkunina „öfgakennd viðbrögð í peningamálastefnu, alveg sama hvar í heiminum það er. Í þriðja sinn á fáum mánuðum bregst Seðlabankinn mjög harkalega gegn því samstarfi sem náðist milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í sumar,“ segir hann.

Gylfi telur líklegt að stýrivaxtahækkunin verði til þess að harkaleg lending verði í efnahagsmálunum á næsta og þarnæsta ári. Seðlabankinn framkalli samdrátt á árinu 2008 og ögri fjármálamarkaðnum til að veðja á þann mikla vaxtamun sem kominn sé. Hann telur að nú muni krónan styrkjast enn frekar og að hér verði „útsala á innfluttum vörum“ á næstunni. Viðskiptahallinn ógni stöðugleika krónunnar.

Magnús Árni Skúlason, dósent á Bifröst, telur að vaxtahækkunin komi niður á smáfyrirtækjum sem ekki hafa aðgang að erlendu lánsfé og einstaklingum og fjölskyldum, sérstaklega þeim sem séu að kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti. Lánshlutfall fari lækkandi og það þýði að þurfi íbúðakaupendur að brúa bilið með dýru lánsfé. „Þetta kemur líka niður á litlum verktökum sem eru að byggja. Þeir finna fljótlega fyrir vöxtunum og þurfa að losa um þær byggingar sem þeir eru með.“

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, segir: „Þetta er hörmulega sorglegt en við höfum vitað lengi af þessari hækkun og það þýðir ekkert að ræða þetta. Þeir bara keyra þjóðarbúið í strand ef þeir sjá ekki að sér. Gagnrýni aðila vinnumarkaðarins er alveg hárrétt. Þetta er bara hörmulegt.“

**ghs@frettabladid.is**



**STÝRIVEXTIR HÆKKA** Bankastjórar Seðlabankans tilkynntu hækkun stýrivaxta í gærmorgun. Framkvæmdastjóri ASÍ telur Seðlabankann bregðast harkalega gegn því samstarfi sem hafi náðst milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HARKALEG LENDING?** Búast má við harkalegri lendingu í efnahagsmálunum á næsta og þarnæsta ári, að mati ASÍ, en bankastjórar Seðlabankans eru ekki sammála því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BORGARAFUNDUR Í HALLGRÍMSKIRKJU** Fjölmennt var á fundinum í gær. Meðal viðstaddra voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti, Geir Haarde forsætisráðherra og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Nú segjum við stopp:

## Umferðarátak fer vel af stað

**UMFERÐARMÁL** Átaksverkefninu „Nú segjum við stopp“ var hleypt af stokkunum í gær og höfðu þúsundir Íslendinga skrifað undir hvatningaryfirlýsingu um að fara að lögum í umferðinni síðdegis í gær. Tilefni átaksins er fjöldi dauðaslysa í umferðinni á þessu ári en alls hafa 19 einstaklingar látið lífið eða jafn margir og allt árið í fyrra.

Átakið er samstarfsverkefni ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka sem láta sig umferðaröryggi varða. Haldnir voru sjö borgarafundir í gær um allt land þar sem umferðaröryggi var rætt. **- shá**

### SVÍÞJÓÐ

**Milljón heitið**

Einni milljón íslenskra króna hefur verið heitið til þess sem kemur með ábendingu sem leiðir til handtöku brennuvargsins, sem hefur kveikt í leikskólum og barnaheimilum í Svíþjóð upp á síðkastið.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrívegis ekið á hæðarslár**

Þrisvar var ekið á hæðarslár við gatnamót Suðurlands- og Vesturlandsvegar í fyrradag. Að sögn lögreglu hefur slíkt gerst ítrekað undanfarnar vikur og mánuði og vill hún brýna fyrir ökumönnum að hæðartakmark fyrir farm er 4,2 metrar.


**Opnum í dag**

**nýtt og glæsilegt apótek í Álftamýri, þar sem áður var Borgarapótek.**

**Líttu við í kaffi og kleinur og kynntu þér opnunartilboðin!**

Lyfjaval APÓTEK


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTAN MEST SUÐVESTAN OG VESTAN TIL Í DAG**

Þetta eru blautir dagar sem verið hafa upp á síðkastið og sér raunar ekki fyrir endann á. Hvert úrkomusvæðið rekur annað en á milli þeirra eru þokkalegustu uppstyttur. Það er úrkomusvæði að yfirgefa Suðaustur- og Austurland síðdegis í dag en vestan til á Suðurlandi og á Vesturlandi verður úrkomusamt í nær allan dag. Á Vestfjörðum færist úrkoman í aukana síðdegis .

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**

Sunnan strekkingur. Rigning eða skúrir. Hiti 10-13 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt.

*» sunnudagur*




Vaxandi norðaustanátt, einkum suðaustan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C heiðskírt | London | 19°C þurrt að kalla | Alicante | 22°C þurrt að kalla |
| Óðinsvé | 24°C heiðskírt | París | 25°C léttskýjað | Mallorca | 24°C rigning |
| Osló | 15°C alskýjað | Frankfurt | 24°C alskýjað | Algarve | 25°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C heiðskírt | Friedrichshafen | 20°C alskýjað | Krít | 27°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 18°C heiðskírt | Berlín | 26°C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Amerískir dagar
í Hagkaupum
Cheerios jógúrthúðað
- tvær bragðtegundir
Nýtt
í Hagkaupum
Eli´s ostakökur
- þessar verður þú að prófa!
Planters
- nú loksins aftur fáanlegt á Íslandi
Taco Bell
- sölsur og sósur
Chicago Town pizza stick
- spennandi nýjung, 10 stk. í pakka
Fylltir kleinuhringir
- með vanillukremi eða sultu
20% afsláttur við kassa
30% afsláttur við kassa
Starbuck´s kaffi
- í ótrúlegu úrvali
Betty Crocker
- einfalt, fljótlegt og gómsætt
Ekta BBQ kjúklingur
- heill kjúklingur í bitum
Gildir til 24. september eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú kosið Magna í þættinum Rock Star: Supernova?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

**ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR ÞURFT AÐ KLJÁST VIÐ SPILAFÍKN?**

Segðu skoðun þína á visir.is

Könnun um aðildarviðræður að ESB og upptöku evru:

# Hlynntari aðildarviðræðum

**EFNAHAGSMÁL** Landsmenn eru talsvert hlynntari viðræðum um aðild að Evrópusambandinu, ESB, og upptöku evru en verið hefur. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í ágúst.

Í könnuninni kemur fram að ríflega helmingur þeirra sem taka afstöðu er hlynntur aðildarviðræðum en fjórðungur andvígur. Mun fleiri eru hlynntir aðildinni en andvígir, fjörutíu og sex prósent á móti tæpum þriðjungi.

Meirihluti svarenda, eða 47 prósent, er hlynntur því að taka upp evru meðan um fjörutíu prósent eru á móti því og rúmlega helmingur svarenda telur aðild að ESB hagstæða fyrir eigin lífskjör en tæpur þriðjungur telur hana óhagstæða.



**ESB-AÐILD OG EVRA** Landsmenn eru hlynntari viðræðum um aðild að ESB og upptöku evru nú en áður.

Um fimmtíu og fimm prósent svarenda telja aðild að ESB hagstæða fyrir efnahag Íslands í heild meðan 31 prósent telur hana óhagstæða.

Úr könnuninni mátti einnig lesa að unga fólkið er jákvæðara til ESB og aðildarviðræðna en það eldra. Þegar spurt er um evru eru karlar jákvæðari til upptöku hennar en konur. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru jákvæðari í garð ESB en þeir sem búa úti á landi. **- ghs**

Bílvelta í Reyðarfirði:

# Missti stjórn á bíl í lausamöl

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega tvítugur ökumaður missti stjórn á jeppa á Norðfjarðarvegi við álverið í Reyðarfirði um í fyrradag, með þeim afleiðingum að jeppinn valt. Að sögn lögreglu missti ökumaður stjórn á jeppanum í lausamöl, en lögregla telur að ekið hafi verið of hratt miðað við aðstæður.

Þrír farþegar voru í bílnum auk ökumanns og sluppu allir án teljandi meiðsla, hlutu skrámur og mar og þakkar lögregla bílbeltum að ekki fór verr. Fólkið var flutt til aðhlynningar á heilsugæsluna á Eskifirði.

Jeppinn er talinn ónýtur eftir veltuna. **- æþe**




# Byssumaður sagðist vera „engill dauðans“

**Maðurinn sem réðist inn í framhaldsskóla í Montreal í Kanada og skaut á hóp nemenda hélt úti vefsíðu þar sem hann sagðist vera „engill dauðans“. Ein kona er látin, sex liggja illa haldnir á gjörgæslu og þrettán aðrir eru slasaðir.**

**KANADA, AP** Maðurinn sem réðst inn í Dawson framhaldsskólann í Montreal á miðvikudag og skaut á hóp nemenda með þeim afleiðingum að 19 særðust og ein kona lést, hélt úti bloggsíðu á vefsíðunni www.vampirefreaks.com, þar sem hann lýsti sjálfum sér sem „engli dauðans“.

Kimveer Gill, 25 ára Kanadamaður, birti fjölda mynda af sjálfum sér á bloggsíðunni þar sem hann sést halda á hálfsjálfvirkum riffli og stórum hníf. Eins kom fram að uppáhaldstölvuleikur hans var byggður á skotárás í bandarískum skóla árið 1999, þar sem tveir nemendur myrtu 13 áður en þeir frömdu sjálfsmorð.

„Lífið er eins og tölvuleikur, maður verður einhvern tímann að deyja,“ stóð í bloggi Gills.

Stúlkan sem Gill myrti var 18 ára gömul og frá Montreal. Sex manns liggja alvarlega slasaðir á gjörgæslu, þar af eru tveir í lífshættu. Fimm til viðbótar eru illa særðir en á batavegi og átta aðrir slösuðust minna, kom fram í máli Sheilu Moore, talskonu Montrealsjúkrahússins. Fórnarlömbin eru á aldrinum 17 til 48 ára.

Lögreglan í Montreal segir að hvorki hafi verið um hryðjuverk né kynþáttafordómabundinn glæp að ræða, því Gill skaut tilviljanakennt í kringum sig.

Gill, íklæddur svörtum frakka og hermannaklossum, kom aðvífandi um hádegisbilið á svörtum Pontiac Sunfire, steig út úr bílnum og sótti riffil í skottið, en auk þess var hann með tvö önnur vopn á sér, að sögn lögreglu. Hann hóf skothríðina úti en gekk síðan inn í matsal skólans, þar sem hann hélt áfram að skjóta á fólk. Mikill ótti greip um sig meðal nemenda og starfsmanna skólans, og flúði fólk unnvörpum eða faldi sig í skólastofum.

Lögregla var mætt á svæðið um þremur mínútum eftir að Gill hóf skothríðina, því lögregluþjónar voru staddir í skólanum vegna ótengdrar eiturlyfjarannsóknar. Skömmu síðar lést Gill, en enn er verið að rannsaka hvort hann hafi orðið sjálfum sér að bana eða hvort lögregla hafi skotið hann. Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, kallaði árásina „heigulsverk og tilgangslaust ofbeldi“.

Montreal-búar eru harmi slegnir eftir atburðinn, enda lifir önnur skotárás í skóla í Montreal enn sterkt í minningu Kanadamanna, þegar Marc Lepine réðist inn í Ecole Polytechnic árið 1989 og myrti 14 konur áður en hann framdi sjálfsmorð. Sá atburður, sem enn er minnst árlega í kanadískum háskólum, varð til þess að kanadíska þingið herti lög um byssuhald til muna. **smk@frettabladid.is**




**FLAGGAÐ Í HÁLFA STÖNG** Kanadamenn eru harmi slegnir vegna skotárásar í Dawson framhaldsskólanum í Montreal á miðvikudag. Ein stúlka lést og 19 særðust í árásinni. Árásarmaðurinn lést einnig eftir skotsárs, en verið er að rannsaka hvort hann framdi sjálfsmorð eða hvort lögregla hafi skotið hann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KIMVEER GILL** Ein myndanna á bloggsíðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík býður upp á námsbrautir í matstækni

MATSTÆKNI er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði **eignamats, svo sem tjónamats fasteigna, fasteignamats vegna viðhalds, lánshæfismats vegna fasteignaviðskipta**, o.fl.

Grunnnámskeið hefjast 25. september.
Umsóknarfrestur er til 21. september.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Borgþórsson, gudmb@ru.is og í síma 599-6444.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á slóðinni www.hr.is/matstaekni

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Þingnefnd fundar um málefni útlendinga í kjölfar kennitölumálsins á Ísafirði:

# Stjórnvöld marki skýra stefnu

**STJÓRNSÝSLA** „Íslensk stjórnvöld þurfa að marka sér skýrari stefnu í heild sinni í málefnum útlendinga,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis. Nefndin hélt fund í gær um mál erlendra barna án kennitölu í grunnskólum. Á fundinum voru einnig fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.

Að sögn Sigurðar Kára var farið var yfir þetta tiltekna mál og almennt um upplýsingagjöf til útlendinga. „Rætt var um hvernig má koma upplýsingum til útlendinga sem hingað koma að þeir þurfi að útvega sér tilskilin leyfi til að öðlast þann rétt sem þeim ber gagnvart til dæmis skólagöngu barna, heilbrigðiskerfi og almannatryggingum.“

Sigurður Kári segir að stefnumótunarvinna yrði samstarfsverkefni milli ríkis, ríkisstofnana, vinnuveitenda og sveitarfélaga. Og þar sem flestir málaflokkar sem varða útlendingaréttindi snúi að ríkinu bendi rök til þess að frumkvæðið ætti að koma þaðan.

Björgvin G. Sigurðsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, segir að Samfylkingin muni leggja formlega til að skipaður verði sérstakur starfshópur sem útfærir sérákvæði í grunnskólalög til að fyrirbyggja að sú staða komi upp að börn fái ekki skólavist. „Hugmyndin er að ef svona kerfisvandi skapist verði hægt að skjóta því beint til menntamálaráðuneytis til úrlausnar svo að það bitni ekki á börnunum.“ **- sdg**




BARNAAFSLÁTTUR VILDARKLÚBBSINS GILDIR Í ÞESSU TILBOÐI.

Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2.000 kr. þjónustugjald.
Einnig er hægt að bóka í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.

Bókunartímabil er til 2. október.

+ Nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is

ICELANDAIR Vildarklúbbur

* Flugvallarskattar eru ekki innifaldir.
Baltimore: 13.870 kr. Stokkhólmur: 8.230 kr. Osló: 7.800 kr. Útreikningur á skatti er háður gengi.




Tveir Litháar sitja áfram í gæsluvarðhaldi:

# Földu sjö kíló af amfetamíni

**DÓMSMÁL** Tveir Litháar sitja nú í gæsluvarðhaldi eftir að þeir reyndu að smygla tæplega sjö kílóum af amfetamíni í tveimur bifreiðum sem komu með Norrænu til landsins. Mönnunum hefur verið gert að sitja í gæsluvarðhaldi til föstudagsins 29. september.

Annar mannanna er búsettur hér. Bifreiðin sem hann hafði falið hluta efnanna í er með íslenskt skráningarnúmer. Hinn maðurinn er búsettur erlendis.

Það var 31. ágúst sem sem mennirnir óku bílunum úr ferjunni og að grænu tollhliði. Við leit í bílunum fundust 26 pakkningar sem höfðu að geyma umrætt magn af amfetamíni. Efnin höfðu verið falin víða, bæði bak við mælaborðið, í hvalbak, ofan á gírkassa og undir teppum í hólfum, sem skorin höfðu verið í einangrun bifreiðarinnar.




**NORRÆNA** Maðurinn er grunaður um að hafa falið sjö kíló af amfetamíni í bíl sínum.

Sá mannanna sem var á bíl með íslensku skráningarnúmeri tók hann með sér frá landinu með Norrænu fyrr í ágústmánuði. Leiðin lá til Danmerkur og þaðan til Litháen. Maðurinn bar að hann hefði dvalið í síðarnefnda landinu þar til hann kom aftur hingað til lands. Hann neitar að hafa vitað um amfetamínið í bílunum, en lögregla telur þá frásögn afar ótrúverðuga, ekki síst með tilliti til þess hve nostursamlega efnunum var komið fyrir, sem hefði tekið tíma og hefði ekki getað farið fram hjá eigandanum. **- jss**

Aðaldómarinn í máli Saddams Hussein vekur upp reiði:

# Sagði Saddam Hussein ekki hafa verið einræðisherra

**BAGDAD, AP** Abdullah Al-Amiri, aðaldómari í máli Saddams Husseins í Írak, vakti reiði Kúrda í gær. Þeir kröfðust þess að dómarinn yrði látinn víkja vegna vinsamlegra ummæla hans í garð Saddams, en áður hefur Saddam sakað þennan sama dómara um hlutdrægni.

Orðaskipti Saddams og dómarans urðu í framhaldi af vitnisburði 57 ára kúrdnesks bónda sem sagði að Saddam hefði af þjósti sagt sér að „halda kjafti“ þegar hann fór á fund Saddams til að biðja um að níu ættingjar sínir yrðu látnir lausir.

„Hvers vegna fór hann að hitta Saddam Hussein ef Saddam Hussein var einræðisherra og á móti Kúrdum?“ spurði Saddam Hussein.

Dómarinn svaraði þá: „Þú ert ekki einræðisherra. Þú varst ekki einræðisherra. Á hinn bóginn gerði fólkið eða einstaklingarnir og embættismennirnir einræðisherra úr þér. Það varst ekki þú sérstaklega. Þetta gerist um heim allan.“

„Þakka þér fyrir,“ sagði Saddam þá, og hneigði höfuð sitt í virðingarskyni.

Saddam situr fyrir rétti ásamt sex öðrum sakborningum. Þeir eru ákærðir fyrir þjóðarmorð á Kúrdum fyrir nærri tveimur áratugum. **- gb**



**ABDULLAH AL-AMIRI AÐALDÓMARI** Saddam Hussein og stuðningsmenn hans hafa yfirleitt sakað dómarann um hlutdrægni, en eru sýnu ánægðari með nýjustu ummæli dómarans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Svakalega góðar gellur!

# Fiskirí helgina 15.-17. september

Velkomin á sjávarréttahátíðina **Fiskirí**
á eftirtöldum veitingastöðum um land allt.
Komið og njótið gómsætra fisk- og sjávarrétta
í stórkostlegri sjávarfangsveislu.

Ekki missa af **frábæru Fiskiríi!**

**Reykjanes**
**Bláa lónið**
**Kaffi Duus** · Duusgötu 10 · Reykjanesbær
**Northern Light Inn** · Bláalónsvegi · Grindavík
**Salthúsið** · Stampshólsvegi 2 · Grindavík
**Veitingahúsið Brim** · Hafnargötu 9 · Grindavík
**Vitinn** · Hafnargötu 4 · Sandgerði

**Höfuðborgarsvæðið**
**101 hotel** · Hverfisgötu 8-10 · Reykjavík
**A. Hansen** · Vesturgötu 4 · Hafnafirði
**Apótek Bar&Grill** · Austurstræti 16 · Reykjavík
**Argentína steikhús** · Barónsstíg 11a · Reykjavík
**Askur** · Suðurlandsbraut 2 · Reykjavík
**Austur Indíafélagið** · Hverfisgata 56 · Reykjavík
**Café Aroma** · Fjarðargötu 13-15 · Hafnarfirði
**Café Victor** · Hafnarstræti 1-3 · Reykjavík
**Carpe Diem** · Rauðarárstíg 18 · Reykjavík
**Caruso** · Þingholtsstræti 1 · Reykjavík
**Einar Ben** · Veltusundi 1 · Reykjavík
**Enrico's** · Laugavegi 3 · Reykjavík
**Fjalakötturinn** · Aðalstræti 16 · Reykjavík
**Veitingahúsið Galbí** · Barónsstíg 2-4 · Reykjavík
**Galileo** · Hafnarstræti 1-3 · Reykjavík
**Gallerý Fiskur** · Nethyl 2 · Reykjavík
**Grand Hótel Reykjavík** · Sigtúni 38 · Reykjavík
**Grillhúsið** · Tryggvagötu 20 · Reykjavík
**Hereford steikhús** · Laugavegi 53b · Reykjavík
**Hótel Holt** · Bergstaðastræti · Reykjavík
**Hressingarskálinn** · Austurstræti 20 · Reykjavík
**Humarhúsið** · Amtmannsstíg 1 · Reykjavík
**Kaffi Reykjavík** · Vesturgötu 2 · Reykjavík
**La Primavera** · Austurstræti 9 · Reykjavík
**Lauga-ás** · Laugarásvegi 1 · Reykjavík
**Lækjarbrekka** · Bankastræti 2 · Reykjavík
**Madonna** · Rauðarárstíg 27-29 · Reykjavík
**Perlan** · Öskjuhlíð · Reykjavík
**Potturinn og pannan** · Brautarholt 22 · Reykjavík
**Rauðará** · Rauðarárstíg 37 · Reykjavík
**Red Chili** · Pósthússtræti 13 · Reykjavík
**Rossopommodoro** · Laugarvegur 40a · Reykjavík
**Salt** · Pósthússtræti 2 · Reykjavík
**Skólabrú** · Skólabrú 1 · Reykjavík
**Thorvaldsen** · Austurstræti 8 · Reykjavík
**Tveir fiskar** · Geirsgötu 9 · Reykjavík
**Við Tjörnina** · Templarasundi 3 · Reykjavík
**Vín og skel** · Laugavegi 55 · Reykjavík
**Vox** · Suðurlandsbraut 2 · Reykjavík
**Þrír Frakkar hjá Úlfari** · Baldursgötu 14 · Reykjavík

**Vesturland**
**Fimm Fiskar** · Frúarstíg 1 ·Stykkishólmi
**Hótel Búðir** · Búðum · Snæfellsnesi
**Hótel Glymur** · Hvalfirði
**Hótel Hamar** · Hamravík 2 · Borgarnesi
**Narfeyrarstofa** · Aðalgötu 3 · Stykkishólmi
**Hótel Framnes** · Nesvegi 8 · Grundarfirði

**Vestfirðir**
**Faktorshúsið** · í Hæstakaupstað · Ísafirði
**Fernandos** · Austurvegi 1 · Ísafirði
**Þorpið** · Aðalstræti 73 · Patreksfirði

**Norðurland**
**Bautinn** · Hafnarstræti 92 · Akureyri
**Brimnes hótel** · Bylgjubyggð 2 · Ólafsfirði
**Friðrik V** · Strandgötu 7 · Akureyri
**Halastjarna** · Á Hálsi í Öxnadal · Akureyri
**Hótel Varmahlíð** · Varmahlíð · Skagafirði
**Kaffi Krókur** · Aðalgötu 16 · Sauðárkróki
**La Vita e'Bella** · Hafnarstræti 92 · Akureyri
**Myllan í Hótel Reynihlíð** · Mývatnssveit
**Pizza 67** · Aðalgötu 32 · Siglufirði
**Salka** · Garðarsbraut 6 · Húsavík
**Strikið** · Skipagötu 14 · Akureyri
**Við Árbakkann** · Húnabraut · Blönduósi

**Austurland**
**Café Nielsen** · Tjarnarbraut 1 · Egilsstöðum
**Hótel Hérað** · Miðvangi 5-7 · Egilsstöðum
**Hótel Höfn** · Víkurbraut 20 · Höfn
**Sumarlína** · Búðavegi 59 · Fáskrúðsfirði

**Suðurland**
**Café María** · Skólavegi 1 · Vestmannaeyjum
**Fjólan veitingahús** · Vestmannabraut 28 · Vestmannaeyjum
**Hafið bláa** · Óseyri við ósa Ölfusár
**Hótel Geysir** · Haukadal
**Hótel Klaustur** · Kirkjubæjarklaustri
**Hótel Valhöll** · Þingvöllum
**Kristján X** · Þrúðvangi 34 · Hellu
**Rauða húsið** · Búðarstíg 4 · Eyrarbakka
**Við Fjöruborðið** · Eyjabraut 3a · Stokkseyri

GLITNIR · Fiskisaga · VISA · practical · Marel · HB GRANDI · SAMSKIP

fiskirí
www.fiskiri.is

FORSTOFAN 2006 / Mynd: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir



**FLÓÐHESTAMÓÐIR** Flóðhestamóðirin fylgist stolt með afkvæmi sínu sem kom í heiminn 1. september í dýragarði í Kalkútta á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdir við niðurrif Faxaskálans eru komnar á fullt skrið:

# Skálinn horfinn eftir tvær vikur

**FRAMKVÆMDIR** Eins og glöggir vegfarendur í Reykjavík hafa tekið eftir eru framkvæmdir við niðurrif Faxaskálans í Reykjavíkurhöfn vel á veg komnar.

„Það gengur bara vel. Verktakinn fékk skálann úthlutaðan 1. ágúst síðastliðinn og var þá byrjað að tæma allt innan úr honum. Svo var byrjað á fimmtudaginn að rífa steinsteypuna," segir Stefán Hermannsson hjá Austurhöfn sem hefur yfirumsjón með framkvæmdunum.

Stefán gerir ráð fyrir Faxaskáli muni hverfa sjónum manna á næstu tveimur vikum en öll vinna við niðurrifið muni taka um sex til átta vikur.

„Samhliða þessum framkvæmdum er verið að fylla í hluta hafnarinnar sem er kölluð Austurbugt því lóðin undir tónlistarhúsið nær aðeins út í höfnina á því svæði. Það er mikilvægt að vinnunni við fyllinguna ljúki á tilsettum tíma því að uppfyllingin þarf að vera orðin þurr áður en eitthvað er hægt að aðhafast þar," segir Stefán.

Hann segir að um tíu verkfræðingar og arkitektar vinni nú að verkfræðilegri hönnun hússins.

„Tillöguteikningin var bara lítill mælikvarði á hvernig húsið á að líta út. Núna er verið að vinna að tæknilegum útfærslum, hvernig rafmagns- og loftræstikerfið eigi að vera útbúið og svo framvegis."

Byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins á að ljúka seint á árinu 2009 eða í byrjun árs 2010 að sögn Stefáns. Kostnaður við bygginguna þess er í kringum tólf milljarða króna. - æþe



**FAXASKÁLI RIFINN** Svo að tónlistar- og ráðstefnuhús megi rísa við Reykjavíkurhöfn var Faxaskálanum fórnað. Hann hverfur sjónum manna eftir hálfan mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Öryrkjabandalagið:

## Fyrirspurnir ítrekaðar

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Öryrkjabandalag Íslands, ÖBÍ, er þessa dagana að ítreka bréf sem send voru fjórtán lífeyrissjóðum til að spyrjast fyrir um skerðingar á lífeyrisgreiðslum öryrkja og taka á móti svörum frá lífeyrissjóðunum. Sigursteinn Másson formaður segir að svörin séu stöðluð og ekki unnið í því að svara hverjum og einum.

„Það er alltaf látið í það skína að undirliggjandi ástæða sé hin svonefnda örorkubinding sjóðanna. Menn þurfa því að styrkja sjóðina í stað þess að fara með þessum hætti gegn þeim sem lægstu kjörin hafa í þjóðfélaginu," segir hann. - ghs

Menjar undir Vatíkaninu:

## Fornar grafir opnar öllum

**VATÍKANIÐ, AP** Fornleifafræðingar Vatíkansins munu opna fornar grafhvelfingar í næsta mánuði, en þær fundust þegar grafið var fyrir bílastæði.

Í grafhvelfingunum fundust steinkistur, mósaíkgólf, freskur og áletranir frá tíma Ágústusar keisara og til valdatíma Konstantínusar, sem ríkti til ársins 337.

Boðið verður upp á leiðsögn um grafhvelfingarnar í tilefni af 500 ára ártíð safna Vatíkansins. - kóþ

# Lofa viðskiptum gegn kosningastyrk

**Þess eru dæmi að nemendur í framhaldsskólum biðji banka og fyrirtæki um styrki til kosningabaráttu um trúnaðarstörf. Í staðinn veita þeir vilyrði fyrir viðskiptum nemendafélags við þá sem styrkina veita, en þeir geta verið allháir.**

**FJÁRMÁL** Þess eru dæmi, að nemendur í framhaldsskólum sem hyggjast bjóða sig fram til forystustarfa fyrir nemendafélög biðji banka og fyrirtæki um fjárstyrki til baráttunnar. Í staðinn verði þeir sem styrkina veita látnir sitja fyrir um viðskipti við viðkomandi nemendafélög.

„Í Verslunarskólanum, og flestum öðrum skólum að ég tel, leita menn eftir styrkjum í kosningabaráttunni," segir Vilmundur Sveinsson, formaður nemendafélagsins í Verslunarskóla Íslands. „Það hefur verið leitað til banka sem og annarra fyrirtækja. Það er gífurlegur kostnaður sem menn eru að taka á sig í þessu. Það hefur bæði verið leitað eftir styrkjum í peningum og vörum. Ef um er að ræða matvörufyrirtæki þá hafa frambjóðendur leitað eftir matvöru til að gefa nemendum til að auka fylgið. Svo þarf maður eitthvað af peningastyrkjum til að geta staðið fyrir prentkostnaði og öðru þess háttar."

Spurður hvaða upphæðir væri verið að tala um í kosningasjóð frambjóðanda sagði Vilmundur að dekka þyrfti prentunarkostnað eins og áður segir og jafnvel kaup á bolum. Það gæti hlaupið á einhverjum hundruðum þúsunda. Þetta kostaði sitt.



**KOSNINGASTYRKIR** Formaður nemendafélags Verzlunarskólans segir að leitað hafi verið til banka og fyrirtækja vegna styrkja. Stúlkan á myndinni er óviðkomandi fréttinni.

Spurður hvað bankar og fyrirtæki fengju í staðinn fyrir veittan styrk sagði Vilmundur að þau fengju vilyrði fyrir því að til þeirra yrði leitað fyrst um samstarf við nemendafélagið.

„Við erum með níu manns í stjórn, sem fengu styrki frá mismunandi fyrirtækjum í kosningabaráttunni. Síðan buðum við öllum bönkum það sama hvað varðaði samstarf við nemendafélagið. Svo unnu bankarnir út frá því sem við vildum fá frá þeim," segir Vilmundur sem kveðst ekki vilja gefa upp hve hár samstarfssamningurinn sé sem gerður var við Landsbankann.

Atli Þór Árnason, formaður nemendafélags Fjölbrautaskólans við Ármúla, segir lítið um styrki til kosningabaráttu og þeir séu án skuldbindinga.

Ásta María Harðardóttir, formaður nemendafélags Fjölbrautaskólans í Garðabæ, kveðst ekki þekkja þess dæmi að nemendur í framboði hafi leitað styrkja í kosningabaráttunni upp á loforð um viðskipti. jss@frettabladid.is



**SPRENGJA SPRENGD** Eitt hundrað og fjórtán sprengjur voru eyðilagðar við Eistlandsstrendur í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengingar í Eistlandi:

## Eyða gömlum sprengjum

**EISTLAND, AP** Evrópskir sjóherir fundu og eyðilögðu yfir hundrað sprengjur á strönd Eistlands í þessari viku, í átaki sem ætlað er að hreinsa strendur Eystrasaltsríkjanna af sprengjum sem varpað var í fyrri og seinni heimsstyrjöldunum.

Talið er að um 80.000 sprengjum hafi verið komið fyrir meðfram ströndum Eistlands, Lettlands, Litháens og Rússlands í heimstyrjöldunum.Skip frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Rússlandi tóku þátt í aðgerðinni. - smk

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is


verðlækkanir - verðlækkanir
kíktu í heimsókn
þúsparar 879kr/kg
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.319 kr/kg
Verð áður 2.198 kr/kg
BK lambalærissneiðar
þúsparar 820kr/kg
GOÐI
45%
afsláttur við kassa
Verð nú 999 kr/kg
Verð áður 1.819 kr/kg
Goða grísastrimlar
þúsparar 419kr/kg
GOÐI
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 979 kr/kg
Verð áður 1.398 kr/kg
Goða lambaofnsteik
þúsparar 247kr/kg
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 742 kr/kg
Verð áður 989 kr/kg
Reyktir ýsubitar roðlausir og beinlausir
þúsparar 125kr/pk
Úrvals rækja
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 374 kr/pk
Verð áður 989 kr/pk
Úrvals rækja 500.gr
ótrúlegt verð
nettó brauð
88 kr/pk
Nettó samlokubrauð
ektaítalskt pasta-3kg.
VALLE DEL SOLE
149 kr.pk.
Coop pasta fusilli
50%meira magn
Weetabix
+50%
199 kr.pk.
Weetabix
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
þúsparar 250kr/stk
HÁKARLA LÝSI
25%
afsláttur við kassa
Verð nú749 kr/stk
Verð áður 999 kr/stk
Hákarlalýsi - Perlur
ódýrt
Marshmallows
49 kr/pk
HY-TOP sykurpúðar
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 15. september til 17. september eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

Skólavörubúðin

NÁMSKEIÐ

**Húllsaumur**
Kennd verða undirstöðuatriði í húllsaumi á tveimur kvöldum
Dúkur
25. september og 2. október,
kl. 19.00-22.00
Kennari: Helga Jóna Þórunnardóttir
**Verð: 6.000 kr.**

**Harðangur**
Kennd verða undirstöðuatriði í harðangurssaumi á tveimur kvöldum
Dúkur
26. september og 3. október,
kl. 19.00-22.00
Kennari: Helga Jóna Þórunnardóttir
**Verð: 6.000 kr.**

**Þrykk og útsaumur**
Kennd verða undirstöðuatriði í þrykki og útsaumi
Sængurverasett
5. október og 12. október,
kl. 19.00-22.00
Kennari: Helga Jóna Þórunnardóttir
**Verð: 6.000 kr.**

**Bucilla filtsaumur**
Kenndur verður Bucilla filtsaumur
Frjálst val á stykki
10. október, kl. 19.00-22.00
Kennari: Ásta S. Guðmundsdóttir
**Verð: 3.000 kr.**

**Bucilla filtsaumur**
Kenndur verður Bucilla filtsaumur
Frjálst val á stykki
17. október, kl. 19.00-22.00
Kennari: Ásta S. Guðmundsdóttir
**Verð: 3.000 kr.**

Efni ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.
Skráning fer fram í síma 564 3232
eða í Skólavörubúðinni.

Oddi hönnun_ VOB8662

Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 564 3232 • Fax 585 0508
www.skola.is

Valeri Plame, fyrrverandi starfsmaður CIA:

# Kærir Armitage fyrir leka til fjölmiðla

**BANDARÍKIN** Valerie Plame, fyrrverandi starfsmaður leyniþjónustunnar CIA, hefur ásamt eiginmanni sínum, Joseph Wilson fyrrverandi sendiherra, kært Richard Armitage, fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, fyrir að hafa fyrstur lekið því til fjölmiðla að Plame væri njósnari.

Armitage viðurkenndi í síðustu viku að hafa fyrstur lekið þessu, en í sumar kærðu þau Plame og Wilson bæði Dick Cheney varaforseta, Karl Rove, fyrrverandi starfsmannastjóra Hvíta hússins, og I. Lewis Libby, fyrrverandi aðstoðarmann varaforsetans, fyrir þeirra þátt í lekanum. **- gb**



**RICHARD ARMITAGE** Fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Árekstur í Grundarfirði:

# Skólasystur skullu saman

**LÖGREGLUMÁL** Tvær sautján ára stúlkur urðu fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu í gær að bílar þeirra rákust saman á Grundargötu í Grundarfirði. Að sögn varðstjóra lögreglunnar var áreksturinn harður og tildrögin sú að önnur stúlknanna virti ekki biðskyldu og ók í veg fyrir hina. Þær hlutu báðar minni háttar meiðsli og voru fluttar á heilsugæsluna þar sem gert var að sárum þeirra.

Stúlkurnar voru á leið í skóla þegar óhappið varð. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir ef ekki ónýtir eftir áreksturinn. **- æþe**

Liðssöfnun NATO fyrir herliðið í Afganistan:

# Minnst 900 Pólverjar í stríðið

**VARSJÁ, AP** Varnarmálaráðherra Póllands tilkynnti í gær að minnst 900 pólskir hermenn yrðu sendir til Afganistans til að létta undir með núverandi liðsafla NATO þar.

Ekki verður þó um eiginlegan liðsauka að ræða, því hermennirnir pólsku koma til með að leysa af aðra hermenn, sem fara á aðrar slóðir. Yfirmenn NATO segja að enn sé því brýn þörf fyrir fleiri hermenn frá aðildarríkjum bandalagsins, en bardagar síharðna í landinu og er talið vanta um 2.500 hermenn í slaginn.

Um eitt hundrað Pólverjar eru nú þegar í Afganistan og hafði lengi staðið til að fjölga þeim. Pólverjar taka einnig þátt í Íraksstríðinu og rætt er um að kostnaður við hlutdeild þeirra í stríðum í Mið-Austurlöndum kunni að vera fullmikill fyrir ríkið. Hann eykst enn við það að því hefur verið flýtt um nokkra mánuði að Pólverjar fjölgi í herliðinu, en óstaðfestar heimildir innan NATO herma að pólskir ráðamenn hafi leitað til bandalagsins eftir fjárhagsaðstoð.

Á miðvikudaginn var sóst eftir auknu herliði til Afganistans frá öðrum aðildarríkjum NATO, en án árangurs. **- kóþ**



**HERFERÐ NATO Í AFGANISTAN** Hér sjást bandarískir hermenn berjast við afganska uppreisnarmenn í sumar sem leið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES






- Glæsilegasta funda- og ráðstefnuaðstaða landsins
- Frábær tækjakostur
- 11 fundasalir
- Líkamsrækt, heitir pottar og gufa
- Heilsulind; nudd- og snyrtistofa
- Veitingastaður í sérflokki, VOX

FRAMÚRSKARANDI Á ÖLLUM SVIÐUM

Á Nordica hotel stendur þér til boða fyrirtaks aðstaða, hvort sem þú vilt halda fund, ráðstefnu eða veislu, eða bara njóta lífsins í hjarta Reykjavíkur. Við bjóðum rúmgóða og glæsilega sali, auk þess sem þér gefst kostur á að slappa af í Nordica Spa, eða njóta himneskra veitinga á VOX Restaurant, VOX Bistro og VOX Bar.

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

Nordica hotel, beinn sími : 444 5000 S: 444 4040 fundir@icehotels.is

Nordica I Loftleiðir I Flughótel I Hamar I Flúðir I Rangá I Klaustur I Hérað www.icehotels.is

# Loksins komin í hús!



    

## *Svefnherbergishúsgögn*

*sem gera*
*hvert svefnherbergi*
*að hlýlegum draumastað*

**Full búð af frábærum heilsukoddum, rúmteppum, sængurverum, sængum, yfirdýnum, hlífðardýnum og lökum á allar stærðir ameriskra rúma.**

Höfum loksins fengið mikið úrval af fallegum og vönduðum svefnherbergishúsgögnum á góðu verði. Rúm, rúmgaflar, náttborð, kommóður og skenkar í miklu úrvali ásamt barnarúmum og rekkjum.

COMFORT solutions®



## Comfort solutions by King Koil

- Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytenda-samtök í Bandaríkjunum.

Rekkjan Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is



**KÍNVERSKIR GÍRAFFAR** Þessir gíraffar eru í dýragarði í Kína og sendi kínverska fréttastofan Xinhua frá sér þessa mynd fyrr í vikunni í tilefni þess að yngsti meðlimur fjölskyldunnar, gíraffinn Ping An, var orðinn mánaðargamall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vöruskiptajöfnuður neikvæður um 11,3 milljarða í ágúst:

# Innflutningur dregst saman

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuður Íslendinga var neikvæður um 11,3 milljarða króna í ágúst. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins. Innflutningur virðist vera að dragast saman frá því sem verið hefur.

Útflutningsvirði var 16,6 milljarðar en innflutningurinn nam 28,3 milljörðum króna. Þetta er mikil breyting frá því í júlí þegar vöruskiptahallinn var óvenju mikill.

Innflutningur á vörum vegna framkvæmda dróst saman um þriðjung milli mánaða. Þessi innflutningur hefur að jafnaði verið ríflega fjórðungur alls innflutnings síðustu misseri.

Innflutningur á bílum dróst nokkuð saman en hann hefur dregist saman um tæpan þriðjung á ársgrundvelli. Eldsneytisinnflutningur dróst talsvert saman.

Innflutningsverðmæti varanlegra neysluvara, til dæmis heimilistækja, minnkaði lítillega en nokkur aukning er í hálfvaranlegum neysluvörum, til dæmis fatnaði. Innflutningur á rekstrar- og hrávörum, til dæmis sementi, er hins vegar á fullri ferð og hefur aukist milli mánaða.

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri hjá fjármálaráðuneytinu, segir að þessi þróun sé í samræmi við það sem búist hafi verið við og telur að hún aukist á næstunni. - ghs



**VÖRUSKIPTAJÖFNUÐUR** Innflutningur á bílum hefur dregist nokkuð saman.

Bæjarstjórinn í Bolungarvík:

# Fær bónus fyrir fjölgun íbúa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** **Nýráðinn bæjarstjóri Bolungarvíkur, Grímur Atlason, fær bónus fjölgi íbúum staðarins á kjörtímabilinu. Grímur hefur dágóðan tíma til að ná takmarkinu en fari svo að íbúar Bolungarvíkur verði fleiri en 960 í desember á síðasta ári kjörtímabilsins fær hann bónus sem nemur einum mánaðarlaunum, eða um 600 þúsund krónur.**

**Grímur getur síðan unnið sér inn aukabónus ef bæjarbúar verða orðnir 985 á þessum tíma og enn meiri bónus ef þeir verða 1.010 talsins. Íbúatala Bolungarvíkur var 907 íbúar 1. júlí síðastliðinn. - hs**



JAKOB HRAFNSSON



STEFÁN BOGI SVEINSSON

Ungir framsóknarmenn:

# Tveir vilja formannsstólinn

**STJÓRNMÁL** Jakob Hrafnsson og Stefán Bogi Sveinsson sækjast eftir formennsku í Sambandi ungra framsóknarmanna en sambandsþing þess fer fram í húsakynnum Framsóknarflokksins við Hverfisgötu í Reykjavík um helgina. Jakob er núverandi formaður sambandsins.

Ráðherrar Framsóknarflokksins munu sitja fyrir svörum fundarmanna í fyrramálið en afgreiðsla ályktana og kosningar til stjórnar fara fram á sunnudag. - bþs

Viðhorf sænskra starfsmanna til heilsugæslu kannað:

# Meiri starfsánægja í einkarekstri

**HEILSUGÆSLA** Starfsfólk einkarekinna heilsugæslustöðva er ánægðara í starfi en starfsfólk á ríkisreknum heilsugæslustöðvum og jafnframt stoltara af starfi sínu samkvæmt nýrri sænskri viðhorfsrannsókn sem sagt er frá á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins.

Sænsku samtök atvinnulífsins, SN, létu vinna rannsóknina og benda þau á að heilbrigð samkeppni leiði til betri heilbrigðisþjónustu.

Í rannsókninni kemur fram að rúmur helmingur starfsfólks á einkareknum heilsugæslustöðvum segir vinnuumhverfi gott og álag hæfilegt en rúmur helmingur starfsmanna hjá hinu opinbera segir álag vera of mikið. Jafnframt kemur fram að starfsfólk einkarekinna heilsugæslustöðva hefur meiri áhrif á starfsumhverfi sitt og frumkvæði þeirra nýtist betur.

Í Svíþjóð keppa bæði opinberir aðilar og einkaaðilar um gerð þjónustusamninga við heilbrigðisyfirvöld. Í skýrslu Samtaka atvinnulífsins sem kom út í sumar, Heilbrigður einkarekstur, kemur fram að 50 af 120 heilsugæslum í Stokkhólmi voru reknar af einkaaðilum árið 2002 með samtals helming veltunnar í heilsugæslu. Þá var tæpur þriðjungur veltu allrar heilbrigðisþjónustu í höndum einkaaðila. - sdg



**HERSTÖÐIN Á MIÐNESHEIÐI** Enn liggur ekkert fyrir um hvort búnaður sem fylgist með óþekktum flugvélum verður áfram hér á landi.

# Stjórnvöld marki stefnu

**Eftirlit með óþekktum flugvélum er öryggismál og því getur Flugmálastjórn ekki sinnt því hlutverki. Flugmálastjóri segir málið á misskilningi byggt.**

**LOFTHELGIN** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins getur Flugmálastjórn ekki tekið við öllu því hlutverki sem Bandaríkjamenn sinntu við eftirlit með óþekktum flugvélum í lofthelgi Íslands vegna þess að NATO myndi aldrei samþykkja slíka tilhögun. Eftir að Bandaríkjaher lokaði stjórnstöð sem vann úr upplýsingum frá frumratsjám í vor geta flugvélar nú flogið um íslenska lofthelgi án þess að sjást. Heimildir Fréttablaðsins herma að ýmsir innan stjórnsýslunnar hafi miklar áhyggjur af þessari stöðu mála. Þær segja að það skorti sýn á hvernig bregðast eigi við þessum breytingum og að stjórnvöld þurfi að fara í stefnumörkunarumræðu um hvernig eigi að gæta og starfrækja öryggissvæði Keflavíkur. Það sé ekki tækt að vera með sýnilegar varnir og hernaðarviðveru á landinu einn daginn en vakta ekki einu sinni alla flugumferð með trúverðugum aðila sem NATO samþykkir þann næsta.

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri segir að slíkur málatilbúnaður sé á misskilningi byggður. „Ég hef ekki verið að tala um að við gætum tekið við allri þeirri starfsemi sem hefur farið fram í stjórnstöðinni. En við getum hins vegar unnið úr merkjum frumratsjáa til að geta fylgst með vélum sem senda ekki auðkenni sitt með ratsjám. Það er ekkert óalgengt erlendis að flugstjórnarmiðstöðvar séu að vinna úr slíkum merkjum þó að við höfum ekki haft þörf fyrir það til þessa.“ Hann bætir við að hlutverk Flugmálastofnunar sé fyrst og fremst að sjá til þess að flugumferðin gangi örugglega fyrir sig og því þurfi hún að vita af öllum flugvélum sem eru í loftrýminu.

Samkvæmt Ólafi Erni Haraldssyni, forstjóra Ratsjárstofnunar Íslands, er allur búnaður til þess að sinna eftirlitinu nú þegar til staðar. Sá búnaður er að hans sögn í eigu NATO og var skilinn eftir í höndum Íslendinga þegar varnarliðið lokaði stjórnstöð sinni.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, segir að það sé ekki komið á hreint hvort búnaðurinn sem notaður er til eftirlitsins verði áfram hér á landi. Hann segir þó að farið sé að huga að því hvaða stofnun muni taka við þessu eftirlitshlutverki en ótímabært sé að tjá sig um málið nú vegna þess að varnarviðræðurnar standi enn yfir. „Sendinefndin er úti núna að funda um varnarmálin og það er mest að frétta þegar þeim viðræðum er að fullu lokið. Þó að margt hafi verið rætt í þessum efnum þá verður gengið frá öllum málum í lokin. Það verður ekki tekin ákvörðun um einn hluta núna.“ - þsj



HALLDÓR ÁRNASON



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON



ÞORGEIR PÁLSSON


Alzheimers greint í 100 ár

FAAS

Grand Hótel Reykjavík, Hvammur.
Sunnudaginn 17. sept. kl 13:00.

Hátíðardagskrá

| | |
|---|---|
| 13:00 | Hátíðarfundur settur. *María Th. Jónsdóttir* |
| 13:10 | Söngur |
| 13:30 | Alzheimers greint í 100 ár. *Jón Snædal, yfirlæknir minnismóttökunnar á Landakoti.* |
| 13:50 | Áhrif umhverfis á hegðun og líðan fólks með heilabilun. *Hrefna Brynja Gísladóttir, iðjuþjálfi.* |
| 14:10 | Gildi sérhæfðra dagþjálfana fyrir heilabilaða. *Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Margrét Theodórsdóttir, aðstandandi.* |
| 14:30 | Hátíðarkaffi. |
| 15:30 | Kammerkór Langholtskirkju *Stjórnandi Jón Stefánsson* |
| 15:45 | Alzheimerssjúklingur segir frá reynslu sinni. *Geirharður Þorsteinsson.* |
| 16:10 | A Carer´s Perspective – erindið verður túlkað. *Sérstakur gestur FAAS Barbara Pointon frá Bretlandi.* |
| 17:00 | Hátíðarslit. |

Fundarstjóri: Helgi Seljan.



Barbara Pointon verður heiðursgestur hátíðarinnar og flytur aðalerindi hennar.
Barbara og Malcolm maður hennar áttu bæði vaxandi frama við Cambridge háskóla þegar sjúkdómurinn lagðist á Malcolm 51 árs að aldri.
Í sumar veitti drottningin henni orðu fyrir baráttu hennar og 1999 var gerð sjónvarpsmyndin „Malcolm and Barbara: A Love Story“ um hana og mann hennar.

*Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.*

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma

www.alzheimer.is


ÞORGEIR PÁLSSON

# ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

# ÚRVAL ▶ GÆÐI ▶ VERÐ

## UNITED

**LTV27**




27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990

---

## AKAI

**LCA261**




**MEÐ DVD**

**Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG**

26" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, Digital Comb Filter og Noise Filter, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS og heyrnartólstengi, Digital Coax útgangi, VGA og DVI tengi (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ ▶ 129.990**

FRÁBÆRT VERÐ




## GRUNDIG

**LW825605**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður WXGA) og textavarpi.

**TILBOÐ ▶ 129.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




## enox.

**LTV6832HD**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 139.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990

---




## UNITED

**LTV37W60**

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990




## JVC

**LT32S60**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 169.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990




## JVC

**LT37S60**

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 6ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 199.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990

---

## ASUS

▶ **TRAUSTAR OG HRAÐVIRKAR**

### HÁGÆÐA FARTÖLVUR

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

**TASKA OG MÚS**
FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

- Intel Yonah Core Duo T2300 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Intel 945GM skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús




**ASUS**
A6F-AP009P

Windows XP PROFESSIONAL **FYLGIR**

**KYNNINGARVERÐ**

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI**

# VAXTALAUST!

**EÐA KR. 139.990 STAÐGREITT**

---

*Alltaf gæði og góð kaup!*
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

## „ORÐRÉTT“

### *Tískuheimurinn er kvenna*

**„Þeir fáu karlmenn sem lifa og hrærast í tískuheiminum eru yfirleitt hommar.“**

JÓN GNARR SKRIFAÐI BAKÞANKA Í FRÉTTABLAÐINU Í GÆR ÞAR SEM HANN TÓK UPP HÖNDINA FYRIR KYNBRÆÐUR SÍNA. ÞAR SEGIR HANN TÍSKUHEIMINN Í HÖNDUM KVENNA OG ÖRFÁRRA SAMKYNHNEIGÐRA KARLMANNA.

### *Mannréttindi ekki túlkunaratriði*

**„Hún (stjórn Orkuveitunnar) getur ekki hunsað tilmæli frá stjórnvöldum bara af því að hún er ekki sammála. Mannréttindi eru ekki túlkunaratriði.“**

SÓLEY TÓMASDÓTTIR, FULLTRÚI VG Í MANNRÉTTINDANEFND REYKJAVÍKUR, ER ÓSÁTT VIÐ UMMÆLI FORSTJÓRA ORKUVEITUNNAR SEM SEGIR NEFNDINA HAFA MISSKILIÐ NÝJU SJÓNVARPSAUGLÝSINGUNA FRÁ ORKUVEITUNNI.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ARNAR GAUTI SVERRISSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Dóttirin startaði Parísartrendinu*



„Það er allt gott að frétta af mér, haustið að byrja og brjáluð vinna fram undan,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri og ein helsta tískulögga landsins. „Við erum nýbúin að opna GK búðina aftur eftir breytingar. Bættum við gasarni svo búðin er orðin eins og alvöru búð í útlöndum. Þetta var ein fallegasta búð landsins en er orðin ennþá flottari. Búðin vekur mikla athygli, til dæmis hjá birgjum og fólki í þessum bransa.“

Arnar Gauti er sem kunnugt er einn af þremur stjórnendum Innlits/útlits og segir nýja þáttaröð hefjast þriðjudaginn 26. þessa mánaðar. „Við ætlum að vera á svipuðum nótum en bara gera enn betur en í fyrra. Eftir áramót verða svo gerðar svaðalegar áherslubreytingar á þættinum.“ Arnar fékkst ekki til að upplýsa nánar um breytingarnar en segir að tilkynnt verði um þær bráðlega.

Fjölskyldan fór í tveggja vikna sumarfrí til Playa del Carmen í Mexíkó, sem Arnar segir að hafi verið æðislegt. „Stærsti viðburðurinn í mínu lífi er þó sá að dóttir mín var að byrja í leikskóla og er ennþá í aðlögun. Maður er ótrúlega stoltur og spenntur. Hvernig verður þetta eiginlega þegar hún byrjar í skóla?“

Dóttir Arnars Gauta er tveggja og hálfs og heitir Natalía París. Arnar segist hafa átt góð samskipti við Mannanafnanefnd, ekkert mál hafi verið að fá Parísarnafnið samþykkt því í sjálfu sér beygist það eins og Íris. „Hún var fyrsta Parísin á Íslandi en nú er þetta orðið hálfgert trend því ég held að núna séu þær orðnar átta sem heita París.“

## SJÓNARHÓLL

VARNIR LANDSINS



JÓHANN VILHJÁLMSSON
BYSSUSMIÐUR

### *Hryðjuverk bitna á veiðisportinu*

„Ég var aldrei á móti hernum og ég held að þeir sem það voru hljóti að vera á bömmer yfir því núna að hafa ekkert til að mótmæla lengur,“ segir Jóhann Vilhjálmsson, byssusmiður. „Þó ég sé í þessum bransa er ég alfarið á móti hernaði. Við þurfum engan her hérna, það er nóg að hafa góða gæslu og gott upplýsingaflæði. Við erum miðsvæðis og það er mikil umferð svo við verðum að vera viðbúin þegar og ef eitthvað gerist. Við gætum alveg eins orðið fyrir hryðjuverkaárásum eins og aðrir.“

Jóhann segir hryðjuverkin undanfarin ár hafa bitnað á veiðisportinu. „Fyrir nokkrum árum gat maður, liggur við tekið riffil með sér í flugvélina en nú mega tollverðir varla sjá riffilsjónauka án þess að ganga af göflunum. Það er mikil skriffinnska við innflutning, svo mikil reyndar að maður þarf að vera með módelin frá því í fyrra því þetta tekur svo rosalegan tíma.“

# Hleypur meira á eftirlaunum

**Í DV árið 1995 mátti lesa um „ótrúlega hressan“ 65 ára gamlan mann, Jón William Sewell, sem hljóp til vinnu sinnar á hverjum degi, 11 km leið. Jón er enn ótrúlega hress, orðinn 77 ára gamall og hleypur nú 14 km á hverjum einasta degi. „Ég er kominn á eftirlaun svo ég get hlaupið meira,“ segir hann.**

Jón hleypur alltaf sama hringinn: Heiman að frá sér í Hafnarfirði, gegnum Álftanesið fram hjá Sólvangi og félagsheimilinu, að Bessastaðar-afleggjaranum og þaðan hring til baka. „Þetta tekur sirka 80 mínútur en aðeins meira í mótvindi,“ segir hann. „Þetta er ekkert spretthlaup hjá mér. Ég mæti yfirleitt ekki mörgum en það eru fjórir hestar í girðingu á leiðinni sem ég gef alltaf brauð. Þeir eru farnir að bíða eftir mér.“

Jón er mjög ósáttur við gatnamálin á Álftanesi. „Það eru hættulegir vegkantar á leiðinni frá Reykjavíkurvegi til Bessastaða sem veita ökumönnum falskt öryggi. Fólk keyrir eins og það sé í Formúlunni og útafkeyrslur eru algeng þarna. Því fylgir að möl og glerbrotum rignir yfir göngustíginn, sem gerir mér erfitt fyrir. Það er ekki enn búið að sópa eftir síðasta slys, sem varð fyrir nokkrum vikum.“

Jón segist ekki finna mun á sér þótt hann sé orðinn þetta gamall. „Ég hef alltaf hlaupið mikið. Í gamla daga vildi ég spila fótbolta lengur en aðrir krakkar. Eftir klukkutíma vildu hinir kannski fara heim að borða og ég var einn eftir á vellinum. Þess vegna byrjaði ég bara að hlaupa.“

Jón vill nota hlaupin til góðs og er að skipuleggja hlaup í kringum landið. Hann langar til að hlaupa til styrktar samtökum gegn umskurði kvenna.

„Það er algjör villimennska og ævilangt ofbeldi sem þarf að stöðva. Ég las það einhvers staðar að 6.000 stúlkur væru umskornar á dag svo þörfin er brýn,“ segir hann. „Nú leita ég að samstarfsaðilum og húsbíl.“

**gunnarh@frettabladid.is**



**JÓN GEFUR HESTUM BRAUÐ Á LEIÐINNI** „Þeir eru farnir að bíða eftir mér.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓN WILLIAM SEWELL 77 ÁRA SKOKKARI** Hleypur 14 km daglega en segist ósáttur við aðstæður á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Arvor 190** · 75 hestafla dísilvél
Fullt verð 3.404.569 kr. · **Haustverð 3.280.000 kr.**

**Quicksilver 630 Pilothouse** · 120 hestafla Cummins/Mercruiser dísilvél
Fullt verð 3.793.224 kr. · **Haustverð 3.520.000 kr.**



**Quicksilver Classic 20** · 220 hestafla Mercruiser og bátakerra
Fullt verð 4.495.438 kr. · **Haustverð 3.950.000 kr.**

**Quicksilver 580 Pilothouse** · 80 hestafla utanborðsmótor og bátakerra
Fullt verð 3.446.385 kr. · **Haustverð 3.190.000 kr.**

**HAUSTDAGAR HJÁ R. SIGMUNDSSYNI**

BÁTARNIR ERU HLAÐNIR AUKABÚNAÐI
AKKERISREIPI · AKKERISKEÐJA
FRÍHOLT · 10 KG AKKERI
LANDFESTATÓG
OSCULATI BJÖRGUNARVESTI
GARMIN GPS OG DÝPTARMÆLIR

**ALLIR Í BÁTANA**

Komdu á haustdaga R. Sigmundssonar að Ánanaustum 1 og kynntu þér stórglæsilega báta á sérstöku haustdagsverði. Auk þess verður boðið upp á fjölmörg önnur áhugaverð tilboð í versluninni. **Opið fimmtudag 14. sept. og föstudag 15. sept. kl. 08–18. Laugardag 16. sept. kl. 10–16.**

VÉLASALAN · radiomidun

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is


ENNEMM / SÍA / NM23239
Skjárinn kynnir algjöra byltingu
Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegum myndgæðum
SkjárBíó
Aðeins í SkjáBíói getur þú leigt nýjustu bíómyndirnar og fengið ókeypis barnaefni með einum takka á fjarstýringunni
SkjárHeimur
SkjárHeimur veitir þér aðgang að yfir 60 erlendum sjónvarps-stöðvum. Þú velur þinn pakka og fyrsti mánuðurinn er frír!
SkjárSport
SkjárSport sýnir skemmtilegasta fótbolta í heimi og allt að 5 leiki á sama tíma
SkjárEinn
Auðvitað fylgir uppáhaldssjónvarpsstöðin þín, SkjárEinn, með – og allt í stafrænum gæðum.
Þú færð myndlykil Skjásins FRÍTT ef þú ert með ADSL hjá Símanum.
Fáðu þér Skjáinn strax í dag, í síma 800 7000.
Skjárinn
– á þínu valdi!
Fáðu nánari upplýsingar á skjarinn.is
SKJÁREINN
SKJÁRBÍÓ
SKJÁRSPORT
SKJÁRHEIMUR

## Svona erum við

> Brautskráðir úr framhaldsskóla




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STÝRIVAXTAHÆKKUN SEÐLABANKANS OG ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

## *Aðhalds krafist í opinberum fjármálum*

Seðlabanki Íslands hækkaði í gær stýrivexti um hálft prósentustig og eru stýrivextir því nú fjórtán prósent. Stýrivaxtahækkunin hefur vakið athygli erlendra fjölmiðla. Þannig segir finnska dagblaðið Hufvudstadsbladet að stýrivextir hafi verið hækkaðir hér á landi sautján sinnum á tveimur árum.

**Hver er framvinda efnahagsmála að mati Seðlabankans?**
Framvindan hefur verið í meginatriðum í samræmi við þjóðhags- og verðbólguspár sem birtust í júlí. Verðbólgan mælist þó minni á seinni helmingi ársins en var á fyrri helmingnum. Viðskiptahalli er meiri en spáð var og til lengri tíma eru verðbólguhorfur lakari. Verðbólga er enn mikil og væntingar um verðbólgu sömuleiðis. Endurskoðaðir þjóðhagsreikningar sýna meiri hagvöxt í fyrra en áður var talið.

**Hver eru áhrifin á markaðinn?**
Vísbendingar um hagvöxt og eftirspurn á öðrum og þriðja ársfjórðungi þessa árs benda til meiri framleiðsluspennu en reiknað var með í júlí. Spenna er á vinnumarkaði og launakostnaður hefur farið vaxandi en vöxtur útlána hefur minnkað, og tekjur ríkissjóðs sömuleiðs. Þetta sýnir að eftirspurn fer minnkandi.

**Hverjar eru horfurnar?**
Þörfin fyrir aðhald verður endurmetin þegar Peningamál koma út í byrjun nóvember en þá verður jafnframt birt ný þjóðhags- og verðbólguspá. Ljóst er að þörf er á umfangsmikilli aðlögun í kjölfar viðskiptahalla og verðbólga má ekki ná að festast í sessi. Bankinn krefst aðhalds í opinberum fjármálum.



## SPURT & SVARÐ

HVALVEIÐAR



HÖRÐUR SIGURBJÖRNSSON

## *Engin eining um veiðarnar*

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu í gær að könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna staðfesti að þjóðareining væri um að hefja atvinnuhvalveiðar að nýju. Í máli hans kom meðal annars fram að ljóst væri að allar efnislegar ástæður væru til staðar til að hefja veiðar og könnunin sýndi að þjóðréttarlegar heimildir til þess væru skýrar.
Hörður Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Norðursiglingar á Húsavík, sem var fyrsta fyrirtækið til þess að hefja daglegar áætlunarferðir í hvalaskoðun, er ekki sammála þessum málaflutningi.

**Er þjóðareining um að hefja hvalveiðar?**
Nei, ekki ef þetta er sett í rétt samhengi. Þessi umræða hefur verið sköpuð af hvalveiðimönnum. Þeir kaupa sér ímyndarsérfræðinga til að búa til almenningsálit sem ég held að væri ekki til ef að umræðan væri á réttum forsendum. Það er alveg ljóst að mínu mati að atvinnuhvalveiðar myndu stórskaða ferðaþjónustuna. Ef menn ætla að fara að veiða hrefnu í atvinnuskyni þá má búast við því að þær veiðar eyðileggi hvalaskoðun á Íslandi.

**Heldur þú að hvalveiðar séu að fara að hefjast að nýju?**
Það held ég alls ekki. Ég tel að það sé algerlega útilokað að hefja hvalveiðar. Þegar þeir stjórnmálamenn sem standa frammi fyrir því að taka afstöðu til þessa skoða staðreyndir málsins þá held ég að þeir muni ekki standa að því að leyfa hvalveiðar. Hvalaskoðun er orðin langstærsta afþreyingargrein ferðaþjónustunnar. Ef atvinnuhvalveiðar yrðu leyfðar að nýju væri verið að efna til stríðs við eina stærstu atvinnugrein landsmanna, sem er ferðaþjónustan.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Draga verður úr rjúpnaveiði á ný

**Náttúrufræðistofnun Íslands birti nýverið skýrslu um ráðgjöf vegna rjúpnaveiða 2006. Mælt er með að dregið verði verulega úr veiðum. Rjúpnastofninn er talinn vera kominn í sama horf og fyrir friðun árið 2003.**



FRÉTTASKÝRING

SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Helstu niðurstöður Náttúrufræðistofnunar eru að talningar sýna svo ekki verður um villst að stofninn er á niðurleið um allt land eftir aðeins tvö ár í uppsveiflu. Stærð veiðistofnsins í ár er metinn um 500.000 fuglar og samkvæmt því er ásættanleg veiði, miðað við forsendur stjórnvalda um sjálfbærar veiðar, um 45.000 fuglar. Til að ná þessum markmiðum mælir NÍ með því að veiðitímabilið verði takmarkað við þrjár vikur í nóvember auk áframhaldandi sölubanns og að griðland fyrir rjúpur verði áfram á Suðvesturlandi. Náttúrufræðistofnun segir í skýrslu sinni að óvæntir atburðir hafi orðið í rjúpnastofninum. Bent er á að margir þættir aðrir en skotveiðar hafi áhrif á afkomu rjúpunnar og er talið líklegt að óhagstætt tíðarfar sumar og haust 2005 hafi verið rjúpunni afdrifaríkt.

### Rjúpan í sögulegu ljósi

Á síðasta ári er áætlað að skotveiðimenn hafi veitt um 80.000 rjúpur. Ekki eru allir þó sammála því mati og telja forsvarsmenn Skotveiðifélags Íslands að veiðin hafi verið nokkuð minni. Árin 2003 og 2004 var rjúpan friðuð og tölur um rjúpnaveiði frá 2002 eru taldar ónothæfar þar sem margir veiðimenn skiluðu inn ónákvæmum veiðiskýrslum til að mótmæla hugmyndum sem komu fram um alfriðun rjúpunnar.

> „Friðunin stóð í tvö ár og þá sáum við þróun sem er óþekkt hér á Íslandi. Það urðu algjör umskipti og stofninn óx óskaplega hratt.“
>
> **ÓLAFUR K. NIELSEN**
> VISTFRÆÐINGUR HJÁ NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN

Íslenski rjúpnastofninn sveiflast mikið af náttúrulegum orsökum. Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið 1955. Síðustu áratugi hafa rannsóknir hins vegar sýnt marktæka fækkun rjúpna. Rannsóknir á Norðausturlandi á árunum 1981 til 2003 sýna fækkun sem nemur fjórum prósentum á ári. Með hliðsjón af rannsóknum sínum hefur Náttúrufræðistofnun því lagt til á undanförnum árum að verulega sé dregið úr rjúpnaveiðum þvert ofan í það rótgróna sjónarmið að rjúpnaveiði hafi engin áhrif á rjúpnastofninn. Þetta sjónarmið er enn í dag bjargföst trú margra veiðimanna og sérfræðinga í dýrafræði.



**RJÚPUR AÐ VORI** Rjúpan er fallegur fugl og ómissandi í íslenskri náttúru. Hún er jafnframt umdeildur fugl og deilur um hvort og hvernig eigi að stjórna rjúpnaveiðum halda áfram sem aldrei fyrr. MYND/DANÍEL

Árið 2003 lagði stofnunin til að rjúpnaveiði yrði bönnuð í fimm ár. Umhverfisráðherra tók undir sjónarmið um friðun og ákvað að friða rjúpur í þrjú ár eða frá hausti 2003 til hausts 2006. Friðun var síðan aflétt í fyrra vegna mikillar uppsveiflu í stofninum sem nam 80 til 100 prósentum samkvæmt talningu vorin 2004 og 2005. Nýjustu talningar sýna 12 prósenta fækkun.

### Skotveiðimenn og eftirlit

Rjúpnaveiði er meira en áhugamál lítils hóps manna. Þúsundir Íslendinga ganga til rjúpna árlega og bráð þeirra er hluti af neysluhefð margra heimila um allt land. Jólahátíðin er í hugum margra ekki svipur hjá sjón ef ekki er boðið upp á rjúpu á svignandi veisluborði um hátíðarnar og ganga sumir svo langt að segja að hátíðleiki þeirrar hefðar að borða rjúpu um jólin sé ómissandi með öllu.

Skotveiðifélag Íslands, sem er landssamtök skotveiðimanna, rengir ekki stofnmat Náttúrufræðistofnunar og forsvarsmenn félagsins eru sammála því að draga þurfi úr veiði. Hvernig það verður gert gagnrýnir félagið þó og telur að þriggja vikna veiðitímabil í nóvember bjóði hættunni heim og eru svokallaðir „helgisveiðimenn“ nefndir til sögunnar. Það hefur tíðkast um nokkurt skeið meðal lítils hóps veiðimanna að nota fjórhjól og snjósleða til að veiða rjúpu í miklu magni og hefur sölubann verið sett þeim til höfuðs. Skotveiðifélagið gagnrýnir þennan hóp manna harðlega og telur þessar veiðar ekki koma sportveiði neitt við. Stutt veiðitímabil er að mati félagsins til þess fallið að spila upp í hendur þessara magnveiðimanna sem geta einbeitt sér að veiðum í stuttan tíma. Þessar veiðar vill félagið sjá aflagðar með öllu og gagnrýnir yfirvöld fyrir slælegt eftirlit. Þeir ganga svo langt að segja að ekkert eftirlit sé með rjúpnaveiðum og vilja að þyrlur séu nýttar í þessum tilgangi. Félagið hefur kynnt sér veiðieftirlit annarra þjóða og telur sýnt að eftirlit úr lofti er það eina sem skilar árangri.

### Gagnrýni og skiptar skoðanir

Náttúrufræðistofnun birtir í skýrslu sinni ítarlegar upplýsingar um mælingar sínar á rjúpnastofninum og setur fram tillögur um veiðistjórnun í samhengi við þær rannsóknir. Tillögur stofnunarinnar hafa verið gagnrýndar af Áka Ármanni Jónssyni, forsvarsmanni veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar, sem fullyrðir að tillögur um veiðistjórnun sé hlutverk Umhverfisstofnunar, ekki Náttúrufræðistofnunar. Áki Ármann segir að reglugerðin frá því í fyrra um að aflétta friðun sé enn í gildi og það sé ekki nema ráðherra íhugi að breyta þeirri reglugerð sem hann óski eftir tillögum um veiðistjórn. Þessu hefur Snorri Baldursson, aðstoðarforstjóri Náttúrufræðistofnunar, mótmælt og segir það bæði rétt Náttúrufræðistofnunar og skyldu að koma með tillögur að veiðistjórnun. Báðar stofnanir rökstyðja mál sitt meðal annars með því að túlka mismunandi greinar í lögum um vernd, friðun og veiðar villtra fugla frá 1994.



Gagnrýni á aðferðafræði Náttúrufræðistofnunar hefur einnig komið fram. Sigurjón Þórðarson, líffræðingur og alþingismaður, telur ekki mögulegt að skýra gang náttúrunnar út frá reiknilíkani. Það sem honum finnst gagnrýnisverðast er að Náttúrufræðistofnun geri ráð fyrir að náttúruleg afföll á veiðistofni séu þau sömu ár eftir ár. Sigurjón bendir á að þegar rjúpan var friðuð hafi afföllin reynst 35 prósent annað árið og 28 prósent árið eftir. Munurinn er svo mikill, segir Sigurjón, að það mælir allt á móti því að nota slíkar aðferðir til að áætla náttúruleg afföll til framtíðar. Sigurjón vill einnig meina að veiðin sé ekki hrein viðbót við náttúruleg afföll því þá sé verið að afskrifa að aukinn þéttleiki rjúpunnar takmarki stærð rjúpnastofnsins.

Þessum gagnrýnisröddum er þó ávallt svarað með því að rjúpan verði að njóta vafans. Rjúpnaveiði er það eina sem er í mannlegu valdi að stjórna og það séu nægjanlega sterk rök til að byggja upp stofninn með veiðistjórnun, byggða á rannsóknum Náttúrufræðistofnunar. Ólafur K. Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, vann skýrsluna fyrir umhverfisráðuneytið. „Friðunin stóð í tvö ár og þá sáum við þróun sem er óþekkt hér á Íslandi,“ segir Ólafur. „Það urðu algjör umskipti og stofninn óx óskaplega hratt og miklu hraðar en við höfum áður séð. Síðan hefjast veiðar og við förum í sama farið og áður. Menn hljóta því að staldra við.“

ALCAN OG BYLGJAN KYNNA MEÐ STOLTI:




ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
KARLAKÓR FÓSTBRÆÐRA, LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
OG LANDSÞEKKTUM GESTUM

# AUKATÓNLEIKAR

## SUNNUDAGINN 24. SEPTEMBER Í LAUGARDALSHÖLL

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

SÝRLAND HÖNNUN

**Miðasala hefst í dag kl. 10:00.**
**Síðast seldist upp á 90 mínútum, tryggðu þér miða strax!**

Miðasala fer fram á www.midi.is, í verslunum Skífunnar og í verslunum BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Aðeins selt í númeruð sæti.

Bakhjarl tónleikanna er Alcan í Straumsvík í tilefni af 40 ára afmæli ISAL og Bylgjan - brautryðjandi í 20 ár.

BYLGJAN 20 ÁRA

ALCAN

BRAVÓ!
www.bravo.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 6.139 **+0,88%** **Fjöldi viðskipta:** 356 **Velta:** 11.354 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +2,52% | **Actavis** | -0,93% |
| **Bakkavör** | +2,16% | **Mosaic** | -0,56% |
| **KB banki** | +1,57% | **Glitnir** | -0,50% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,10 -0,93% ... Alfesca 4,90 +1,24% ... Atlantic Petroleum 574,00 +0,35% ... Atorka 6,35 +0,48% ... Avion 32,90 +0,00% ... Bakkavör 56,80 +2,16% ... Dagsbrún 4,89 +0,62% ... FL Group 20,40 +0,99% ... Glitnir **19,90 -0,50**% ... KB banki 840,00 +1,57% ... Landsbankinn 25,70 +0,78% ... Marel 80,00 +0,63% ... Mosaic Fashions **17,70 -0,56**% ... Straumur-Burðarás 17,00 +1,19% ... Össur 122,00 +2,52%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Bylur hæst i tómri skrifstofu**
Samtök atvinnulífsins hafa látið allra hæst í gagnrýni á hagstjórn Seðlabankans og hefur framkvæmdastjóri samtakanna meðal annars sagt bankann eiga á hættu að missa öll hagstjórnarvopn úr hendi sér verði ekki látið af hávaxtastefnunni. Það var því ekki að ástæðulausu sem blaðamönnum varð fyrst hugsað til Samtaka atvinnulífsins þegar leita átti viðbragða við stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Þegar hringt var í samtökin varð enginn fyrir svörum nema vélræn kvenmannsrödd: „Í dag fimmtudag er skrifstofa samtakanna lokuð vegna stefnumótunarfundar. Opnum aftur föstudag klukkan 8.30," sagði vélmennið. Bylur hæst í tómri tunnu segir máltækið.



**Ávinningur eða atvinnubótavinna?**
Ýmiss konar stefnumótun og markmiðssetning tíðkast í síauknum mæli meðal fyrirtækja í landinu. Útkomuna má oftar en ekki taka saman í nokkur stikkorð sem ætlað er að lýsa einhvers konar útópískri sýn á þá starfsemi sem fram fer í viðkomandi fyrirtæki. Þannig eru einkennisorð stórfyrirtækis hér í bæ; sköpunargleði, samstarf, áreiðanleiki og arðsemi. Sumir segja slík slagorð hafa hvetjandi áhrif á starfsmenn fyrirtækja en aðrir telja einungis um atvinnubótavinnu fyrir ráðgjafarfyrirtæki að ræða. Gaman verður að sjá útkomuna hjá Samtökum atvinnulífsins og fróðlegt væri að vita hvort ávinningur slíks stefnumótunarfundar er meiri en sem nemur einum töpuðum vinnudegi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Actavis hugleiðir enn viðbrögð við hækkuðu tilboði bandaríska lyfjafyrirtækisins Barr í króatíska lyfjafyrirtækið Pliva, en jafnvel er búist við útspili frá félaginu í dag.

Í skiptingar- og samrunaáætlun Dagsbrúnar sem birt var í gær kemur fram að skuld upp á 1,1 milljarð króna sem getur myndast hjá félaginu vegna kaupanna á Senu og Securitas verði breytt í hlutafé í félaginu K2.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hækkað spá sína um vöxt í alþjóðahagkerfinu um 0,25 prósentustig, í 5,1 prósent fyrir þetta ár og um sömu hlutfallstölu í 4,9 prósent fyrir næsta ár.



**Í BANKANUM** Hlutfall vanskila hefur ekki verið lægra á síðustu fimm árum.

# Vanskil í sögulegu lágmarki

Hlutfall vanskila af útlánum á öðrum ársfjórðungi ársins 2006 var 0,6 prósent en var 1,1 prósent á öðrum ársfjórðungi í fyrra. Hlutfallið var það sama, 0,6 prósent, í lok næstu tveggja ársfjórðunga á undan og hefur hlutfallið ekki verið lægra á síðustu fimm árum. Þetta sýna tölur sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman um vanskil útlána hjá innlánsstofnunum. Ná þær til vanskila sem staðið hafa lengur en einn mánuð.

Vanskilahlutfall fyrirtækja var rúmlega 0,5 prósent í lok 2. ársfjórðungs 2006 sem er svipað hlutfall og var í lok næstu tveggja ársfjórðunga á undan. Í lok annars ársfjórðungs 2005 var hlutfallið 0,9 prósent. Vanskilahlutfall einstaklinga lækkaði í 0,9 prósent í lok 2. ársfjórðungs 2006, frá 1,8 prósentum í lok annars ársfjórðungs 2005.

Í Vegvísi Landsbankans segir að á því tímabili sem tölur Fjármálaeftirlitsins ná yfir, frá árslokum 2000, hafi útlán nær fjórfaldast. Á sama tíma hafi vanskil aukist um 35 prósent í krónum talið. Lækkandi vanskilahlutfall skýrist að öllum líkindum af bættum kaupmætti, bættri afkomu fyrirtækja og hagstæðari lánskjörum á tímabilinu. **- hhs**

# Kippur í krónubréf

Talsverður kippur hefur komið í útgáfu krónubréfa á síðustu mánuðum og hafa alls verið gefin út krónubréf fyrir 45 milljarða króna frá því um miðjan júlí. Í gær og í fyrradag bættist enn við útgáfuna þegar KFW, Deutsche Bank og Rabobank gáfu út bréf fyrir alls 11 milljarða til eins til tveggja ára.



Heildarútgáfa krónubréfa frá upphafi nemur nú 280 milljörðum króna. Í Morgunkorni Glitnis segir að þetta sé þó ekki lýsandi fyrir heildarstöðu erlendra fjárfesta í krónubréfum. Krónubréf fyrir fjörutíu milljarða króna séu á gjalddaga í mánuðinum en fyrsti gjalddagi krónubréfa er í dag, föstudag, alls fyrir þrjátíu milljarða. Útistandandi krónubréf í lok mánaðarins verða því 240 milljarðar króna verði ekki um frekari útgáfu að ræða í mánuðinum.

Útgáfa krónubréfa hefur haft töluverð áhrif á gengi krónunnar. Miklar sveiflur hafa verið á gengi hennar að undanförnu sem að hluta til eru reknar til krónubréfanna. Í gær styrktist krónan um tæp 0,6 prósent. Samkvæmt Morgunkorninu er ólíklegt að það megi að öllu leyti rekja til stýrivaxtahækkunarinnar í gær þar sem við henni var búist. Líklegra sé að þessi mikla útgáfa krónubréfa á sé að knýja styrkinguna áfram. **- hhs**

# Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna varar Actavis við

Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið (FDA) hefur veitt Actavis viðvörun eftir úttekt á tilteknum þáttum í starfsemi félagsins í Little Falls í New Jersey, einni af fjórum verksmiðjum Actavis í Bandaríkjunum. Úttektin fór fram í febrúar síðastliðnum.

„Athugasemdir FDA tengjast á engan hátt gæðastarfi eða framleiðslu Actavis ytra, heldur því kerfi sem við höfum byggt upp til að halda utan um tilkynningar frá viðskiptavinum um mögulegar aukaverkanir lyfja og svo skráningu á þremur eldri lyfjum sem verið hafa á markaði frá árinu 1970," segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta Actavis. Vegna þess að lyfin þrjú voru sett á markað áður en núgildandi reglur um skráningu samheitalyfja komu til, horfir FDA til þess að ef til vill þurfi að breyta á einhvern hátt skráningu þeirra.



**DR. LESTER M. CRAWFORD** Lester Crawford er yfirmaður Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitsins, FDA.

Halldór segir að strax í febrúar hafi félagið tekið bæði atriði til gagngerrar endurskoðunar til að tryggja að tilkynningar kvartana og framleiðsla og sala eldri lyfja væri í fullu samræmi við kröfur FDA. Hann segir vonir standa til að málið leysist farsællega á næstu mánuðum og aðvörunarbréfið dregið til baka. Mat Actavis er því að viðvörunin hafi engin fjárhagsáhrif á Actavis, hvorki á þessu ári né því næsta. **- óká**

# Háir vextir ekki markmið

**Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í fjórtán prósent í gær. Seðlabankastjóri gaf ekkert upp um hvort hækkunin væri sú síðasta í bili. Framkvæmdastjóri SA segir bankann hætta á að standa skotfæralaus í næstu uppsveiflu.**



**TILKYNNT UM HÆKKUN STÝRIVAXTA** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins gagnrýnir hávaxtastefnuna og segir Seðlabankann hætta á að standa uppi skotfæralaus í næstu uppsveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stýrivextir Seðlabankans voru í gær hækkaðir um 0,5 prósent og standa nú í fjórtán prósentum. Þetta er sautjánda stýrivaxtahækkun bankans í röð. Hækkunin er í samræmi við spár.

Greiningardeildir viðskiptabankanna hafa spáð því að hækkunin verði sú síðasta í bili. Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, gaf þó ekkert upp um það á fundi með blaðamönnum „Stýrivextir lækka þegar við sjáum örugg merki þess að úr verðbólgu dragi yfir lengra tímabil. Það er ekki okkar markmið að vextir séu háir, heldur að draga úr verðbólgu. Verði vextir að vera háir til að það markmið náist verður svo að vera." Næsti vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands er 2. nóvember næstkomandi.

Fram kom í ræðu Davíðs að framvinda efnahagsmála frá júlíbyrjun hafi í meginatriðum verið í samræmi við þjóðhags- og verðbólguspá Seðlabankans, að öðru leyti en því að verðbólga verði nokkru minni en talið var. Á móti komi hins vegar meiri viðskiptahalli á fyrri hluta ársins sem bendi til hraðari eftirspurnar en spáð var og að verðbólguhorfur verði lakari er frá líður. Viðskiptahallinn feli í sér að mikillar aðlögunar sé þörf í þjóðarbúskapnum á næstu árum. Við þær aðstæður verði peningalegt aðhald að vera nægilegt svo verðbólga nái ekki að festast í sessi.

Hagstjórn Seðlabankans hefur nokkuð verið gagnrýnd að undanförnu og skrifaði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, meðal annars í pistli á dögunum þar sem hann lýsti þeirri skoðun að Seðlabankinn væri að segja sig frá hagstjórninni með hávaxtastefnu sinni. Bankinn væri á öfugu róli í hagssveiflunni og myndi frekar magna sveiflurnar en draga úr þeim.

Seðlabankastjóri sagði mjög mikilvægt að hlusta á alla gagnrýni sem kæmi frá talsmönnum atvinnulífsins. Hins vegar væri enn undirliggjandi spenna í hagkerfinu og því nauðsynlegt að bregðast við „Ég tók nú eftir því að aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins viðurkenndi í fjölmiðlum að mikil eftirspurn á vinnumarkaði sýni að enn er mjög mikil undirliggjandi verðbólguspenna í þjóðfélaginu," sagði Davíð.

Vilhjálmur Egilsson kvaðst afar óánægður með ákvörðun Seðlabankans. Hann sagði verðbólguna hafa lækkað mun meira en spár höfðu gert ráð fyrir, auk þess sem sæi fyrir endann á stóriðjuframkvæmdum og verulega hefði dregist saman á íbúðamarkaði. „Við teljum að ótvírætt stefni í samdrátt á næsta ári og það verði ekki sama villta einkaneysla og áður. Hagkerfið er að snúast í jafnvægisátt og það er nauðsynlegt að fylgja því eftir með vaxtalækkunum. Hættan er líka sú að Seðlabankinn eigi engin skotfæri í byssunum þegar uppsveiflan byrjar að nýju 2008." **jsk@frettabladid.is**

# Skráning Exista dregur fram dulda eign KB banka

Hlutafé Exista hf. verður skráð á aðallista Kauphallarinnar fyrir opnun markaða í dag. Félagið er á meðal öflugustu fyrirtækja landsins og nema heildareignir þess yfir 300 milljörðum króna. Exista verður fjórða verðmætasta félagið í Kauphöllinni á eftir viðskiptabönkunum þremur.

Exista starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, meðal annars undir merkjum VÍS og Lýsingar. Þá er Exista kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS**

Í fyrradag lauk útboði á hlutabréfum í Exista til starfsmanna félagsins og til almennings, en í boði voru 0,6 prósent heildarhlutafjár fyrir hvorn hóp um sig. Alls 130 milljón hlutir. Söluverð á hlut var 21,5 krónur, en það er sama verð og var í útboði til fagfjárfesta í síðustu viku.

Starfsmenn félagsins skráðu sig fyrir öllum hlutum sem þeim stóðu til boða og eftirspurn í almenna útboðinu var langt umfram framboð. Alls bárust óskir um kaup fyrir allt að 42 milljarða króna, en í boði voru ekki nema 1,4 milljarðar. Í almenna úboðinu fengu fjárfestar að kaupa fyrir meira en 240 þúsund krónur, eða helminginn af þeim hlut sem þeir skráðu sig fyrir ef upphæðin hans var lægri.

Kaupþing banki sá um útboðið á bréfunum í Exista og innleystur hagnaður bankans af sölu bréfa í félaginu var 10,6 milljarðar króna. Þar kemur til bæði sala í útboðinu og til lífeyrissjóða í byrjun síðasta mánaðar. Að auki á bankinn um 10,8 prósenta hlut í Exista, en hann er áætlað að greiða til hluthafa í formi arðs.

Greiningardeild Glitnis segir allt útlit fyrir methagnað á þriðja ársfjórðungi hjá Kaupþingi banka vegna viðskiptanna með bréf Exista. „Óvíst er um þróun verðs á bréfunum það sem eftir lifir af þriðja ársfjórðungi en miðað við útboðsverðið (21,5 krónur á hlut) hefur myndast 13,2 milljarða króna óinnleystur hagnaður af eftirstandandi eign bankans í félaginu. Samtals nemur því hagnaður bankans af ráðstöfun hlutabréfa í Exista sem stendur um 23,8 milljörðum króna fyrir skatta." Fyrir skráningu bréfa Exista bókfærði Kaupþing banki þau á kaupverði en ekki áætluðu markaðsvirði líkt og gert verður eftirleiðis.

**olikr@frettabladid.is**

# Samkeppnismál á ensku

Samkeppniseftirlitið hefur opnað enska útgáfu af heimasíðu sinni á slóðinni *www.samkeppni.is/en.* Með þessu segist Samkeppniseftirlitið vilja leggja sitt af mörkum til þess að efla þekkingu í útlöndum á samkeppnismálum hér.

„Heimasíðu Samkeppniseftirlitsins er ætlað að vera öflug upplýsingaveita um samkeppnismál,“ segir á vef stofnunarinnar, en þar er meðal annars að finna upplýsingar um skipulag, málshraða, málsmeðferð, lög og reglur um samkeppnismál og erlent samstarf, sem og leiðbeiningar um hvernig erindi til Samkeppniseftirlitsins skulu úr garði gerð. Þá er á vefnum hægt að senda inn ábendingar um möguleg brot á samkeppnislögum, auk þess sem þar er að finna ákvarðanir eftirlitsins og aðrar fréttir um samkeppnismál.

„Ákvarðanir eftirlitsins verða þó ekki þýddar, en yfirlit yfir ákvarðanir, meginniðurstöður, og í einstökum tilvikum útdráttur máls verður aðgengilegur á ensku,“ segir í tilkynningu á vef Samkeppniseftirlitsins. **- óká**



**SAMKEPPNISEFTIRLITSVEFURINN** Nýverið voru opnaðar á vef Samkeppniseftirlitsins síður á ensku.

# Vaxtahækkun á evrusvæðinu

Jean-Claude Trichet, bankastjóri Evrópska seðlabankans, er sagður ýja að frekari hækkun stýrivaxta á evrusvæðinu í viðtali við ítalska vikublaðið L'Espresso, sem kemur út dag.

Trichet segir bankann fylgjast grannt með verðbólguþróun innan aðildarríkja myntbandalags Evrópusambandsins og muni bankinn grípa til frekari aðgerða til að sporna gegn því að verðbólga raski stöðugleikanum.

Seðlabanki Evrópu hefur hækkað stýrivexti sína fjórum sinnum frá því í desember á síðasta ári, um 25 punkta í hvert sinn, og standa vextirnir á evrusvæðinu í þremur prósentum. Fjármálaskýrendur túlkuðu orð Trichets í gær sem svo að bankinn muni hækka stýrivexti sína á ný um fjórðung úr prósenti að loknum vaxtaákvörðunarfundi bankastjórnarinnar í næsta mánuði.



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Bankastjóri Evrópska seðlabankans ýjar að frekari hækkun stýrivaxta á evrusvæðinu í viðtali sem birtist í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spurður hvort stýrivextir bankans fari í 3,5 prósent fyrir árslok svaraði Trichet því ekki beint heldur sagði bankann verða að koma í veg fyrir að verðbólga fari langt fram úr væntingum. Búist er við að verðbólga á evrusvæðinu verði nálægt 1,9 prósentum á næstu fimm árum, að hans sögn. Helstu áhættuþættirnir eru hins vegar hækkanir á olíuverði, auknir óbeinir skattar og launaskrið en síðasttaldi liðurinn gæti sett strik í reikninginn, að sögn Jean-Claude Trichets. **- jab**

# Titan hefur senn starfsemi

Frosti Bergsson, fyrrum stjórnarformaður Opinna kerfa, og Síminn hf., hafa gengið til liðs við upplýsingafyrirtækið Titan ehf., sem tekur til starfa á næstu vikum og ætlar sér stóra hluti á upplýsingamarkaði.

Titan mun í fyrstu einbeita sér að söluráðgjöf á miðlægum lausnum fyrir stærri fyrirtæki en stefnt er að því að færa hratt út kvíarnar. Fyrirtækið hefur tryggt sér viðskiptasamninga fyrir vörur frá Cisco, HP, Sun og fleiri þekktum framleiðendum. **- jab**

# Tafir á afhendingu risaþota?

Mike Turner, forstjóri breska hergagnaframleiðandans BAE Systems, sem á 20 prósenta hlut í EADS, móðurfélagi flugvélaframleiðandans Airbus, segir líkur á að Airbus muni á næstu dögum tilkynna um enn frekari tafir á afhendingu A380 risafarþegaflugvéla frá félaginu.



**AIRBUS A380 RISAÞOTA**

Airbus hefur tvívegis á árinu greint frá töfum á framleiðslu flugvélanna vegna vandræða í rafkerfi þeirra. Gengi bréfa í EADS hefur lækkað um fjórðung vegna þessa auk þess sem æðstu stjórnendur félagsins þurftu að taka poka sinn í kjölfarið.

Stjórn EADS hefur vísað á bug fréttum þess efnis að afhending risaþotanna dragist enn frekar og segir lítinn fót fyrir þeim. Enn sé verið að rannsaka ástæður þess að framleiðsla flugvélanna tafðist upphaflega.

Kostnaður við hönnun A380 risaþotanna nemur nú 12 milljörðum evra eða rúmlega 1.000 milljörðum íslenskra króna. **- jab**







# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nú segjum við stopp:

## Allir til ábyrgðar í umferðinni

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Umferðarslys eru að verða ein helsta ógn hins vestræna samfélags. Tollurinn sem þau taka í íslensku samfélagi er stór og slysaalda ágústmánaðar hefur svo sannarlega höggvið stórt skarð í litla þjóð.

Íslenskum vegum er stundum líkt við vígvöll og víst er að flestir ökumenn hafa lifað þá tilfinningu undir stýri að finnast þeir geta litlu ráðið um örlög sín og að tilviljun ein hafi forðað stórslysi. Mikil áhættuhegðun er nefnilega stunduð í íslenskri umferð. Áhættuhegðun sem felst fyrst og fremst í hraðakstri en einnig óábyrgum framúrakstri, of lítilli fjarlægð milli bíla og áfram mætti telja.

Fórnarlömb umferðarslysa eru orðin 19 það sem af er árinu. Þá eru þeir ótaldir sem misst hafa heilsu um lengri eða skemmri tíma vegna afleiðinga umferðarslysa.

Við segjum stopp er yfirskrift þjóðarátaks sem Umferðarstofa, samgönguráðuneytið og aðilar að Umferðarráði ýttu úr vör í gær. Markmiðið er að kalla hvern og einn bílstjóra til ábyrgðar á lífi og limum sínum og samferðamanna sinna, útrýma áhættuhegðun í umferðinni og stuðla að róttækri hugarfarsbreytingu ökumanna. Akstur um þjóðvegi landsins á ekki að vera eins og rússnesk rúlletta.

Umferðarslys valda gríðarlegu tjóni, en ekki bara tjóni heldur einnig sorg og missi. Raunveruleg fórnarlömb umferðarslysa eru því fráleitt aðeins þeir sem látast eða slasast. Fórnarlömbin eru líka aðstandendur þessa fólks og allir þeir sem um sárt eiga að binda í kjölfar slyss, stór hópur fólks sem um alla framtíð býr við sáran missi og eilífar spurningar um hvers vegna ástvinur þeirra var frá þeim tekinn í blóma lífsins.

Aðstæður á íslenskum vegum eru vissulega víða ekki eins og best væri á kosið. Það er hins vegar á ábyrgð hvers og eins ökumanns að vinna úr aðstæðum hverju sinni. Átak eins og það sem hófst í gær minnir ökumenn á ábyrgð sína og gerir vonandi einhverja þeirra meðvitaðri um ábyrgð sína og skyldur.

Samgönguyfirvöld ætla ekki að staðnæmast við hugarfarsátakið, Við segjum stopp, heldur efla eftirlit á vegum og vinna að því að þyngja refsingar við hraðakstursbrotum. Hvort tveggja er gott og gilt. Hitt er ljóst að til viðbótar við ábyrgan akstur hvers og eins þá eru bætur á umferðarmannvirkjum það sem best nýtist í baráttunni gegn umferðarslysum. Breikkun Reykjanesbrautar er til vitnis um það hversu miklu slíkar aðgerðir geta skilað.

Verkefni hins almenna borgara er að taka ábyrgð á akstri sínum og aka ævinlega í samræmi við aðstæður. Verkefni samgönguyfirvalda er að stuðla að því að gera ytri aðstæður ökumanna eins öruggar og kostur er með því að bæta vegina og forgangsraða þeim vegabótum þannig að vegakerfið sé fyrst bætt þar sem umferðin er þyngst og slysahætta mest.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Jóga í MECCA SPA**

Margrét Skúladóttir



Brynjúlfur Jónatansson



*Jóga með Maggý:* Í gegnum kraftmikla og djúpa öndun eykur þú lífsorkuna og upplifir heilbrigði og hamingju.

*Meðgöngujóga og -sund:* Áhrifaríkir tímar fyrir verðandi mæður sem sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds.

*Grunnjóga:* Námskeið fyrir byrjendur eða þá sem vilja dýpka skilning sinn á jóga.

*Kraftjóga:* Kröftugir tímar þar sem jógastöður eru notaðar til að styrkja vöðva og auka liðleika.

**www.meccaspa.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvatarkonur ánægðar**

Mikill áhugi var fyrir aðalfundi Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, sem haldinn var í fyrrakvöld. Streymdu konurnar að Valhöll til að kjósa nýja stjórn. Þegar óskað var eftir framboðum til formanns kom tillaga um Áslaugu Friðriksdóttur, sem er dóttir Friðriks Sophussonar. Var svo mikil ánægja með þá tillögu að konurnar byrjuðu strax að klappa fyrir Áslaugu sem var fyrir vikið sjálfkjörin. Alnafna Áslaugar var líka lengi formaður sama félags við góðan orðstír og þótti því mörgum þetta góður kostur.



**Gamlir draugar**

„Það þarf að skoða með opnum hug breytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustunni. Það þarf að láta markaðslögmálin vinna í þágu markmiða jafnaðarstefnunnar. Það er markmiðið sem skiptir máli en ekki leiðin að því,“ sagði Össur Skarphéðinsson, þá formaður Samfylkingarinnar, á landsfundi í september 2003. Mætti hann harðri andspyrnu við þetta stefnumál sitt sem gufaði á endanum upp. Hins vegar er spurning hvort búið sé að endurvekja þessa ágætu stefnu því Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður flokksins, skrifar í Morgunblaðið í fyrradag: „Fjármagn ríkisvaldsins á því að fylgja í meiri mæli sjúklingunum í stað þess að fylgja tilteknum stofnunum. Við eigum að skilja að veitanda þjónustunnar og kaupanda hennar, sem er hið opinbera í flestum tilvikum.“

**Nýir vendir**

Rannveig Guðmundsdóttir, þingkonan knáa úr Kópavogi, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur til þingsetu. Þegar sitjandi þingmaður víkur sæti skapast alltaf svigrúm fyrir aðra til að sækja fram en Rannveig var í öðru sæti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Nú reikna fleiri með að Margrét Frímannsdóttir, sem var efst í suðurkjördæmi, fylgi fordæmi flokkssystur sinnar. Og einnig er pískrað um að Jóhann Ársælsson sé á leið út úr pólitík. Kemur þetta í ljós á fundum kjördæmisráða nú um helgina.



bjorgvin@frettabladid.is

# Frelsi til þróunar



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lífskjör og frelsi þjóða

Síðustu viku hefur í Fréttablaðinu verið skipst á skoðunum um svokallaða þróunaraðstoð. Hér hyggst ég svara stuttlega tveimur formælendum slíkrar aðstoðar.

Annar þeirra, Davíð Sigurþórsson, kynnir sig sem „MA í siðfræði hnattvæðingar og meistaranema í þróunarfræðum“. Ég veit ekki, hvar hann hefur lært fræði sín, en eitthvað er bogið við þau. Davíð segir, að það hafi „trekk í trekk“ verið afsannað, að fátækar þjóðir geti lært eitthvað um hagþróun af Evrópuþjóðum. Hvar hefur það verið afsannað? Eitt besta fordæmið er Ísland. Við tókum stór skref úr fátækt í bjargálnir á tíma frjálsra viðskipta (hnattvæðingar) fyrir 1914, af því að frelsi jókst hér, hagsýnir einstaklingar eins og Thor Jensen og Eldeyjar-Hjalti fengu svigrúm og danskir auðjöfrar lögðu fé í Íslandsbanka, sem lánaði síðan til togara- og vélbátakaupa.

Davíð kveður engin dæmi til um árangur af aðgerðum í anda frjálshyggju. En ég hef oft bent á það opinberlega, að skýrustu dæmin um þróun án aðstoðar eru Hong Kong, Suður-Kórea, Taívan og Singapore. Íbúar voru þar örsnauðir í lok seinni heimsstyrjaldar, en stórstígar framfarir hafa orðið síðan í krafti atvinnufrelsis. Síðan eru til mýmörg dæmi um aðstoð án þróunar, svo sem Tansanía og Grænhöfðaeyjar. Við Íslendingar jusum á sínum tíma fé í Grænhöfðaeyjar, en landið er enn bláfátækt. Þróunaraðstoðarinnar sér vart stað, nema hvað hún hefur auðvitað eflt valdastéttina þar.

*Við Íslendingar jusum á sínum tíma fé í Grænhöfðaeyjar, en landið er enn bláfátækt. Þróunaraðstoðarinnar sér vart stað, nema hvað hún hefur auðvitað eflt valdastéttina þar.*

Hinn formælandi þróunaraðstoðar, Stefán Snævarr heimspekingur, vitnar í þau orð bandaríska hagfræðingsins Jeffreys Sachs, að vestræn ríki geti aðstoðað Afríkuþjóðir fjárhagslega í baráttunni við mýrarköldu (sem Stefán kallar malaríu). En gallinn er sá, að umhverfisöfgamenn fengu því ráðið upp úr 1970, að skordýraeitrið DDT var bannað, en það vann á þeim skordýrum, sem bera mýrarköldu í menn (og leggjast líka á ýmsar nytjajurtir). Það hefur kostað óteljandi mannslíf í Afríku að banna DDT, en tilefni bannsins, vond áhrif efnisins á fuglalíf, hafa reynst mjög orðum aukin.

Stefán hefur það eftir Nóbelsverðlaunahafanum Amartya Sen, að í Kerala-fylki á Indlandi hafi sósíalismi heppnast bærilega. Sen var einn af kennurum mínum í Oxford á öndverðum níunda áratug, og deildum við þá hart um frjálshyggju. Hann er tíður gestur í Kerala og hefur gefið stjórninni þar ráð. Ekki kemur á óvart, að honum þyki sinn fugl fagur. En Indland er einmitt eitt greinilegasta dæmið um það, hvernig ríkisafskipti hafa haldið aftur af hagþróun. Frá því að landið hlaut sjálfstæði 1947, var þar allt reyrt í fjötra ríkisafskipta, hafta, boða og banna, þótt nokkuð hafi raknað úr hin síðari ár.

Enn fremur segir Stefán Snævarr, að í Chile og Nýja Sjálandi hafi aðgerðir í anda frjálshyggju misheppnast. Þetta er fjarri sanni. Besti vitnisburðurinn um það er, að jafnaðarmenn, sem komust til valda í Chile, eftir að herforingjastjórn fór þar frá, hafa ekki horfið af þeirri braut, sem frjálshyggjuhagfræðingar, Chicago-drengirnir svonefndu, mörkuðu áður. Chile hefur vegnað miklu betur en öðrum ríkjum Suður-Ameríku. Auðvitað hefur brautin ekki alltaf verið bein og greið, sérstaklega ekki í Nýja Sjálandi hin síðari ár. En helstu kvartanir undan kerfisbreytingunum í Chile og Nýja Sjálandi eru, að sumir hafi orðið miklu ríkari en aðrir, þótt vissulega hafi atvinnulífið vaxið og dafnað. Ég kippi mér lítt upp við slíkar kvartanir.

Aðalatriðið snýst þó ekki um einstök dæmi, sem ætíð má deila um, heldur almenn lögmál. Nokkrir hagfræðingar hafa undir forystu Miltons Friedmans smíðað vísitölu atvinnufrelsis til að bera saman einstök lönd, og getur niðurstöður að líta á vefnum http://www.freetheworld.com. Í ljós kemur, að lífskjör eru því betri sem atvinnulíf er frjálsara. Samkvæmt vísitölunni 2006 er landsframleiðsla á mann í þeim fjórðungi landa, sem er frjálsastur, 24 þúsund Bandaríkjadalir, en í þeim fjórðungi, sem er ófrjálsastur, 3 þúsund dalir. Hagvöxtur er að meðaltali 2,1% á ári í þeim fjórðungi landa, sem er frjálsastur, en - 0,2% í þeim fjórðungi, sem er ófrjálsastur (þar er með öðrum orðum samdráttur). Reynslan er ólygnust: Ef þjóðir ætla að komast úr fátækt í bjargálnir, þá verður atvinnulífið að vera frjálst. Eina þróunaraðstoðin, sem kemur að gagni, felst í frjálsum viðskiptum við fátækar þjóðir í suðri.

# Örvæntingarfull viðbrögð fjármálaráðherra

**Umræðan**

Viðbrögð Árna Mathiesen við verðbólgutölum

Á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag gaf að líta yfirlýsingu fjármálaráðherra um að „verðbólguskotið“ væri á niðurleið. Tilefnið virðist vera að í einn mánuð hefur verðbólga lækkað frá fyrri mánuði. Þó er hún þrefalt hærri en verðbólgumarkmiðið og gefur ráðherranum fremur tilefni til að vera í felum en á forsíðum blaðanna. Skuldir meðalheimilis aukast um hátt í eina milljón króna á ári í þessu ástandi.



HELGI HJÖRVAR

Í þokkabót lækkaði verðbólga ekki í síðasta mánuði heldur féllu útúr 12 mánaða viðmiðun miklar hækkanir haustið 2005. Í hálft þriðja ár hefur verðbólgan verið yfir markmiði. Aðeins fimm ár eru liðin síðan ríkisstjórnin missti síðast verðbólgu í tæp tíu prósent og kallar það „mjúka lendingu“. Verðbólgan hér er ekki skot heldur viðvarandi því ríkisstjórnin lætur reka á reiðanum og virðist ekki telja hana vandamál.

Vonandi mun verðbólgan hníga en því ræður fremur samdráttur á fasteignamarkaði en aðgerðir stjórnvalda. Alla fjármálaráðherratíð Árna Mathiesen hefur hún verið yfir markmiði og engin ástæða til að fagna fyrr en markmiðinu er náð. Í miðjum ævintýralegum viðskiptahalla, mikilli verðbólgu og hæstu vöxtum í heimi er það hlutverk fjármálráðherra að vara við, en hella ekki olíu á eld óraunsærra væntinga. Við þær aðstæður er svo ekki síður áhyggjuefni forsíðuuppsláttur sem minnir meira á auglýsingabækling Sjálfstæðisflokksins um efnahagsmál en á ábyrgan fjölmiðil.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar og í fjárlaganefnd Alþingis.*



ENN BETRA VERÐ:
Kvöldroðinn og Morgundöggin saman í tilboðspakkningu!
Bónustilboðin
Sjáðu verðið!
Bónus smábrauð - fín eða gróf
KAFFITÁRSTILBOÐ 500g+500g
899 KR.
KÍLÓVERÐ
BAUNIR EÐA MALAÐ
Veljið sjálf!
Gróf/fín smábrauð
129 KR.
15 stk.
EGILS PILLI
49 KR.
500 ML
Egils
PILSNER
Nýtt kortatímabil!
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
Vanillu Ís 2 lítrar
Súkkulaði Ís 2 lítrar
BÓNUS
Sjáðu verðið!
2 LÍTRA FLASKA
98 KR.
LIGHT
Coca-Cola light
Tveir lítrar
Ferskt og nýslátrað!
Bónusfetinn
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
BÓNUS FETA
OSTUR Í KRYDDOLÍU
FERSKT LÆRI KÍLÓVERÐ:
975 KR.
Merkt verð 1299 KR.
25% afsláttur við kassann
...fyrir góðan dag!
Bragð sem allir elska!
Þrjár tegundir
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
BÓNUS



Bónus býð
Sjáðu verðið!
Bónus hamborgarhryggur
KÍLÓVERÐ:
899 KR.
Bónus hamborgarhryggur
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
Léttreyktar svínakótelettur-kílóverð:
1079 KR.
Merkt verð 1798KR.
ÍSLANDS GRÍS
Svínakótilettur
Léttreyktar svínakótelettur
40% afsláttur við kassann
LANGVINSÆLAS
hangikjötið í Bón
Gul melóna
75
KÍLÓVER
Melónur mi
2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g
FRESCHETTA
Limited Edition
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS FOR FREE
PIZZA ROMA
1200g pitsutilboð
ALI beikon með
Ali
BACON
ALI BEIKON
1203 kg KR.
Merkt verð 1719KR.
BÓNUS



**BARMMERKJAVÉL ÁSTARINNAR**

Stefán Pálsson sagnfræðingur og friðarsinni á barmmerkjavél sinni margt að þakka.

TILBOÐ 7



**MATURINN HANS GEORGE**

George Holmes á Indian Mango gefur lesendum uppskrift að þriggja rétta máltíð.

MATUR 4

allt



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Perlan** er þekkt fyrir góðan mat og nú geta þeir sem fara út að borða í Perlunni valið á milli fjögurra rétta villibráðarveislu og sjávarréttaveislu á aðeins 5.950 krónur. Jólahlaðborð Perlunnar hefjast svo 23. nóvember en vegna mikillar aðsóknar síðustu árin er byrjað að taka niður borðapantanir nú þegar.



**Grillið** býður nú upp á nýjan og glæsilegan matseðil.

**Innval** býður viðskiptavinum sínum fimmtán prósenta afslátt í dag og á morgun af fataskápum sem eru sniðnir eftir máli án aukakostnaðar.

**Útsöluhorn** Topphússins er fullt af góðum vörum og þar má finna yfirhafnir og ýmiss konar fylgihluti með fimmtíu prósenta afslætti.

**Kaldir** dagar eru í verslunum Ormsson þessa dagana. Veittur er fimmtán til tuttugu prósenta afsláttur af kæli- og frystiskápum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 15. september, 258. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.50 | 13.23 | 19.54 |
| Akureyri | 6.32 | 13.08 | 19.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




„Ég gat lært meira um ítalska matargerð með því að vinna á góðum ítölskum veitingastað," segir Sigurrós Pálsdóttir eðalkokkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kokkur í Mílanó

***Sigurrós Pálsdóttir starfar sem matreiðslumaður á grænmetis -og fiskiveitingastað í Mílanó á Ítalíu. Staðurinn heitir Joia og skartar einni Michelinstjörnu.***

„Ég útskrifaðist frá Hotel & Restaurant skolen í Kaupmannahöfn í fyrra, eftir að hafa lært á Krogs-fiskerestaurant, en hef nú starfað á veitingastaðnum Joia í hálft ár," svarar Sigurrós þegar blaðamaður spyr hana um ferilinn í kokkamennskunni. „Ástæðan fyrir því að Mílanó varð fyrir valinu eftir útskriftina var eiginlega sú að með því að fara þangað gátum við unnusti minn sameinað áhugasvið okkar beggja. Sjálfa langaði mig að læra meira um ítalska matargerð og hann vildi læra eitthvað sem hann hafði ekki komið nálægt áður. Þannig að úr varð að unnustinn fór í nám í innanhússhönnun og ég gat lært meira um ítalska matargerð með því að vinna á góðum ítölskum veitingastað."

Joia skartar einni Michelin-stjörnu en Sigurrós segir Michelin-staðalinn marktækastan allra einkunnastaðla á þessu sviði.

„Upphaflega var það Michelin-fyrirtækið franska sem bjó til staðalinn í þeim tilgangi að hvetja Frakka til að vera duglegri að fara í ökuferðir út á land og heimsækja m.a. veitingastaði og hótel. Þetta var á árabilinu milli 1940 og 1950.

Ein stjarna þýðir að ef þú ert í nágrenninu þá er það þess virði að heimsækja viðkomandi hótel eða veitingastað. Tvær stjörnur þýða að ef þú ert í nágrenninu þá máttu ekki sleppa því að fara þangað og þrjár stjörnur þýða að það er þess virði að gera sér sérstaka ferð til þess eins að dvelja á hótelinu eða borða á veitingastaðnum."

Áhugasamir matgæðingar sem eiga leið um Mílanó og langar að bragða á matnum hennar Sigurrósar geta lagt leið sína á Joia, en heimilisfangið er:

Via P. Castaldi 18,
20124 Milano.

*margret.hugrun@frettabladid.is*




Eigendaskipti verða á Greifanum á Akureyri í byrjun næsta mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## Nýir greifar á Akureyri

EIGENDASKIPTI VERÐA Á VEITINGAHÚSINU GREIFANUM Á AKUREYRI Í NÆSTA MÁNUÐI.

Þann 1. október næstkomandi verða eigendaskipti á Greifanum á Akureyri. Fyrri eigendur, sem rekið hafa Greifann í sextán ár, ætla að snúa sér alfarið að hótelrekstri. Undir nafni Kea-hótela eiga þeir og reka sex hótel. Fjögur þeirra eru á Norðurlandi, Hótel Kea, Harpa, Norðurland og hótel Gígur, og tvö í Reykjavík, Hótel Borg og Björk.

Hinir nýju eigendur Greifans eru þau Hugrún Helga Guðmundsdóttir og Arinbjörn Þórarinsson. Bæði eru þau fædd og uppalin á Akureyri og þekkja vel til Greifans en þau hafa unnið á veitingastaðnum um alllangt skeið. Hugrún er lærður framreiðslumaður og Arinbjörn er matvælaframleiðslufræðingur.

Eigendurnir nýju munu njóta liðsinnis rekstrarfélags American Style sem kemur að verkefninu með eignaraðild. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrarformi Greifans. *- jóa*




**Gefið tækifæri** Margir lenda í því að fara á veitingastað og verða fyrir vonbrigðum með þjónustuna eða matinn. Hafið í huga að slæmir dagar finnast líka á veitingahúsum rétt eins og annars staðar. Gefið staðnum annað tækifæri en látið þar við sitja ef allt er á sömu lund.

Sérfræðingar í saltfiski
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



Umahro verður með kynningu á nýjum matseðli á heilsubar Heilsuhússins. Hér sést hann við kennslu á einu námskeiðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Súpur og sykurlaus sætindi

***Á heilsubar Heilsuhússins í Lágmúla er boðið upp á rétti í anda grunnreglnanna tíu, en kynning á nýjum matseðli er nýhafin.***

Matreiðslumaðurinn Oscar Umahro Cadogan mun í þessari viku kynna nýjan matseðil á heilsubar Heilsuhússins í Lágmúla, þar sem boðið verður upp á súpur, sykurlaus sætindi, rétti dagsins „smoothies" eða hristing og ýmiss konar safa. Að hans sögn var maturinn kynntur á nýafstaðinni heilsusýningu í Egilshöll við góðar undirtektir.

Umahro og Þorbjörg Hafsteinsdóttir hafa um nokkurt skeið haldið matreiðslunámskeið undir merkjum grunnreglnanna tíu og heilsubarinn, sem sprottinn er upp úr þeirri heildarhugmynd, er liður í nýrri matvörulínu og hollum skyndibitamat sem boðið er upp á í samvinnu við Heilsuhúsið.

„Hinar tíu grunnlegur byggja á þeirri hugmynd að sameina megi næringarríka og bragðgóða matseld," útskýrir Umahro. „Lögð er áhersla á notkuna hráefna eins og fisks, heilkorns, grænmetis og ávaxta og fleira, en unninni matvöru á borð við smjör, sykur og hvítt brauð er sleppt."

Umahro segir að þar að auki sé fólki kennt að elda á einfaldan og skjótvirkan hátt mat sem geyma má í nokkra daga. „Margir hafa lítinn tíma til einhverra stórframkvæmda í eldhúsinu og þá er hætt við að einhver fljótútbúin eða tilbúin óhollusta verði fyrir valinu," útskýrir hann. „Grunnreglurnar tíu hjálpa þeim að snúa blaðinu við."

Hægt er að kynna sér betur þessar reglur með því að sækja námskeið sem Umahro og Þorbjörg munu halda í Heilsuhúsinu, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Í gær hófst einmitt námskeið þar sem kennt verður hvernig búa megi til gómsæta, sykurlausa eftirrétti og verður það endurtekið í nóvember. Auk þess er alveg tilvalið að kynna sér nýja matseðilinn á Heilsubar Heilsuhússins.

Sjá nánar www.10grunnreglur.com

roald@frettabladid.is



Á námskeiðunum er fólki kennt að elda hollan og góðan mat, sem má geyma í nokkra daga, á skjótan og einfaldan hátt.

## hráefnið }

### Kínakál

Kínakál er ákaflega A- og C-vítamínríkt. Einnig er mikið af steinefnum í kínakáli og er það sérlega næringarríkt. Um kál gildir sú regla að ystu blöðin eru hvað næringarríkust. Græn blöð innihalda meira af steinefnum og vítamínum en þau sem ljósari eru. Hafa skal þó í huga að við suðu tapast nokkuð af vítamínum og steinefnum. Kínakálið er betra að nota hrátt þar sem það er ekki jafn trefjaríkt og annað kál. Kínakálið er þar að auki hitaeiningasnautt og má því borða í tíma og ótíma án þess að þess gæti á vigtinni. (www.islenskt.is)








uppskrift Sigurrósar }



## Grilluð stórlúða fyrir fjóra

800 gr stórlúða
sítrónupipar
salt

Stráið sítrónupipar yfir lúðuflökin og leggið á grillið í þrjár til fjórar mínútur á hvora hlið. Saltið þegar lúðan er tekin af grillinu.

SÓSA
4 grillaðar paprikur, rauðar
3 msk majónes
salt og pipar

Paprikurnar grillaðar, afhýddar og maukaðar með töfrasprota og maukið sett út í majónesið ásamt salti og pipar.

KARTÖFLUMÚS
400 gr kartöflur
1 dós fetaostur
2 grillaðar paprikur, rauðar
smjör og salt

Kartöflurnar soðnar, afhýddar og maukaðar. Blandað með smjöri og salti og smakkað til eftir smekk. Paprikum og fetaosti bætt í.



Heimabakaðir snúðar með grænmeti eru hollir, saðsamir og lystugir.

## Grænmetissnúðar

Uppskrift Ingibjargar Hafstað húsfreyju í Vík í Skagafirði.

6 dl mjólk
2 msk. hunang
1/2 dl olía
1 tsk. salt
1 kg hveiti
1 bréf þurrger

4 sneiðar skinka
1 græn paprika
1 rauð paprika
1/2 blaðlaukur
Smá mexíkóostur eða annar ostur

Mjólkin, hunangið og saltið er yljað. Þurrgerið sett út í og látið bíða smá stund. Síðan er öllu blandað saman og degið hnoðað létt. Látið lyfta sér í um hálftíma og á meðan er grænmetið, skinkan og osturinn skorið smátt. Síðan er deigið flatt út, smurt með smá smjöri og góðmetinu dreift yfir. Deigið rúllað upp og skorið í sneiðar sem látnar eru á plötu. Gott er að pensla þær létt með eggi hrærðu í mjólk. Breitt yfir plötuna og snúðarnir látnir lyfta sér í um 20 mínútur á volgum stað áður en þeir eru bakaðir við 200 gráðu hita þar til þeir eru gullinbrúnir.


Mest
lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005


# Food and Fun í Pétursborg

***Matarveislan mikla Food and Fun leggur land undir fót og gleður matgæðinga í St. Pétursborg næstu daga.***

Dagana 13. til 17. september verður hátíðin Food and Fun haldin í Rússlandi undir nafninu Icelandic Food and Fun St. Petersburg. Hátíðin fer fram í samvinnu við þrjá virtustu og þekktustu veitingastaði Pétursborgar.

Íslendingar eru vel kunnugir þessari hátíð en hún er haldin árlega í Reykjavík. Ár hvert koma allt að þrjátíu heimsfrægir kokkar til landsins og matreiða glæsilega rétti úr íslensku hráefni á veitingahúsum á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta ári héldu tólf íslenskir matreiðslumenn til Washington í Bandaríkjunum og kynntu íslenska eldamennsku. Nú ætla Íslendingarnir að sleppa fram af sér beislinu í rússneskum eldhúsum og hafa sér til fulltingis fjóra góðvini frá Washington, þá Robert Wiedmayer frá veitingastaðnum Marcel's, Jeff Buben frá Vidalia, Gus Demillo frá DC Coast og Ris Lacoste. Frá Noregi kemur Jonas Lundgren yfirkokkur á Bagatelle í Ósló og frá Finnlandi koma Timo Melto og Matti Lempinen matreiðslumeistarar. Íslensku kokkarnir eru þeir Eyþór Rúnarsson hjá veitingahúsi Sigga Hall á Óðinsvéum, Guðvarður Gíslason á Apótekinu, Hallgrímur Sigurðsson, matreiðslumeistari á Vox og Siggi Hall, en hann verður eins konar yfirkokkur þessarar hátíðar.

Þessir höfðingjar munu sýna listir sínar á veitingastöðunum Rypa, Moskvu og Bellini og einnig á Ambassador-hótelinu. *- jóa*



Frá opnun Food and Fun á Íslandi síðastliðinn febrúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Rífandi fiskirí á öllum miðum

***Um helgina verður efnt til viðamikillar hátíðar, Fiskirís, um allt land. Henni er ætlað að minna fólk á fiskinn okkar, hversu góður hann er, hollur, og auðveldur í matreiðslu.***

„Ætlunin er að vekja athygli á fiskinum sem ákjósanlegu hráefni til matargerðar. Bæði með hliðsjón af því að hér er um mikið hollustufæði að ræða og hinu, sem okkur langar að undirstrika, að fiskur er í rauninni skyndibiti í þeim jákvæða skilningi að hann er gott hráefni í skyndimatargerð,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Yfirvöld hafa ákveðnar áhyggjur af fiskneyslu þjóðarinnar en hún hefur minnkað og þá sérstaklega hjá yngra fólki. „Við teljum að það sé þörf á því að vekja fólk til vitundar um mikilvægi fisksins. Við erum fiskframleiðsluþjóð og fiskútflutningsþjóð og það er mikilvægt að slík þjóð kunni skil á þessu góða hráefni,“ segir Einar.

Minntur á hátt fiskverð hérlendis og spurður hvort það spili inn í minni neyslu játar Einar að vissulega hafi verð hækkað. „Fiskur er hins vegar ekki jafn dýrt hráefni og af er látið. Hann nýtist afskaplega vel. Hann er seldur beinhreinsaður og flakaður og því er hinn raunverulegi kostnaður til matargerðar lægri,“ segir Einar. „Niðurstöður þeirra athugana sem gerðar hafa verið segja að það sé ekki hátt verð sem sé ástæða minnkandi neyslu, heldur að í huga fólks er fiskur ekki jafn aðgengilegt hráefni og raun er á.“

Um áttatíu veitingastaðir taka þátt í hátíðinni með því að hafa fiskmeti og sjávarfang í öndvegi á matseðlum sínum. Hverjum stað er það í sjálfsvald sett hvernig þetta er framkvæmt og er því um gríðarlega fjölbreytni að ræða, bæði hvað varðar hráefni og eldunaraðferðir sem og verð.

Hátíðinni verður fylgt eftir með upplýsingum og fræðslu frá Lýðheilsustöð, Rannsóknastofu fiskiðnaðarins og Rannsóknastofu í næringarfræði. Öllum nemendum í útskriftarárgöngum framhaldsskólanna verður færð matreiðslubók að gjöf, sem full er af fljótlegum og gómsætum sjávarréttum sem auðvelt er að töfra fram.

*tryggvi@frettabladid.is*



Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vill auka fiskneyslu ungs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






Calamarie piri piri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Maturinn hans George

***George Holmes rekur veitingastaðinn Indian Mango á Frakkastíg.***

Á Indian Mango eldar George ekta indverskan mat og leggur mikla áherslu á að stytta sér ekki leið í þeim efnum. Eini munurinn á því sem hann eldar hér og austurfrá er hráefnið, en það er íslenskt eins langt og það nær.

George var svo rausnarlegur að láta Fréttablaðinu í té uppskrift að þriggja rétta máltíð þar sem aðalrétturinn er svartfugl að hætti hússins.

**CALAMARIE PIRI PIRI**
**15 litlir calamarie**
**salt eftir smekk**
**1 msk. edik**
**2 tsk. sykur**
**1 tsk. chili-mauk ( maukað ferskt chili)**
**olía til steikingar**

*Blandið öllum hráefnum saman, látið standa í 10 mínútur. Pönnusteikið og berið fram með fersku mangósalati sem kryddað er með salti, svörtum pipar og mangódufti (fæst hjá Nings eða í Filippseyjabúðinni).*

**TANDOORI-SVARTFUGL - FYRIR FIMM**
**1 kg svartfuglsbringur**
**salt eftir smekk**

**KRYDDLÖGUR:**
**1 msk. hvítlaukur og engifer saxað mjög smátt**
**1 msk. tandoori-duft**
**250 ml AB mjólk**
**1 msk. sítrónusafi**

**GRÆNMETI,**
**1 gulrót**
**1 lítið eggaldin**
**1 lítil sæt kartafla**
**1 lítil rófa**
**1 lítil kartafla**

*Marinerið svartfuglsbringurnar í kryddleginum í 24 klukkustundir. Bakið í ofni í 10 mínútur við 180°C eða eftir smekk.*

*Berið fram með hrísgrjónum, grænmeti og grænu chutney.*

*Skerið grænmetið í strimla,*



George Holmes rekur veitingastaðinn Indian Mango. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Tandoori svartfugl með grænu chutney



Shira er bæði morgunmatur og eftirréttur.

*steikið á pönnu, kryddið með salti, svörtum pipar og aðvitað mangódufti.*

**GRÆNT CHUTNEY MEÐ SVARTFUGLI**
**2 langir grænir chili**
**1 bolli fersk mintulauf**
**2–3 bollar söxuð fersk kóríanderlauf**
**3 msk. sítrónusafi**
**1 tsk. sykur**
**salt eftir smekk**
**½ tsk. nýmulinn svartur pipar**

*Blandið öllu saman í matvinnsluvél og berið fram ferskt með svartfuglinum.*

**SHIRA (KESARIBHATH)**
**- UPPÁHALD INDVERJA OG ER BÆÐI MORGUNMATUR OG EFTIRRÉTTUR.**
**1 bolli semolína mjöl**
**1 bolli mjólk**
**¾ bolli ghee (má nota ósalt smjör)**
**¾ bolli sykur**
**8 – 10 cashew-hnetur**
**nokkrar rúsínur**
**grænar kardimommur, malaðar**

*Hitið pönnu, bræðið ghee (eða ósalt smjör) á pönnunni. Bætið semolínamjölinu á pönnuna og steikið í 10 mínútur á lágum hita. Þegar mjölið er gullinbrúnt er mjólk blandað saman við. Hrærið varlega, Setjið lok á pönnuna og sjóðið í 4-5 mínútur.*

*Bætið nú sykri, rúsínum og hnetum og kardimommuduftinu út í blönduna. Setjið lokið á aftur, slökkvið undir hitanum og látið bíða í 3-4 mínútur. Þegar sykrinum er bætt út í gæti blandan litið út fyrir að vera of blaut, látið bíða smástund og mjölið drekkur í sig vökvann.*

*tryggvi@frettabladid.is*


Stórfjölskyldan öll sér um rekstur veitingastaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Tilvalinn staður fyrir stóra hópa

***Thaishop matstofa er nýr taílenskur veitingastaður á Lynghálsi. Staðurinn er fjölskyldufyrirtæki og meðal eigenda eru Kristmann Þór Einarsson og Ruttanaporn Kandong eiginkona hans.***

Nokkrar vikur eru síðan Thaishop matstofa var opnuð og Kristmann segir að aðsóknin aukist dag frá degi. „Við höfum ekkert mikið verið að auglýsa staðinn en hann hefur einhvern veginn auglýst sig sjálfur. Síðan við opnuðum höfum við verið að fínpússa ýmislegt og ágætt að viðskiptin fari rólega af stað,“ segir hann.

Veitingastaðurinn tekur sjötíu manns í sæti og er tilvalinn fyrir stóra hópa. „Við erum svolítið að stíla inn á fyrirtæki og erum með bar og karókí svo þetta er kjörinn staður fyrir starfsmannahópa sem vilja fara saman út að borða og skemmta sér.“


Ruttanaporn, systkini hennar og mágkona sjá um matreiðsluna.


Kristmann segir að matargestum fjölgi dag frá degi.

Matstofan er opnuð klukkan hálf tólf á daginn og er opin til níu á kvöldin. „Á föstudags- og laugardagskvöldum er svo hugmyndin að hafa barinn opinn fram til svona þrjú og þá er líka hægt að fara í karókí,“ segir Kristmann.

Thaishop matstofa er fjölskyldufyrirtæki og öll stórfjölskyldan kemur að rekstrinum. „Ég og konan mín eigum staðinn ásamt systur hennar og bróður og konunni hans. Konan mín og systkini hennar sjá um eldamennskuna en þau eru frá Taílandi og því vel að sér taílenskri matargerð.“

Fjölskyldan hefur í nógu að snúast því hún rekur einnig verslunina Thaishop í Kópavogi. „Við opnuðum verslunina í fyrra og höfum verið að flytja inn hrísgrjón, sósur og fleira frá Taílandi. Við verðum með verslunina áfram en auðvitað einbeitum við okkur mest að veitingastaðnum þessa dagana,“ segir Kristmann og hlær.

emilia@frettabladid.is


Thaishop matstofa hentar vel þeim sem vilja fara saman út að borða í stórum hópi.

# Safarík, c-vítamínrík og ómissandi með villibráð

***Rifsber eru bragðsterk og henta vel með villibráð.***



Rifsberin vaxa í klösum á þéttum runna sem víða finnst í görðum hérlendis. Hinn fagri litur þeirra gerir þau upplögð til skreytinga, auk þess sem blöðin eru tennt og fara líka fallega á borði með berjunum. Talið er að rifsber hafi fyrst verið ræktuð í Hollandi og Belgíu og eru til heimildir um þau frá því fyrir 1600. Berin eru bragðsterk og mörgum þykja þau of súr til að borða þau fersk en í sykurlegi eru þau frískandi eftirréttur með ís.

Blöð runnans eru tennt með sterkum vígindum og þau má reyndar líka nota sem krydd, fersk eða þurrkuð og best þykja þau þegar þau eru aðeins byrjuð að sölna. Þó eru það berin sem flestir sækjast eftir. Þau henta mjög vel í hlaup þar sem þau innihalda mikið hleypiefni, einkum meðan þau eru ekki fullþroskuð. Slíkt hlaup þykir ómissandi út í sósur með rjúpu og annarri villibráð.

Rifsber innihalda mikið af C-vítamíni og jafngilda þar sítrónum. Þau eru algengustu ber sem vaxa í görðum hér á landi og úr þeim má fá frábærar afurðir. Rifsberjahlaup og sulta er gott búsílag fyrir veturinn og nú meðan berin eru fersk má nota þau í kökur.

**RIFSBERJAHLAUP**
**1 kíló af berjum**
**1 kíló af sykri**
**1 dl af vatni**

Best er að tína berin vel þroskuð og hafa stilka, svolítið af laufblöðum og hálfþroskuðum berjum með því þar eru náttúruleg hleypiefni. Berin eru skoluð, sett í pott og látin sjóða í mauk við lágan hita með vatninu. Þá er sykrinum hrært saman við og suðan látin koma upp aftur og látið sjóða í nokkrar mínútur. Loks er maukið sigtað og tært hlaupið sett á glerkrukkur. Rifsberjahlaup þarf að geyma á köldum stað.

Þótt mun algengara sé að gera hlaup úr rifsberjum en sultu er hér látin fylgja uppskrift að rifsberjasultu. Þessi sulta er ekki eins sæt og hlaupið að ofan en að sjálfsögðu má hafa hlutföllin á berjum og sykri einn á móti einum.

**RIFSBERJASULTA**
**1 kíló rifsber**
**800 g sykur**
**1 dl vatn**

Stilkar og blöð hreinsuð frá berjunum og soðið í vatninu. Rifsber sett í pott og soðin ásamt soðinu af stönglunum sem þá hafa verið teknir úr vatninu. Soðið hægt við lágan hita í um 10 mínútur. Sykrinum bætt í.

gun@frettabladid.is


Rifsberin eru skoluð fyrir notkun og best er að hafa stilkinn með þegar hlaup er búið til.


Þegar rifsberin eru soðin í hlaup er betra að hafa grænjaxla með.



25% afsláttur


Brosdagar
14 - 23 september
Ljósakrónur
Lampar/lampaskermar
Skýrnarkjólar
Sængurver

BORÐ FYRIR TVO
SKEMMUVEGI 6 - BLÁ GATA

# allt tilboð o.fl.

**50%** Kaskó og Nettó eru samtaka verslanir sem eru með topptilboðin þessa viku og bjóða 50% afslátt af fjórum vörutegundum hvor. Það eru tómatar og tvenns konar baunir í dósum hjá Kaskó og sólþurrkaðir tómatar, ólífuolía, spaghetti og makkarónur í Nettó.

## BÓNUS

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Myllu heimilisbrauð 770 g | 129 | 179 | 167 | 30 |
| Bónus ís 1 l | 198 | 259 | 198 | 25 |
| Bónus þorskalýsi 500 ml | 299 | 399 | 598 | 25 |
| KF lifrarpylsa ósoðin | 359 | 598 | 359 | 40 |
| KF blóðmör ósoðinn | 347 | 579 | 347 | 40 |
| KF kofareyktur hangiframpartur m/ beini | 679 | 799 | 679 | 15 |
| Ungnautalundir frosnar | 2.498 | 3.998 | 2.498 | 40 |
| Darru rauðkál 720 g | 98 | 109 | 136 | 10 |
| Darru rauðrófur 720 g | 98 | 109 | 136 | 10 |
| Freschetta pizzur 3*400 g | 599 | 897 | 499 | 35 |

## FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 16. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ali Pork roast steik | 1.124 | 1.498 | 1.124 | 25 |
| Kjúklingaleggir magnpakkning | 454 | 649 | 454 | 30 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.298 | 1.854 | 1.298 | 30 |
| FK brauðskinka | 674 | 899 | 674 | 25 |
| Nautahakk 2.5 kg | 2.495 | 3.120 | 998 | 20 |
| Broccoli blanda frosin 2.5kg | 598 | 753 | 239 | 20 |
| Sumarblanda 2.5kg | 362 | 462 | 145 | 20 |
| Ferskur ananas | 159 | 219 | 159 | 25 |
| Appelsínur | 98 | 159 | 98 | 40 |

## HAGKAUP

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kentucky bitar (hjúpaðir bitar) eldað | 787 | 1.050 | 787 | 25 |
| Western lundir ferskar | 1.607 | 2.295 | 1.607 | 30 |
| BBQ bitakjúklingur ferskur | 557 | 795 | 557 | 30 |
| Kalkúnn 1/1 frosinn | 669 | 929 | 669 | 30 |
| Hamborgarar 175 g úr kjötborði | 199 | 245 | 199 | 20 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Chicago T. pizza American Supreme 520 g | 299 | 549 | 575 | 45 |
| Amerísk sandkaka með súkkulaði | 699 | nýtt | stk | 699 |
| Ben & Jerrys ís 7 teg. | 419 | 699 | 419 | 40 |

## KASKÓ

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Mexíkó Wrap Tortilla 25 cm 8 stk | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Mexíkó Taco Shells 173 g | 119 | 199 | 119 | 40 |
| Mexíkó Taco Sauce Med 230 g | 83 | 139 | 83 | 40 |
| Mexíkó Taco Sauce Hot 230 g | 83 | 139 | 83 | 40 |
| Mexíkó Chunky Salsa Hot 300 g | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Mexíkó Chunky Salsa Med 300 g | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Hakkaðir tómatar m/hvítl 400 g í dós | 39 | 79 | 39 | 50 |
| Nýrnabaunir 420 g í dós | 65 | 129 | 65 | 50 |
| Chili baunir 400 g í dós | 65 | 129 | 65 | 50 |
| Heilir tómatar 400 g í dós | 34 | 69 | 34 | 50 |

## KRÓNAN

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða súpukjöt lítill poki | 299 | 534 | 299 | 45 |
| Gourmet ofnsteik hvítlauks/basil | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Gríms fiskibollur 550 g | 299 | 399 | 544 | 25 |
| Goða lambalifur fersk | 279 | 399 | 279 | 30 |
| Goða lambahjörtu fersk | 269 | 389 | 269 | 30 |
| Naggalínan Cordon Bleu 350 g | 370 | 529 | 1.057 | 30 |
| Naggalínan kjötbollur 450 g | 359 | 513 | 798 | 30 |
| Goða grillborgarar 4 stk. | 399 | 614 | 399 | 35 |
| Nektarínur í öskju | 229 | 298 | 229 | 25 |
| Myllu brallarabrauð 770 g | 99 | 180 | 129 | 45 |

## nettó

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða lambaofnsteik | 979 | 1.398 | 979 | 30 |
| Goða grísastrimlar | 999 | 1.819 | 999 | 45 |
| Þurrkryddaðar lærisneiðar | 1.319 | 2.198 | 1.319 | 40 |
| Reyktir ýsubitar roð og beinhreinsaðir | 739 | 989 | 739 | 25 |
| Úrvals rækja 500 g | 374 | 499 | 374 | 25 |
| Nettó samlokubrauð stórt | 88 | 155 | 88 | 45 |
| Campagne sólþurrkaðir tómatar frá Ítalíu | 119 | 239 | 119 | 50 |
| Campagne spaghetti 500 g frá Ítalíu | 39 | 79 | 39 | 50 |
| Campagne Elbows (Makkarónur) 500 g frá Ítalíu | 29 | 59 | 29 | 50 |
| Campagne Extra Virgin ólífuolía frá Ítalíu | 249 | 499 | 249 | 50 |

## NÓATÚN

Tilboðin gilda til 17. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur af nýslátruðu | 1.298 | 1.698 | 1.298 | 25 |
| Lamba súpukjöt 1. fl. | 398 | 599 | 398 | 35 |
| Ungnautagúllas í villisveppasósu | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Lamba Rib-Eye kjötmeistarans | 2.698 | 3.298 | 2.698 | 20 |
| Lambageiri m/sælkerafyllingu | 2.698 | 3.198 | 2.698 | 15 |
| Grísabógur hringskorinn | 499 | 698 | 499 | 30 |
| Ungnautahamborgarar 120 g 1 stk. | 139 | 198 | 139 | 30 |
| Réttmeti Arabíu kalkúnn 450 g | 517 | 689 | 1.149 | 25 |
| Móðir náttúra kjúklingabaunabuff 320 g | 459 | 579 | 1.434 | 20 |
| EO lífræn sojamjólk 946 ml | 277 | 369 | 293 | 25 |

## Þín verslun

Tilboðin gilda til 20. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri hvítlauksmainerað | 1.496 | 1.870 | 964 | 20 |
| Hrossakjöt saltað úrb. | 504 | 630 | 504 | 20 |
| Pólskar pylsur | 709 | 889 | 709 | 20 |
| Skólaskinka 165 g | 172 | 215 | 1.042 | 20 |
| Weetos heilhveitihringir 375 g | 279 | 373 | 744 | 25 |
| Weetabix 215 g | 139 | 187 | 647 | 25 |
| Weetabix 430 g | 249 | 337 | 579 | 26 |
| Weetaflakes 450 g | 279 | 392 | 620 | 30 |
| Bisca Crisp Rolls 300 g | 109 | 159 | 363 | 30 |
| Bisca Tvebakker 300 g | 109 | 182 | 363 | 40 |
| Bisca Digestive 400 g | 119 | 125 | 298 | 5 |
| Bisca Grazia Orange 150 g | 109 | 169 | 727 | 35 |
| Bisca Grazia Raspberry 150 g | 109 | 169 | 727 | 35 |
| Bisca Grazia Cherry 150 g | 109 | 169 | 727 | 35 |

## Flatskjárdagar í Heimilstækjum



Í VERSLUNUM HEIMILISTÆKJA AÐ SÆTÚNI 8 Í REYKJAVÍK OG EYRARVEGI 21 Á SELFOSSI STANDA NÚ YFIR FLATSKJÁSDAGAR.

Úrvalið er alveg með mikið og fjöldi tilboða í gangi. Sem dæmi má nefna að 37 tommu örþunnur LCD Philips flatskjár er á 249.995 kr. en kostaði áður 299.995 kr. og 42 tomma flatur plasmaskjár frá Philips á 279.995 en kostaði áður 299.995 á fullu verði. Er það fátt upptalið. Það er því um að gera og kíkja áður en tilboðum lýkur. Hægt er að fá allar nánari upplýsingar með því að hafa samband í síma 569-1500 fyrir verslunina í Sætúni eða 480-3700 á Eyrarvegi. Svo er um að gera að skoða heimasíðuna www.ht.is


Haustvörurnar komnar!

-Nýtt kortatímabil-



16.250,-

Gull í Grjóti



31.400,-

Gull í Grjóti • Skólavörðustíg 4 • 101 Rvk • s. 551-5050 • www.gulligrjoti.is

Hárstofan Space

Eva, Pála og Raggi bjóða Kristínu og Bryndísi velkomnar til starfa



Tökum vel á móti nýjum og gömlum viðskiptavinum.

space

Hæðarsmári 6 Sími 544 4455



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMEÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMEÐFERÐIR

SNYRTISTOFAN

salon ritz

LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# Tilboð á Acer í Svari


Í Svari er hægt að fá fjölmargar gerðir Acer-fartölva.

NÚ ERU ALLIR AÐ BYRJA Í SKÓLANUM ÞAR SEM FARTÖLVA ER AÐ VERÐA JAFN NAUÐSYNLEG OG PENNAVESKI.

Í Svar tækni er hægt að fá Acer-fartölvur á skólatilboði. Meðal þeirra véla sem henta námsmönnum er Acer Aspire 366 WLMi, enda er hún kölluð námshesturinn. Hún er með Intel Celeron M 1,5 Ghz-örgjörva, 512 MB DDR2-vinnsluminni, 80 GB hörðum disk, með innbyggðum kortalesara, myndavél í skjá og Windows XP home stýrikerfi.

Vélin kostar 89.900 krónur og henni fylgir þriggja ára ábyrgð. Ef tölvan er keypt býðst viðskiptavini Lexmark X2470 fjölnotatæki sem prentar, skannar, og ljósritar á 8.900 krónur og að uppfæra stýrikerfið í Windows XP PRO fyrir 9.900 krónur.

Svar tækni er til húsa í Síðumúla 37, en allar nánari upplýsingar er að finna á www.svar.is.

# Húsgögn á góðu verði

VALHÚSGÖGN Í ÁRMÚLA BJÓÐA STÓRGOTT VERÐ Á LOKADÖGUM ÚTSÖLU SINNAR.

Útsölunni hjá Valhúsgögnum fer senn að ljúka og nú er því rétti tíminn að skella sér í búðir og gera góð kaup. Meðal þess sem er á sérstöku útsöluverði er vandaður slökunarsófi úr leðri með skemlum á 119 þúsund en sófinn kostar venjulega 149 þúsund. Einnig má fá sófasett úr þykku nautaleðri á 221 þúsund og áklætt sófasett á 99 þúsund. Einnig er til sölu fallegur tungusófi úr leðri á 79 þúsund og vandaðir borðstofustólar eru á góðum afslætti.


Síðustu dagar útsölunnar standa nú yfir í Valhúsgögnum.

Fyrir þá sem vilja svo kaupa sér eitthvað fallegt utan útsölunnar voru Valhúsgögn að fá nýja sendingu af hvíldarstólum með skemlum.

# Ferskt sjávarfang og sushi

SUSHI- OG FISKISÚPUDAGAR ERU Á MÁNUDÖGUM Í SEPTEMBER Í SUSHI-SMIÐJUNNI AÐ GEIRSGÖTU 3.

Á mánudögum í september eru tilboðsdagar í Sushi-smiðjunni. Þá er boðið upp á fiskisúpu fulla af fersku sjávarfangi, hvítum fisk, laxi, rækjum, krækling og kúfskel, brauð, hummus og fimm bita sushibakka á 1.200 krónur.

Þar er líka tilboð sem felst í því að tíunda hver tíu bita sushibakki er frír.


Sushibakki frá Sushi-smiðjunni.

# Barmmerkjavél ástarinnar

***Stefán Pálsson, sagnfræðingur og friðarsinni, á barmmerkjavél sinni margt að þakka. Hún hefur bæði hjálpað mörgu góðu málefninu með merkjum sínum og það sem meira er, hún hefur hjálpað Stefáni að finna ástina.***


Stefán með hjálpartæki ástarinnar: Barmmerkjavél. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árið 2001 lét Stefán gamlan draum rætast þegar hann, í slagtogi við félaga sinn, fékk sér barmmerkjavél. „Við vorum búnir að gæla við þessa hugmynd lengi, sem sagt að koma pólitískum áróðri og ýmsum skilaboðum á framfæri með barmmerkjum. Við slógum til og keyptum vél til barmmerkjagerðar á netinu,“ segir Stefán.

Fjölmörg kvöld hafa farið í merkjagerð fyrir ýmis samtök og málefni, en eins og alþjóð veit er Stefán ötull baráttumaður fyrir friði. Vélin kom sér líka vel þegar hann var í tilhugalífinu. „Barmmerkjavélin spilaði stóran part í því þegar ég náði í konuna mína. Þá þurfti að gera merki fyrir einhvern góðan málstað, mótmælaaðgerðir, friðargöngu eða eitthvað slíkt. Þá þurfti að kalla til vinnufúsar hendur til aðstoðar og það gaf færi á óformlegum fyrstu stefnumótum heima í stofu.“ segir Stefán. „Sumar konur falla fyrir sportbílum en aðrar fyrir verklegum barmmerkjavélum.“

Til að rifja upp verstu kaup Stefáns þarf að hverfa aftur til bernsku hans. „Það var einn veturinn þegar ég var 11 eða 12 ára hér um bil. Þá beit ég það í mig að sniðugt væri að læra á skauta,“ segir Stefán. „Mér tókst með herkjum að öngla saman fyrir skautapari en þetta var fyrir daga skautahalla svo eina vonin til að geta nýtt fjárfestinguna var tjörnin. En það var eins og við manninn mælt, um leið og ég var búinn að kaupa skautana fór að hlána.“

Það sem eftir lifði veturs festi engan frekari ís á tjörnina og það sama var uppi á teningnum næsta vetur. „Þá sjaldan að tjörnin var mannbær þá raðaðist það þannig að ég komst ekki,“ segir Stefán, sem neyddist til að selja skautana, nánast ónotaða og fyrir slikk, þegar hann var vaxinn upp úr þeim. Stefán er enn ekki búinn að ná sér að fullu og segir hann í gríni að hann reki hlýnun jarðar til þessara kaupa, miklu frekar en gróðurhúsalofttegundanna. „Ég veit samt ekki hvort ég fæ Gore til að taka undir það með mér,“ segir Stefán.

*tryggvi@frettabladid.is*


SPRING AIR® THE NeverTurn™ MATTRESS HEILSUDÝNUR







TILBOÐSDAGAR Í SEPTEMBER

MIKIÐ ÚRVAL AF SPRING AIR HEILSUDÝNUM OG RÚMUM

www.design.is ©2006

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

„HANN ER HRESS GAUR OG FÆR SÉR HVÍTVÍN ANNAÐ SLAGIÐ. REYNDAR ER HANN YFIRLEITT MEÐ FLÖSKU Á SÉR.“ [Magni um Tommy Lee]


# SIRKUS

15. SEPTEMBER 2006




## MAGNI ÞAKKAR ÍSLENDINGUM:

# Ótrúlegt hvað þessi litla þjóð getur gert

TÚRAR MEÐ HÚSBANDINU – VISSI AÐ LUCAS MYNDI VINNA – LIFIR FULLKOMNU LÍFI




FÖSTUDAGUR [11°] LAUGARDAGUR [10°] SUNNUDAGUR [9°]

## Hefði ekki komist svona langt í íslensku Rockstar




Sirkusinn er að farast úr stressi. Akkúrat núna sit ég fyrir framan tölvuna og bíð eftir símtali frá rokkstjörnu Íslands. Búinn að lofa mega-viðtali og fara í massíva herferð í kringum það. Hef samt ekki ennþá náð í Magna. Klukkan er hálfellefu og þátturinn á Skjá einum byrjar því eftir tvo og hálfan tíma. Samt er búið að taka þáttinn upp. Lúkas vann víst. Magni lenti í fjórða. Hef sjaldan upplifað eins mikið brjálæði. Kaninn tók okkar manni vel í þessari keppni enda stóð hann sig eins og hetja. Talar líka eins og innfæddur. Ég er stoltur af Magna enda alltaf verið ÁMS-maður. Hef samt pælt í því ef það hefði verið gert íslenskt Rockstar. Þá er ekki sjens að hann hefði komist svona langt. Sem segir kannski margt um okkur íslendinga. En nú er hann stjarna – rokkstjarna. -Sirkusinn

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 2** - Magni Ásgeirsson hefur unnið í Akron við að skera plexígler síðustu sjö árin.



**Síða 8** - Lénið magni.com er til sölu. Til þess að kaupa það þarftu að hringja í símanúmerið 001-781-839-2888



**Síða 12** - Sonur Playboy-kanínunar fyrrverandi, Önnu Nicole Smith, lést eftir hjartaáfall fyrir stuttu aðeins tvítugur að aldri.

### SAMSTARFSFÉLAGAR MAGNA Í AKRON SEGJA STRÁKINN SÚPERSTJÖRNU

# Hann fer nú ekki að koma hingað aftur fyrir eitthvert skítakaup



Samstarfsmenn Magna í Akron

„Hann er svakalega fínn strákur og góður vinnufélagi," segir Katrín Eiríksdóttir, annar eigenda Akron í Síðumúlanum. Fyrirtækið sérhæfir sig í plexígleri og hefur Magni unnið þar undanfarin sjö ár. „Hann er mjög iðinn og duglegur starfskraftur. Við höfum samt ekkert séð hann í þrjá mánuði og búumst ekki við að fá hann aftur. Hann er orðinn heimsfrægur og fer nú ekki að koma hingað á eitthvert skítakaup," segir Katrín og hlær.

Magni kom beint í Akron úr sveitasælunni eins og Katrín orðar það, en þá var hann byrjaður að spila með Á móti sól. „Hann hefur verið að vinna sig upp hægt og bitandi og er nú orðinn algjör súperstar. Við erum rosalega stolt og ánægð fyrir hans hönd."



Magni við vinnu í Akron

Magni hefur verið að smíða alls kyns muni úr plexígleri en hans starf felst aðallega í því að líma og beygja gler, bæði í vélum og í höndunum. „Hann hefur ekki lokið neinu iðnnámi en þjálfaði sig upp hérna hjá okkur. Við dauðsjáum eftir honum."

Katrín segist ekki búast við að fá Magna aftur en aftur á móti vildu þau fá hann tífalt. „Þú veist hvernig þetta er. Við erum að selja útselda vinnu og getum því ekki boðið upp neinn risataxta. Kaupið er ekki eins og það sem hann fær í þessu, en við vildum fegin fá hann."

Katrín segir sannkallað Rockstar-æði hafa ríkt í Akron undanfarnar vikur og samstarfsfélagarnir hafi verið duglegir að kjósa. Að lokum segir Katrín Magna vera súperstrák sem hafi sín gildi á hreinu. „Það er það sem skiptir máli."



## móment vikunnar

**EKKERT MÁL FYRIR JÓN PÁL Hjalti Úrsus Árnason er hér ásamt móður Jóns Páls heitins, Dóru Jónsdóttur, á frumsýningu heimildarmyndarinnar um sterkasta mann allra tíma. Mikill fjöldi mætti á frumsýninguna og mátti meðal annars sjá forseta Íslands borða poppkorn.**

## Ég vil vera ... Elma Lísa Gunnarsdóttir



**1. FATAMERKI? ÞAÐ SEM ER FALLEGT**
„Þar sem ég er fatafrík dauðans og stundum kölluð Fata-Lísa í vinahópnum þá á ég mjög erfitt með að gera upp á milli merkja. Ég er enginn merkjasnobbari og kaupi það sem mér finnst fallegt."

**2. BÍLATEGUND? AMERÍSKUR DREKI**
„Dodge Aries. Þetta er svona ódýr útgáfa af amerískum dreka, svolítið veik fyrir þeim, sem framleidd var í olíukreppunni undir lok níunda áratugarins."



**3. DRYKKUR? VATN**
„H2O er besti drykkurinn, fegrandi og frískandi. En fyrir utan vatn lífsins þá slæ ég sjaldan hendinni á móti þurru og góðu hvítvíni."

**4. ILMVATN? VANILLU**
„Vanille Exquise frá Annick Goutal Paris. Fæst í Kisunni."

**5. BÍÓMYND? MARGAR**
„Þetta er ómöguleg spurning það er svo margt sem heillar."



**6. SUMARFRÍ? TANGÓ**
„Draumurinn er að fara til Argentínu og dansa tangó."



**7. ÍÞRÓTTAMAÐUR? HANDBOLTINN**
„Ólafur Stefánsson, handboltamaður."

**8. HUNDATEGUND? SNOOPY!**



**9. GRÆJA? SÍMI**
„Gyllti Nokiasíminn minn."

**10. LÖSTUR? ZZZZZ**
„Stanslaus svefn!"



SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Heimir Hermannsson, heimir@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is **Yfirmaður sirkusmiðla** Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is





Sept. 2006

Nicorette Fruitmint
Nýtt bragð sem kemur á óvart

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.**
Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

*Tilboðsverð 2006





# Tala meira. Borga minna.

**0,00 kr./mín.**
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90 kr./mín.**
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**www.sko.is**
**Það kostar ekkert að færa GSM símanúmerið til SKO**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

Rokkstjarna Íslands segir íslensku þjóðina hafa komið sér í lokaþáttinn

# Sami Magni og áður – bara aðeins brúnni

Klukkan er ellefu að íslenskum tíma og lokaþátturinn af Rock Star Supernova er að fara í loftið. Blaðamaður situr spenntur við símann, sem skyndilega hringir. „Blessaður Breki, hvað segja bændur?“ heyrist með vinalegri en þreyttri röddu á hinum enda línunnar. Rokkstjarna Íslands hringir beint frá Los Angeles. Fjórir tímar eru síðan þátturinn var tekinn upp og úrslitin eru ljós. Íslendingar hafa hins vegar ekki hugmynd um sigur Lukasar, halda enn í vonina að okkar maður sigri. Maðurinn sem allir hafa talað um síðustu þrjá mánuðina situr uppi á hótelherbergi með konu sinni og er gjörsamlega uppgefinn. Hann gefur sér þó tíma til þess að ræða við Sirkus um ævintýrið sem loks hefur tekið enda.

**Hvað segir strákurinn „okkar“ þá?**
„Alveg ljómandi.“

**Hvernig er tilfinningin nú þegar þetta er loksins búið?**
„Það eru bara nokkrar mínútur þangað til ég sofna held ég. Ég vaknaði klukkan þrjú í morgun og nú er klukkan fjögur eitthvað. Ég er búinn að vera í viðtölum í þrjá eða fjóra tíma eftir að þessu lauk. En það eru samt mjög blendnar tilfinningar í gangi. Mestmegnis er þetta ólýsanleg gleði og frelsistilfinning. Við erum öll orðnir rosalega góðir vinir og ég hef kynnst mörgu fólki. Ég mun samt sakna þess mest að fá ekki að vera á sviðinu en þetta er mikill léttir.“

**Gerirðu þér grein fyrir hvað þú ert orðinn mikil stjarna hérna heima?**
„Nei, ég veit ekkert hvað þú ert að tala um. Ég hef ekki einu sinni kveikt á tölvu og veit því ekkert hvað er í gangi á Íslandi.“

**Ætlarðu að túra með húsbandinu?**
„Ég fer líklega í það núna í janúar, já. Það er nú ekki búið að ganga frá því en þeir hljóta að leyfa mér að koma með á Supernova-túrinn.“

**Spenntur fyrir því?**
„Að sjálfsögðu. Þetta húsband er líklega besta hljómsveit í heiminum. Trommarinn er ótrúlegur og einhver besti drengur sem ég hef hitt.“

Magni er greinilega mjög feginn að hitta Eyrúnu konu sína og er alveg með á hreinu hvað sé fram undan.

„Planið er að fara heim og leika við soninn í svona tvær vikur og kannski konuna líka. Síðan höldum við í Á móti sól áfram að taka upp nýja plötu. Svo veit ég ekkert meira. Það eru nú bara fjórir klukkutímar síðan þetta kláraðist þannig að ég er ekkert farinn að pæla í þessu.“

**Hverjir voru nettastir þarna í hópnum?**
„Sko, Josh var besti vinur minn og við náðum mjög vel saman. Síðan þegar hann fór voru það Dilana og Toby sem voru mínir bestu vinir. Það þurfti tvo til þess að fylla skarðið hans Josh, því hann var svo skemmtilegur.“

**Var ekkert á milli keppenda? Var enginn af ykkur að tékka eitthvað á stelpunum?**
„Ertu að tala um serðingar? Málið var að Toby var eini gæinn sem var á lausu í húsinu. Og hún Dana var eina „single“ gellan. Málið var bara að þau fíluðu ekki hvort annað. Við vorum alltaf að reyna að koma þeim saman en það gekk ekki neitt. Við litum svolítið á þetta þannig að ef þau myndu gera eitthvað gætum við haft



„Hann er svolítið hress gaur og fær sér hvítvín annað slagið. Reynar er hann yfirleitt með flösku á sér.“
*[Magni um Tommy Lee]*

# FRAMÚRSKARANDI fínar

Gateway®

## Gateway fartölva M465E

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Core Duo T2300 1.66GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 |
| Vinnsluminni | 512Mb 533MHz DDR2 |
| Skjár | 15,4" WXGA TFT (1280x800) |
| Skjákort | Innbyggt Intel GMA 950 |
| Harður diskur | 60GB 5400 rpm Serial-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótald |
| Innbyggt þráðlaust netkort | 802.11 a/b/g |
| Hljóðkort | Innbyggt hljóðkort, hátalarar |
| Mús/lyklaborð | Lyklaborð og EZ Pad snertimús |
| Tengi | 4x USB 2.0, FireWire, S-Video, VGA skjátengi |
| Minniskortalesari | 6-in-1 |
| Rafhlaða | 6 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Professional |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer: GWM465E1

**129.900 kr.**



## Gateway fartölva M465X

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Core Duo T2400 1.83GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 |
| Vinnsluminni | 1024Mb 533MHz DDR2 (1x1024) |
| Skjár | 15,4" WXGA TFT (1280x800) |
| Skjárkort | 128MB-256MB ATI Radeon X1400 PCIx |
| Harður diskur | 80GB 5400 rpm Serial-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótald |
| Innbyggt þráðlaust netkort | 802.11 a/b/g |
| Hljóðkort | Innbyggt hljóðkort, hátalarar |
| Mús og lyklaborð | EZ Pad snertimús og lyklaborð |
| Tengi | 4x USB 2.0, FireWire, S-Video, VGA skjátengi |
| Minniskortalesari | 6-in-1 |
| Rafhlaða | 8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Professional |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer: GWM465X

**179.900 kr.**



## Flatur skjár 19" FPD1975W

| | |
|---|---|
| Upplausn | 1440 x 900 @ 60/75 Hz, HD-ready |
| Birta | 300 cd/m2 |
| Litir | 16,2 milljón |
| Skerpa | 700:1 |
| Hlutfall | 16:9 breiðtjald |
| Viðbragðstími | 8ms |
| Sjónarhorn | 150° lárétt, 135° lóðrétt |
| Tengi | Analog/Digital |

Vörunúmer: GWFPD1975W

**34.900 kr.**

ODDI

Oddi hönnun VO_B8643

www.oddi.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

gaman af því og kannski klappað. En það gekk bara eitthvað illa að koma henni upp á hann. Toby var svosem alveg til í þetta en það var voðalega lítið action í þessu húsi.“

**Hvernig var rokkaralífið í rokkhöllinni? Var þetta bara hundleiðinlegt?**
„Þetta var nú ekki leiðinlegt en vissulega komu leiðinlegir tímar inn á milli en ekkert yfirþyrmandi. Fyrst voru náttúrlega fimmtán manns þarna og þetta var eins og að búa á heimavist. Ef þér leiddist fórstu bara og spjallaðir við einhvern en í lokin var alveg brjálað að gera. Við vorum til dæmis ekkert í þessu húsi síðustu tvær vikurnar. Þegar það voru átta eftir kom smá millibilsástand því allir voru búnir að tala um allt sem hægt var að tala um. Einn eða tveir fóru í taugarnar á öllum, sem var svolítið þreytandi. Síðan vaknaði þetta aftur þegar fimm voru eftir.“

**Stíft prógramm?**
„Já, það var margt sem kom ekki fram í þáttunum. Til dæmis þegar við fórum til Vegas þá

## „Lúkas sat svo bara úti í horni með bjór og brosti.“



## „Þau kölluðu mig „The human jukebox“.“

vöknuðum við klukkan hálf fjögur, tókum upp heilan þátt og sendum tvo heim. Fórum svo aftur heim, pökkuðum og fórum svo til Vegas. Þá var bara einn dagur búinn og við ekki byrjuð í ruglinu enda sofnuðu allir bara um tíuleytið.“

**Er Tommy Lee jafn rosalegur og maður heldur?**
„Hann er svolítið hress gaur og fær sér hvítvín annað slagið. Reynar er hann yfirleitt með flösku á sér. Hinir eru rólyndisdrengir og ég sá þá til dæmis ekkert í partíinu þarna í Vegas. Tommy heldur uppi rokkmerkjum hljómsveitarinnar en nú er komin samkeppni því Lukasi finnst bjór góður. Þeir voru alla vega mjög hressir saman í vélinni á leiðinni til Vegas, get ég sagt þér.“



**Ekkert eitt sem stendur upp úr?**
„Jú þegar Jason [Newsted, bassaleikari SN] kom yfir á setrið fyrir fjórum eða fimm dögum. Hann býr nefnilega bara hinum megin við götuna og rölti yfir. Við fórum inn í æfingarhúsnæðið og djömmuðum í fimm og hálfan tíma án þess að stoppa. Ég tók bassann í einhverja þrjá tíma og gat varla hreyft á mér hendina. Þetta var mikill hápunktur því hann er í miklu uppáhaldi hjá mér.“

**Einhver ÁMS -ög?**
„Nei, við vorum mestmegnis bara að djamma. Sömdum einhver tvö lög þarna. Dilana kikti reyndar líka en gafst fljótlega upp. Lukas sat svo bara úti í horni með bjór og brosti.“

**Þessi kosningaherferð sem þú fórst í í einum þættinum. Heldurðu að hún hafi hjálpað þér?**
„Þessi „herferð“ var nú bara þannig að ég var að grínast við gaurinn sem var að taka viðtalið. Þeir notuðu þetta svo skemmtilega og ég hló mig máttlausan þegar ég sá þetta. Kaldhæðnishúmorinn kom sterkur inn. Bandaríkjamenn skilja ekki kaldhæðni en þetta svínvirkaði samt.“

**Hvert var minnisstæðasta atriðið í keppninni?**
„Það voru nú bara öll lögin sem Zayra tók. Sérstaklega þegar hún fór upp á svið klædd eins og óskarsverðlaunastytta.“

**Hvernig týpa er Zayra?**
„Hún er alveg æðisleg. I don´t know what you´re saying. Ég get svarið það að hún kunni ekki eitt einasta lag. Ég þurfti að byrja á því að spila hvert einasta lag fyrir hana þegar við vorum að velja lögin og kenna henni öll helvítis lögin áður en hún valdi. Hún er samt frá Puerto Rico og er ekkert alin upp við þessi lög. Það er reyndar það flottasta við hana því hún hefur enga áhrifavalda. Músíkin vellur bara upp úr henni.“

**Þú varst mikið að aðstoða fólk með lögin. Kanntu bara öll lög og texta?**
„Þau kölluðu mig „The human jukebox“. Fyrir mér er þessi tegund tónlistar ekkert mál og hefur aldrei verið.“

**Eru hinir krakkarnir á leiðinni til islands?**
„Planið er að halda tónleika með húsbandinu í byrjun desember á Íslandi. Þá myndu Toby, Dilana og Storm koma. Við sjáum hvað gerist en það eru allavega allir geim.“

**Er poppstjarnan Magni orðinn rokkstjarnan Magni?**
„Hver er munurinn á poppi og rokki?“

**Alltaf svona mikill rokkari?**
„Já, ég hef alltaf verið meiri rokkari en flestir halda. Þetta er samt bara spurning um að hafa gaman að því sem maður er að gera, þá skiptir engu máli hvað músíkin heitir. Ef mig misminnir ekki er orðið popmúsík, popular músík, og það er ekkert að því að vera vinsæll. Þú getur verið eins langt og þú getur úti á vinstri kantinum

## „Eftir þessa dvöl hérna hef ég komist að því að ég lifi gjörsamlega fullkomnu lífi.“



grenjandi heima hjá mömmu, þetta er bara spurningin um að gera eitthvað.“

**Grunaði þig einhverntíma að þú myndir ná svona langt?**
„Nei, blessaður vertu. Ég ætlaði bara að vera hérna í svona tvær vikur. Ætlaði meira að segja að taka Eyjar um verslunarmannahelgina með Á móti sól.“

**Hvenær fær maður að sjá þig næst á balli með Á móti sól?**
„Ég er nú bara ekki viss. Ætli það verði ekki bara í lok mánaðarins örugglega.“

**Viltu segja eitthvað að lokum við alla sem hafa stutt þig í gegnum þetta?**
„Ég vil bara koma þökkum til íslensku þjóðarinnar eins og hún leggur sig fyrir að leyfa mér að vera strákurinn þeirra í smástund eins og handboltalandsliðið. Sérstaklega þar sem þetta er búið og ég er ennþá strákurinn þeirra. Svo vil ég þakka Flugleiðum fyrir að fljúga fjölskyldunni minni hingað út og bara þjóðinni fyrir að hafa komið mér í lokaþáttinn. Það er ótrúlegt hvað þessi litla þjóð getur gert.“

**Ætlaðirðu nokkuð að vinna þetta?**
„Ég hefði nú ekki haft neitt á móti því. En ég vildi meira að Lukas myndi vinna. Hann þarf meira á því að halda. Eftir þessa dvöl hérna hef ég komist að því að ég lifi gjörsamlega fullkomnu lífi. Við Toby vorum allavega mjög ánægðir með Lukas.“

**Ertu ennþá sami Magni núna og þegar þú fórst út?**
„Já, ég held það, bara aðeins brúnni.“

Við þökkum Magna kærlega fyrir að hafa gefið sér tíma til þess að tala við okkur og bjóðum honum góða nótt í LA. Ætli það sé ekki við hæfi að enda þetta á sömu orðum og rokkararnir í Supernova notuðu þegar þeir kvöddu Magna: „You are heading on to be the king of Iceland.“

# Aðdáendur spyrja Magna

**Rakarðu bara hárið af hausnum eða af fleiri stöðum?**
[Þórhallur Þórhallsson]
„Svarið við þessari spurningu er eftirfarandi. Er ekki í lagi heima hjá þér?“

**Heldurðu að það hafi verið ákveðið næstum frá upphafi hver ætti að vinna?**
[Anna Safy]
„Nei, ég held að það hafi nú ekki verið ákveðið. Ég vissi samt strax hver væri í uppáhaldi hjá Tommy og hann vann. Þeir áttu allir þrír sitt uppáhald. Jason var með mig, Gilby með Dilönu og Tommy með Lukas, hann er bara frekastur hann Tommy.“

**Hvernig er Lukas án make-up?**
[Guðjón Örn Helgason]
„Þetta er Lúkas ómálaður. Hann fæddist svona enda hef ég aldrei séð hann ómálaðan. Ég henti honum fjórum sinnum í sundlaugina og hann kom alltaf svona upp úr.“

**Veistu eitthvað hvort Tommy Lee eða Dave Navarro hafi sofið hjá einhverjum kvenkyns keppendum Rockstar? Þá aðallega Storm?**
[Ragnar Másson]
„Nei, það er langt því frá. Það gerðist ekkert svoleiðis.“

**Uxu rokkgoðin í áliti hjá þér eftir dvölina í US?**
[Bára Brynjólfsdóttir]
„Já, að vissu leyti. Þeir eru mun skemmtilegri en ég hélt.“

**Telur þú að einhvern tíma muni fæðast maður sem getur synt hraðar en hákarl?**
[Arnfríður Arnmundsdóttir]
„Uuuuu... jaaaa... nei, það held ég ekki.“

Notendur www.minnsirkus.is gátu farið inn á vef blaðsins og sent okkur spurningar. Fjöldinn allur kom af spurningum og svaraði Magni nokkrum laufléttum.



## Magni um hina keppendurna

**Lukas**



„Hann virkar kannski illa á marga en hann meinar ekkert illt með því. Hann er eiginlega bara eins og litli bróðir minn. Einn ljúfasti drengur sem ég hef hitt og mikill vinur vina sinna. Ég gæti ekki verið ánægðari með að hann hafi unnið enda smellpassar hann í þetta band.“

***Sástu fljótlega að hann myndi sigra?***
„Ég vissi að hann myndi vinna frá fyrsta degi, held ég. Hann hefur nefnilega þetta extra stjörnu „quality“ sem þarf.“

**Toby**



„Þegar ég byrjaði í þessum þætti hélt ég að hann væri óþolandi íþróttagaurinn. Kom mér fyrir sjónir sem hrokafullur brimbrettagaur. En hann er svo langt frá því að vera það og hefur vaxið hvað mest sem persóna held ég. Í lokin var hann orðinn gæinn sem sá um að hugga alla og opna sig. Storm átti til dæmis svolítið erfitt í lokin, var þunglynd og svona. Hann sá alveg um hana og stappaði í hana stálinu enda voru allir að hjálpa hver öðrum. Þetta var bara eins og að búa með systkinum sínum.“

**Dilana**



„Ég sá um að halda henni gangandi en hún er náttúrlega snargeðveik. Eða nei, nei, hún er ekkert svo klikkuð og er líklega besti performinn sem var þarna. Hún átti aldrei slæman dag á meðan við hin fórum upp og niður og gleymdum orðum og svona. Hún er algjör snillingur og á eftir að vera mjög stór. Eða þú veist, hún verður náttúrlega alltaf dvergur en á annan veg.“

„Toby djókaði nú alltaf með það þegar hún sagðist vera eina stelpan sem væri eftir. Þá leit hann á hana og sagði þú ert ekkert stelpa og hristi hausinn. Við kölluðum hana lukkutröllið.“

***Hún sannaði nú að hún væri kona þegar hún hljóp allsber?***
„Já, var það? Það var nú ekki mikið að gerast þarna.“







## FRAMMISTAÐAN Í MÁLI OG MYNDUM

# „Magni-ficent“

### VIKA 1



„I can´t Get No Satisfaction“
**The Rolling Stones**
„Fyrsta kvöldið var Magni í miklu stuði enda oft tekið þennan slagara á sveitaböllunum. Strákarnir voru nokkuð sáttir með Magna. Dave Navarro sagði þetta þó vera svolítið „Vegas-legt“ en Magni andmælti og sagðist aldrei hafa komið þangað. Gilby var sammála Dave en sagði Magna þó vera með sterka rödd.“

### VIKA 2



„My Generation“
**The Who**
„Næst var það þessi klassíski slagari Who. Magni setti upp sólgleraugu og strákarnir í hljómsveitinni virtust fíla þetta vel. Mun betri frammistaða en í fyrsta þættinum og sjálfstraustið greinilega í fínu lagi hjá okkar manni. Fékk almennt hrós frá strákunum sem hann átti svo sannarlega skilið.“

MAGNAÐ MÓMENT

### VIKA 3



„Plush“
**Stone Temple Pilots**
„Brooke kynnti Magna sem „The Iceman“. Strákurinn var aftur með sólgleraugu en þó önnur sem minntu nokkuð á Bono úr U2. Frammistaðan var ótrúleg. Magni sýndi og sannaði að hann var ekki þarna fyrir einhverja tilviljun. íslenska þjóðin fékk gæsahúð í fyrsta skiptið og Tommy hafði eitt um þetta að segja „Magni-ficent“ og Gilby tók í sama streng. „Í byrjun efaðist ég um hæfileika þína á sviði. Síðan hefurðu neglt þetta. Frábært.“ Þessi frammistaða gerði það að verkum að Magni fékk að taka lagið aftur kvöldið eftir. Og var valinn bestur í þetta skiptið. Hann átti það sannarlega skilið.“

### VIKA 4



„Heroes“
**David Bowie**
„Nú mætti Magni án gleraugnanna og lét þetta frábæra lag tala fyrir sig. Var með gítarinn og söng lagið óaðfinnanlega. Rokkaði það upp á réttum stöðum. Gæsahúðin lét á sér kræla. Strákarnir í Supernova voru þó ekki jafn hrifnir og íslenska þjóðin. Tommy setti út að Magni væri með gítar. Og Gilby sagði hann hafa farið rangt að þessu. Röddin væri þó í góðu lagi.“

### VIKA 5



„Clocks“
**Coldplay**
„Magni var búinn að losa sig við gítarinn og greinilegt var að hann naut sín á sviðinu. Frábært lag sem sýndi hversu góður söngvari Magni er í raun og veru. Enn og aftur kom gæsahúð. Magni æpti á áhorfendur í miðju lagi og bað um öskur. 100% hæfileikar sagði Gilby og sagði Magna hafa sett nýtt viðmið í keppninni. Tommy spurði um litla soninn og söknuðinn. Þetta endaði svo á því að hann tilkynnti að flogið yrði með fjölskylduna út í næstu viku. Magnað móment.“

MAGNAÐ MÓMENT

### VIKA 6



„The Dolphin´s Cry“
**Live**
„Nú var Magni einn á sviðinu með kassagítarinn og söng beint frá hjartanu. Eyrún og Marínó voru í salnum og andrúmsloftið var ótrúlegt. Margir hafa nefnt þessa frammistöðu einn af hápunktum Magna í keppninni. Ekki voru dómarnir sem hann fékk síðri en frammistaðan. Þetta skilaði stráknum í annað skiptið í röð upp á svið í næsta þætti þar sem hann fékk að taka lagið aftur. Þá var hann með hljómsveitina með sér. Heimsóknin frá Íslandi jók enn sjálfstraustið. Og nú var það ekkert sem gat stoppað okkar mann.“

### VIKA 7



„Starman“
**David Bowie**
„Strákurinn smelti sér í hvítu jakkafötin og tók aftur Bowie-lag. Hann virtist þó aldrei ná sér almennilega á strik í þessu lagi. Líklega of rólegt fyrir landsbyggðarrokkarann frá Íslandi. Þó Magni væri í nýjum jakka var röddin sú sama og hún klikkaði ekki. Tommy ræddi um Vegas-ferðina sem keppendur fóru í og sagði Magna hafa hljómað vel. Gilby sagði Magna frábæran söngvara sem skilaði alltaf sínu. Magni var þó meðal þriggja neðstu eftir þennan þátt. Þá var bara tekið Creep með Radiohead og honum var sagt að drulla sér aftur í sætið. Gæsahúð og enn og aftur magnað móment.“

### VIKA 8



„Smells like teen spirit“
**Nirvana**
„Nú var talið í af krafti. Leðurjakki og svört húfa gerðu Magna okkar að rokkara á heimsmælikvarða. Þvílík öskur og kraftur sem ekki hafði sést í keppninni áður. Nirvana er eitt flottasta rokkband sögunnar og lagið eitt af klassíkinni í rokksögunni. Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna. „Frábært. Það sem ég kann vel við þig er að þegar lagið þarfnast reiði þá kemurðu með hana,“ sagði Dave og Jason talaði um orkuna sem braust út. Eitthvað var heimurinn þó ekki að skilja Magna. Aftur var hann meðal þriggja neðstu. Hann tók þá bara „Fire“ með Jimi Hendrix og negldi það. 1-0 fyrir Magna.“

### VIKA 9



„I alone“
**Live**
„Magni virðist geta sungið Live-lög óaðfinnanlega. Það sannaði hann í þessu lagi. Hvítur bolur með krossi framan á fékk fólk til þess að trúa því sem hann var að gera. Í fyrsta skipti í keppninni sá maður að Magni var málaður. Minnti örlítið á söngvarann í Rem. Flottari samt. Krafturinn skilaði sér fullkomlega þegar Magni fór upp að dómurunum og söng. Magnað móment enn og aftur.“

### VIKA 10



„Back in the USSR“
**The Beatles**



„When the Time Comes“
**Frumsamið**
„Magni var flottur í Bítlunum og stemningin var flott. Því næst smellti hann sér yfir í frumsamið lag sem heitir When The time Comes. Lagið er gamalt Á móti Sól-lag og vel rokkað. Strákarnir í bandinu voru ekkert alltof hrifnir af því þótt Magni hafi gert þetta stórkostlega. En kosningaherferð Íslendinga skilaði sér og strákurinn fékk flest atkvæði. Annað kvöldið í röð. Úrslitaþátturinn var staðreynd.“

### VIKA 11 - ÚRSLITAÞÁTTUR



„Hush“
**Deep Purple**
„When the Time Comes“
**Frumsamið**

„Magni var greinilega búinn að æfa þetta lag vel. Og hann gjörsamlega negldi þennan slagara eins og einhver myndi taka til orða. Fékk frábæra dóma frá strákunum en þeir voru þó ekki jafn hrifnir af frumsamda laginu. Tommy sagði að lögin hans væru öll alveg eins og fékk óblíðar viðtökur áhorfenda. Hann bað þá fólkið um að syngja bút úr laginu. Sem enginn gerði. Þetta var nefnilega ekki lengur í höndum áhorfenda. Heldur var það hljómsveitin sem þurfti að velja sér söngvara.“

## Vissir þú að ...



...pabbi hans Magna er bóndi í Borgarfirði eystri og heitir Ásgeir Arngrímsson.

...fyrsti söngvari Á móti sól heitir Björgvin Hreiðarsson og er kokkanemi á Hótel Geysi.



...einn af fyrstu slögurunum sem Magni söng með Á móti sól, Spenntur, er eftir Einar Bárðarson.

...ef þú slærð inn „rockstar magni“ á google. com færðu 181.000 niðurstöður.



...á árunum 1995-1999 söng Magni með austfirsku hljómsveitinni S.H.A.P.E. Nafnið er skammstöfun á „Supreme Headquarters Allied Powers Europe.“

...þegar Magni bloggaði hinn 29. ágúst á heimasíðu sinni um sárið sem Dilana veitti honum „kommentuðu“ 977 einstaklingar á færsluna.



...tæplega tíu þúsund manns hafa horft á Magna taka Eurovison-forkeppnisslagarann „Flottur karl, Sæmi rokk“ á Youtube.com

...umboðsmaður Magna heitir Heimir Eyvindarson. Heimir er hljómborðsleikarinn í Á móti sól.

...lénið magni.com er til sölu. Til þess að kaupa það þarftu að hringja í síma 001-781-839-2888


PENETREITOR

Vegna fjölda áskorana verða aukasýningar á Penetreitor.

Sýnt í Sjóminjasafninu Grandgörðum 8
Stranglega bannað börnum!

Sunnudaginn 17.september kl.21.00
Mánudaginn 25.september kl.21.00
Þriðjudaginn 26.september kl.21.00

“Ekki missa af þessu” -Fréttabl.
“ ★★★★Glæsilegur Penetreitor...” -DV
“Hvergi veikan punkt að finna!” -Morgunbl.

Miðasala í síma 689 0913 | vermordingjar.blogspot.com




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FJA 34181 09/2006

***„Ég stend upp frá tölvunni, fer út, geng í 7 mínútur og þá er ég ein í náttúrunni.“***



Náttúran og nálægð við hana er mikilvægur þáttur í raunverulegum lífsgæðum. Í Fjarðabyggð er líflegt og samhent samfélag rammað inn í stórbrotna fjallasali Austurlands. Þar eru óbyggðirnar innan seilingar.

**Fjarðabyggð** er fjölbreytt samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.
Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | ***þú ert á góðum stað*** **fjardabyggd.is**

**Mjóifjörður** **Neskaupstaður** **Eskifjörður** **Reyðarfjörður** **Fáskrúðsfjörður** **Stöðvarfjörður**

TÍSKAN Í ROCKSTAR: SUPERNOVA

# Rokkað & röff

**tískumolar Helgu Ólafsdóttur**



### Fríða og dýrið

Það er ekki hægt að segja annað en Dilana og Storm hafi verið eins og Fríða og dýrið út alla þættina. Storm átti alltaf erfitt með að ákveða hvort hún ætti að veðja á sætu ljóskuna eða pönkrokkarann sem hún sagðist vera. Hún prófaði einnig að blanda þessu stílum saman og ekki var útkoman góð. Dilana hélt sig að mestu leyti við „goth"-stíllinn sem passar henni alveg einstaklega vel.



## Það besta & versta

**Dilana:**




Þessi mynd segir allt sem segja þarf....




Mér finnst hún einstaklega luraleg á þessari mynd, buxurnar eru líka alger horror....

**Magni**




Mjög rokkaralegur. Ég fíla húfuna, það fer okkur Íslendingum einstaklega vel að vera með Sigur Rósar álfahúfur.




Ekki gott. Það er eins og Magni sé að fara á sitt fyrsta skólaball... Við þekkjum öll þá tilfinningu.

**Toby:**




Toby var í ansi góðum málum allan tímann og hélt sínum stíl.




Einu stóru mistökin hans Tobys voru þegar hann var bæði með axlabönd og bindi, of mikið af því góða.

**Storm:**




Storm var alveg að finna sig þegar hún var komin í „pönkrokk" gallann. Í „baggy"-gallabuxum með gaddabelti, svörtum toppi, converse-skóm og hatturinn rokkar.




Æ, æ, æ... með Britney-tíkó og í hræðilegum bol.

**Lukas:**




Hvort er hvað?







### Magni í hvítum Dolce



Tók Magni sig ekki vel út í hvítu Dolce & Gabbana jakkafötunum? Alger draumur í dós. Hvít jakkaföt henta ekkert sérstaklega vel á klakanum. Ég skora samt á hann að geyma þau vel og klæðast þessum hvítu Dolce-jakkafötum þegar kemur að því að „ganga inn kirkjugólfið".

### Toby tískustrákur



Í þremur þáttum birtist Toby með axlabönd, nánar tiltekið tvisvar með hvít og einu sinni með rauð. Axlabönd eru „must" fyrir alla tískustráka í vetur. Ég verð reyndar að vara við því að vera með bindi og axlabönd... það er bara aðeins of mikið.

### Röndótt ást!



Allir rokkarar eru mjúkir og meyrir inn við beinið, sérstaklega hann Magni okkar sem lætur sko rokkaralífið ekki stíga sér til höfuðs.

### Bleikt billjardborð



Það hafa vonandi fleiri en ég tekið eftir bleika biljardborðinu í rokkarahöllinni. Ef það er eitthvað sem ég ágirnist úr höllinni góðu er það þetta svaðalega tískubilljardborð. Það er verst að ég mundi þurfa að skipta á því og hjónarúminu vegna plássleysis......

### Ástralskt EVS



Það verður að segjast að ástralski hreimurinn hans Tobys skemmir ekki fyrir kvenhyllinni.

### Zayra flottust!



Eina stelpan sem var með virkilega flottan og „uniqe" stíl var hún Zayra. Hún var með ekta „LA-chic" stíl sem engin af hinum stelpunum komst nálægt. Mér



fannst hún ansi skondin í strippara gullgallanum og bláa Eurovision-gallanum, en henni er það algerlega fyrirgefið því hún var langflottust.






Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

# DD unit fór í karaoke með Nicole Ritchie

1

Jæja kids þá verður maður víst að taka smá break* frá því að sjoppa* og sóla sig til að deila með yall* hvað hefur drifið á mína daga hérna í LA..



Let´s get crackin* dd-unit fór á Guy´s síðasta þriðjudag sem er varla í frásögur færandi nema að á þriðjudögum er karokee kvöldið hennar Samönthu Ronson sem er celleb DJ, vinkona Nicole Ritchie og systir stjörnu dj´sins Mark Ronson sem spilaði einmitt heima á klakanum 2003! Anywho það er voða gaman að fara þarna því vinir mínir celebbarnir vilja hanga þarna með mér og það stóð nú ekki á þeim í þetta skiptið. Inn löbbuðu The Stick-figures: Mischa Barton eða Fartone eins og hún er kölluð núna og Nicole Ritchie með gæjunum sínum. Mischa með Cisco Adler, rokkarinn sem seldi 70 plötur og Brody Jenner með Nic. Þau reyndar stoppuðu bara í halftime eða svo. En áður en kvöldið tók enda hafði dd-unit tekið tvo dúetta með Michelle Rodriguez a.k.a Ana Lucia í LOST og vægast sagt var hún hress og kát og vel hífuð, þrátt fyrir að hafa setið í steininum fyrir ölvunarakstur fyrr í sumar.

2

Í sorglegri fréttum er það efst á baugi hérna ytra að Anna Nicole Smith playboy bunny og pillufíkill fæddi dóttur sína á dögunum en missti einnig son sinn nánast í sömu andrá. Daniel sonur hennar fékk víst massift hjartaáfall aðeins tvítugur og reyndi Anna greyið sjálf að hjartahnoða hann án árangurs. Öllum sögusögnum um áfengi og eiturlyf hefur verið vísað á bug. Greyið, sjaldan er ein báran stök hjá henni blessaðri.






3




Nicole Ritchie virðist vera the darling of the tabloids hérna úti ásamt Jessicu Simpson, TomKat og Brad and Jolie. En þessir einstaklingar eru utan á hverju einasta blaði sem ég sé hérna úti og já auðvitað Kate Hudson líka út af skilnaðinum sem er og er ekki. Engin veit. En allavega er Nic hérna á myndinni á leið inn á The DeOrio Medical group sem er svona spa fyrir sósíalelítur sem eiga við svokölluð food-issues og hérna virðast allir voða kátir yfir því að stelpan skuli vera að taka sig á.

4

Þrátt fyrir allskyns sögusagnir um að þau séu ekki saman og það að JT sagði við Ellen um daginn með að hún gæti alveg keypt brúðarmeyjarkjólinn sinn hún bara þyrfti að passa upp að vera í sömu stærð eftir 15 ár til að vera viðstödd brúðkaupið hans og Cammie eru þau ennþá mjög mikið saman og eru engin teikn á lofti með að því ljúki neitt any time soon…djöfulsins!!



5

Dvellinn hún Lil´Kim var sleppt úr fangelsi núna um daginn eftir tíu mánaða setu fyrir meinsæri og hún lét sig ekki vanta á Baby Phat tískusýningu litandi út eins og lýtaaðgerðarjárnbrautarlsys…..Hvað er þetta með fólk sem tapar sér í lýtó. Fattar það ekki að það lýtur bara út eins og fólk sem fer í lýtó? Ó, já á kantinum þarna með Queen B er engin önnur en Janice Combs mamma hans Puff Daddy Sean Combs og hvernig er það með hana getur sonurinn ekki splæst í almennilegt hár fyrir hana? Lítur út eins og tveggja dollara vændiskona at best, hún er alveg hammer time!



6

Kann einhver að segja PHOTOSHOP?? Það er engum blöðum um það að fletta að kynlífsfíkillinn Janet Jackson missti bílhlass af lard núna í vor en guð minn góður svona er hún ekki….ég meina common! Svo á ég líka fullt vantalað við andlitið á henni – hefur hún ekki bróður sinn til að minna sig á ógöngur lýtaaðgerða? Ég verð að fara að hnippa í hana og segja henni aðeins að tóna þetta lýtó niður! Samt flott cover fyrir W blaðið svoldið svona daring miðað við að hún vill alltaf vera pure hotness!




7

Svo eru það nú svona Who Cares fréttir:

Orlando Bloom og Kate Bosworth eru víst hætt saman í fjórtánda sinn og hann á víst að vera eitthvað heitur fyrir Umu Thurman??? Voru víst að skjóta saman einhverja Honda auglýsingu og bara kviss bam bomm..



8




Ryan Gosling og Rachel McAdams sem léku sætasta par ever í The Notebook myndinni eru víst líka hætt saman. Hún nennir ekki lengur að sitja á sér með ferilinn sinn hans vegna og hann er alltaf eitthvað í fýlu ef hún er að gera eitthvað stórt og skemmtilegt..fýlupúki..samt mega hot gæi!!

GLÓSUR

## LÆRÐU LINGÓIÐ

**Break**
hlé

**Sjoppa**
versla

**Yall**
ykkur

**let's get crackin**
skellum okkur í þetta, drífa sig

**Anywho**
allavega

**The Stick-figures**
mjónurnar

**Ruff charactera**
harðar týpur, naglar

**Massift**
svakalegt

**The darling of the tabloids**
uppáhald slúðurblaðanna

**Sósíalelítur**
frægar fyrir að eiga ríka foreldra, vera erfingi af auð

**Food-issues**
matarvandamál

**Any time soon**
bráðlega

**Queen B**
Annað nafn yfir Kimberley Jones eða Lil´Kim

**At best**
í besta falli

**Hammer time**
eitthvað sem er afar slæmt, hrikalega hallærislegt eða ljótt

**Lard**
fita, mör

**Cover**
forsíða

**Daring**
Ögrandi

**Pure hotness**
hreinn heitleiki, að vera einstaklega aðlaðandi og sætur

**Who cares fréttir**
hverjum er ekki sama fréttir

**Ever**
nokkurntíma


ENGLAKROPPAR

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ GRENNAST, LOSNA VIÐ APPELSÍNUHÚÐ OG AFEITRA LÍKAMANN.

4, 6 OG 8 VIKNA ÁTAK Í BOÐI.

PANTAÐU ÓKEYPIS PRUFUTÍMA NÚNA Í SÍMA 587-3750



ENGLAKROPPAR.IS
STÓRHÖFÐI 17

• Linsur • Gleraugu • Sólgleraugu • Linsuvökvar • Hreinsivökvar • Klútar



# góð tilboð í augastað!

## tilboð 1
Frí lesgleraugu fylgja öllum margskiptum gleraugum (umgjörð og gler)

## tilboð 2
Ef þú kaupir gleraugu með einum styrk (nær/fjær) færðu önnur gleraugu með sama styrkleika með 50% afsl.

## tilboð 3
Ef þú kaupir gleraugu þá færðu frí sólgleraugu í sama styrkleika.

Sjónfræðingur á staðnum

augastaður
færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa Hamraborg og JL-húsinu

Apótekarinn Augastaður Apótekaranum Hafnarstræti 95 Sími 460 3460

# Hvernig fannst þér myndin?

## UNITED 93

★★★★☆

Það verður að segjast eins og er að United 93 er án efa með betri myndum sem ég hef séð á árinu. Hún segir frá og sýnir að miklu leyti allar hliðar þess skelfilega atburðar sem átti sér stað 11. september 2001 þegar fjórum farþegaþotum var rænt af hryðjuverkamönnum. Þessi mynd fjallar um það flug þegar farþegar náðu að yfirbuga hryðjuverkamennina svo aðgerðirnar náðu ekki til áætluðum árangri. Áður en ég fór á myndina bjóst ég við því að þetta yrði þessi týpiska klisja þar sem „God bless America" bragurinn væri yfir um og allt í kring en raunin varð allt önnur. Í aðalhlutverkum eru engar Hollywood hetjur til að bjarga málunum heldur eingöngu venjulegt fólk í venjulegum aðstæðum sem gerir myndina mjög raunverulega. United 93 fókusar aðalega á hvernig hlutirnir voru í raun og veru sem dregur mann ósjálfrátt inn í myndina svo að myndin nær til manns á mjög tilfinningalegan hátt. Framleiðendum myndarinnar tókst afarvel til að framleiða mynd um jafn viðkvæmt mál og þetta án þess að misnota sér þessa atburði. Myndin fer frekar hægt af stað og fjallar fyrri hluti myndarinnar að stóru leiti um hvernig málin þróuðust innan flugmálastjórnar sem gefur manni víðari sín á það hvernig hlutirnir voru í raun og veru. Ef einhver hefur áhuga á að kynna sér þá atburði sem áttu sér stað þennan dag talsvert betur mæli ég hiklaust með United 93.

**steinaro.minnsirkus.is**



**MINNSIRKUS - MEÐLIMIR GAGNRÝNA**

**Þú getur sagt álit þitt á kvikmyndum í Sirkus. Það eina sem þú þarft að gera er að vera meðlimur í samfélaginu okkar á www.minnsirkus.is/sirkus og fylgjast með kvikmynd vikunnar. Vertu bíógagnrýnandi og segðu það sem þér finnst.**

**UNITED 93**
Aðalhlutverk: Christian Clemenson / Trish Gates / Polly Adams
Leikstjóri: Paul Greengrass
Myndin í einni setningu: Hetjudáð í háloftunum
7.9/10 á imdb.com






97·7

**ÞORKELL MÁNI MÆLIR MEÐ**

**1**



**DEFTONES**
**Hole in the earth**
„Ein allra besta rokkgrúbba í veröldinni. Loksins komnir með nýtt lag."

**2**



**BRAIN POLICE**
**Nýja platan eins og hún leggur sig**
„Beyond the wasteland, Feitari en andskotinn. Íslenskar rokkplötur gerast ekki betri."

**3**

**JOHN B**
**I´ve been stalking you on myspace**



„Joi B er á leiðinni á klakann í lok mánaðarins að spila á klikkuðu breakbeat kvöldi. Þetta lag gefur góð fyrirheit."

**MARÍANNA KLARA OG KVENFÉLAGIÐ GARPUR FRUMSÝNIR GUNNLAÐARSÖGU Í KVÖLD**

# Þýðir ekki að fussa yfir sjónvarpinu með rauðvínsglas í hendi



„Þetta er verk eftir skáldsögu Svövu Jakobsdóttur sem kom út árið 1987. Okkur finnst þetta allavega mjög mögnuð sýning, djörf og óvenjuleg," segir Maríanna Klara Lúthersdóttir, einn af aðstandendum sýningarinnar en hún leikur einnig í verkinu. Kvenfélagið Garpur setur upp verkið en það er félagsskapur sem nokkrar stelpur stofnuðu eftir útskrift úr Leiklistarskólanum. „Við stofnuðum þetta nú bara á Kaffibarnum eina kvöldstund yfir bjórglasi. Þetta erum ég, María Heba, Esther Talía og Sólveig Guðmundsdóttir vinkona okkar sem lærði í London," segir Maríanna en hópurinn fékk styrki til þess að setja upp Gunnlaðarsögu. „Við vorum einmitt að ræða að þetta byrjaði bara yfir einhverju spjalli en nú erum við með tuttugu manns í vinnu og frumsýning framundan," segir Maríanna og viðurkennir að ferlið hafi verið erfitt en skemmtilegt.

Hún segir boðskap sýningarinnar liggja stelpunum í Garpi mikið á hjarta. „Þetta snýst svolitið um að ábyrgðin um að bjarga heiminum liggur hjá okkur sjálfum. Það gerir það enginn fyrir okkur og við verðum að vera þáttakendur. Það þýðir ekkert að fussa bara yfir sjónvarpinu með rauðvínsglas í hendi."

Sýningin er frumsýnd klukkan 20:00 í kvöld en uppselt er á þá sýningu. „Það er önnur sýning á laugardagskvöldið og svo stefnum við á fimmtán sýningar á verkinu," segir Maríanna að lokum en sýningin er sýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Bak við Fjörukránna.



FM957

**BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ**

**1**



**STONE SOUR**
**Through Glass**
„Hér eru á ferðinni gæjar úr hljómsveitinni Slipknot. Þeir eru með þessa hljómsveit svona til hliðar við Slippið, með óhemju góðar melódíur, öflugan söng, og kraftmikinn hljóm."

**2**



**BASS HUNTER**
**Boten Anna**
Þetta er sænskur plötusnúður og skemmtikraftur. Sprenghlægilegt danslag og melódía sem límist á heilann á manni."

**3**

**PINK**
**U + UR Hands**



Pink hefur alltaf verið stórskemmtileg stelpa og talar hér um að þú farir ekki heim með henni þótt þú bjóðir henni upp á drykk. Flott pía og músíkkant.

## Horfðu á þetta ...



**Fjórði þátturinn af Búbbunum fer í loftið annað kvöld klukkan átta. Sirkus mælir mikið með þessum þáttum, sem ná til allra í fjölskyldunni. Fimm ára frændinn hlær jafnmikið og amman því aulahúmor kætir alla. Strax á eftir þessu er nýr dagskrárliður sem heitir Grín, djók og spaug. Þar á að bjóða upp á úrval grínþátta sem hafa verið framleiddir fyrir sjónvarp. Byrjað verður á Fóstbræðrum. Snilld.**

## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**12 ástæður þess að banani er betri en KARLMAÐUR!**



1. Bananar haldast stinnir í heila viku.
2. Meðalbanani er að minnsta kosti 18 cm langur og banani færi aldrei að segja þér að stærðin skipti ekki máli.
3. Banani reynir aldrei að eiga við þig þýðingarmiklar samræður.
4. Banani getur haldið sér uppi alla nóttina og þú þarft ekki að sofa á blauta blettinum.
5. Banani spyr aldrei „ertu tilbúin?".
6. Þú getur fengið þér eins marga banana og þú ræður við.
7. Banani heimtar ekki að horfa á leikinn þegar þú ert að horfa á uppáhaldssjónvarpsþáttinn þinn.
8. Banani reynir aldrei að koma þér til þegar þú ert með blautt naglalakk.
9. Þú kemst ekki að því síðar að bananinn þinn er kvæntur.
10. Þú þarft ekki að bíða með að tala við bananann þinn þangað til í hálfleik.
11. Banani skilur þig ekki eftir í nístandi óvissu í heilan mánuð.
12. Banani hefur ekki ofnæmi fyrir kettinum þínum.

**LadyPink.minnsirkus.is**

**Niður með ríkissjónvarpið**



„Hvaða mannvonska og illgirni er það að stofna rúv og neyða okkur öll til þess að borga af þessu, mar horfir ekki einusinni á þessa stöð? Þetta er nátla bara rugl. Við þurfum að taka okkur saman og mótmæla. Það á að leggja þessa stöð niður, hún er hvort sem er rekin með tapi. Allavega neita ég að borga þetta rugl."

**finnsi.minnsirkus.is**

## Vertu þarna ...




Síðasta 90´s kvöld Curvers er á Bar 11 á laugardaginn. Strákurinn er að fara á túr með Ghostigital í Ameríkunni og svo ætlar hann að einbeita sér að myndlistinni þegar heim er komið. Þessi kvöld hafa verið gríðarlega vinsæl í allt sumar og hefur 90´s tískan ráðið ríkjum samhliða því. Staðurinn verður skreyttur með glowsticks og er um að gera að hrista sig aðeins við No limit og fleiri slagara. Mættu á miðnætti. Frítt inn.

# Allir þurfa að sofa vel, þú líka ..............

## STILLANLEG RÚM




### Veldu þér eitt með öllu

**WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.**




### Loftrúm án rafmagns

**Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.**

BIFLEX



### Einn góður á frábæru verði.

**Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.**




### IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

**Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.**

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

### Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

**Veldu það besta**




## Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com







Svefn & heilsa ★★★★★

Verið velkomin

**www.svefn.is**




★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst**

# ORÐIÐ Á GÖTUNNI

## JB DJAMMAÐI Á OLIVER

**Jón Baldvin Hannibalsson**, fyrrverandi sendiherra og formaður Alþýðuflokksins, er á sjötugsaldri en er enn í fullu fjöri eins og alþjóð veit. JB, eins og hann er stundum kallaður, kíkti út á lífið um liðna helgi. Meðal annars djammaði hann í félagsskap hægri handar sinnar, stuðmannsins **Jakobs Frímanns**, dágóða stund á hinum vinsæla skemmtistað Oliver við Laugaveg. Verður að segjast eins og er að viðstöddum varð nokkuð um nærveru hins aldna stjórnmálaforingja því eins og margir vita er Oliver helst þekktur sem heimavöllur sólbrúnna vaxtarræktartrölla („hnakka“) og barmmikilla táningsmeyja. Að sögn kunnugra er afar sjaldgæft sjá slíka andans menn á sveimi við dansgólfið þar um helgar. Fyrir forvitna skal upplýsast að Jón Baldvin og Jakob Frímann fóru að sjálfsögðu fram fyrir röðina.



## GILLZENEGGER Á ÞING?

Orðið á götunni heyrði skemmtilega kenningu um áðurnefnda heimsókn Jóns Baldvins á Oliver. Hún gengur út á það að allt sé við það að fara að snúast á hvolf í samfélaginu (þetta er svona týpísk „Seinfeld-kenning“). Meðal þeirra sönnunargagna sem tínd hafa verið til er sú staðreynd að **Egill Einarsson**, betur þekktur sem **Gillzenegger,** hafi undanfarið sést æ oftar standa við barinn á Ölstofunni, stað sem blaða- og stjórnmálamenn sækja mikið og þykir vera algjör andstæða við Oliver. Gillz hefur hingað til verið talinn nokkurs konar guðfaðir hnakkanna og sást hann áður hvergi nema á Oliver um helgar. Egill þykir hins vegar hafa róast talsvert undanfarið og er byrjaður að nota sitt hefðbundna nafn þegar hann kemur fram í fjölmiðlum. En semsagt, samkvæmt kenningunni er Jón Baldvin að fara að taka við sem guðfaðirinn á Oliver en Egill er á leið á þing - líklega fyrir Frjálslynda flokkinn.





## ÞINGMENN FRAMSÓKNAR BROSA HRINGINN

Heimildir innan úr þingflokki Framsóknarflokksins herma að þingflokksfundirnir séu orðnir töluvert líflegri og skemmtilegri eftir að **Halldór Ásgrímsson** hætti á þingi. Halldór Ásgrímsson hefur aldrei þótt mjög brosmildur maður nema kannski í nokkrum auglýsingum fyrir síðustu alþingiskosningar þegar hann birtist þjóðinni allt í einu brosandi út að eyrum. En ónefndur þingmaður Framsóknar lét nýlega þau orð falla „að nú sé miklu meira brosað á fundum þingflokksins“.

ordid.blog.is


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7132



Kostar aðeins 15.535 kr. á mánuði

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða. Verð frá 1.490.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

## Spádómar










**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Bella.is 904 2080**
Spádómar, draumar, tarrot, andleg leiðsögn, fyrirbænir. Hef langa reynslu. Er við frá kl. 14:00 - 23:00 alla virka daga. Tímapantanir í síma 699 1673

**Englaljós til þín 908 5050**
Andleg leiðsögn, spilaspá, draumar. Trúnaður. Opið frá kl: 19-23 Leysi Láru af, er ný. Klara.

Er byrjuð að spá aftur vegna fjölda áskoranna. Stella. Uppl. í s. 562 5210.

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarrot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

## Rafvirkjun




## Viðgerðir

Rörverk ehf. Nýlagnir og viðgerðir. Löggiltur meistari. Sími 894 0938.

# HEILSA

## Heilsuvörur







Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Skráðu þig í Heilsuklúbb, fáðu fræðslu & náðu árangri. kolbrunrakel.is 869 7090.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

**Árangur með ShapeWorks**
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkaþjálfari og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettir.is/ragga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangi og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 869 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig.

**Nýtt frá USA**
Agel heilsu og fæðubótavörur. Góðir tekjumöguleikar. Kynntu þér málið á www.agel.com kynningarfundur verður haldinn 23. sept. Skráning í síma 846 9194 eða á lindamagnus@hotmail.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Námskeið

**Yoga helgarnámskeið**
**Hjá filipseyskum yogamunki sem hefur numið fræðin í 30 ár. Farið verður í helstu grunnatriði yoga, s.s listform slökunar, hugleiðslu, grandskoðun líkamans, tækni og beytingu öndunar. Einnig verður farið ítarlega í gegnum andlegu hliðina á yoga og heilsuráð gefin. Námskeiðið verður haldið dagana 23.-24 September. Upplýsingar í síma 844 0454.**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Til sölu**
Til sölu vel með farin, lítið notaður hornsófi frá Öndvegi ásamt pullu. Gott sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa. Viðmiðunarverð 45,000 kr. Nánari upplýsingar í símum. 6993444 - 6922110.

Hjónarúm til sölu frá Svefn og Heilsu, King Size, 7 ára, hillusamstæður, 3 einingar úr mahogny og 2ja sæta leðursófi. S. 698 5366.

## Heimilistæki

Til sölu þvottavél og þurrkari sambyggt og ísskápur með frystihólfi. Uppl. í s. 895 7626.

## Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimasíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417.**



Chihuahua tíkur til sölu f.d.ár 22.06'06, ættb. +heilsub. Tilb. til afh.

S. 698 8839.

4ra mánaða blönduð labrador - golden retriever er til sölu vegna ofnæmis á heimili. Uppl. í síma 661 8526.

## Ýmislegt




Sérsmíðað handrið, úr ryðfríu stáli, gleri eða áli, jafn úti sem inni. Einnig sérsmíðaðir stigar eða sttigar kit. Bæjarflöt 6, Grafarvog. S. 533 3700.



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð.**
Til leigu ný 50 fermetra sumarhús með heitum potti í Varmahlíð. Góð aðstaða. Uppl. í s. 453 6880.

## Fyrir veiðimenn




## Ýmislegt



**Sjóstangaveiði**
Verktakar - atvinnurekendur! Nú er rétti tíminn til að bóka. www.sjostong.is S. 898-3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Fellsási, Mos. Langtímaleiga. Uppl. í s. 557 4022.

3ja herbergja 87 fm björt íbúð til leigu í Lundabrekku 8, Kóp. Leiga 95 þús. + hússj., hiti og rafmagn. Uppl. í s. 867 7276.

## Húsnæði óskast

Einstaklingur leitar að 3-4 herb. íbúð í Hfj. eða Garðab., greiðslugeta 120-140 þús. á mán. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 4809.

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð á rólegum stað á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Greiðslugeta 70.000 per mán. S. 563 3413 og 856 0074.

39 ára karlmaður, reglusamur og reykir ekki, óskar eftir herb. í Mosfellsbæ, sv. 112 eða 113 Rvk. Uppl. í s. 898 4620.

50 ára karlmaður leitar að einstaklingsíbúð í Rvk., greiðslugeta 45 þús., langtímaleiga. Uppl. í s, 616 1859.

Óska eftir 3ja herb. íbúð í Víkurhverfi í Grafarvoginum. Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er. Greiðslugeta 70 þús. pr. mán. Upplýsingar í síma 865 6455.

Óskum eftir 2ja -3ja herbergja íbúð sem fyrst, reyklaus og öruggar greiðslur. Uppl. í s. 865 3141 & 865 5329.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Til leigu skemmtilegt 68 fm skrifstofuhúsnæði í Nethyl, Ártúnsholti. Laust strax. Uppl. gefur Unnur í s. 566 6100 & 694 9144.

300 fm kjallari til leigu á góðum stað í Höfðahverfi. Lofthæð 3 metrar, góðar innkeyrsludyr. Sanngjörn leiga. Sími 699 5112.

## Geymsluhúsnæði










Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum. Tek í geymslu tjaldvagna og fellhýsi í vetur. Uppl. í s. 865 1166 & 895 5792.

**Fellhýsi - tjaldvagnar.**
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

## Gisting

Fyrirtæki, stofnanir. 75 íbúðir til leigu með eða án húsgagna. Þjónusta/ þrif/ þvottur/morgunmatur. Skoðið uppl. og myndir á www.ibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsmenn óskast**
**Til útiverka, góð laun og mikil vinna.**
**Upplýsingar í síma 894 7010.**

**Bakaríið Kornið Hjallabrekku 2 Kópavogi**
**óskar eftir starsfólki. Vinnu tími 13-18. Hentar fólki 40 ára og eldri.**
**Upplýsingar í s. 864 1585 eða á staðnum.**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
**Vaktstjórar og starfsfólk óskast í vaktavinnu. Einnig vantar fólk í hlutastörf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.**
**Upplýsingar í síma 553 8890.**

**American Style í Skipholti og Tryggvagötu**
**Afgreiðsla og grill. Fullt starf. Umsókn á www.americanstyle.is Góð íslenskukunnátta.**

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Afgreiðsla, grill, vaktstjórn. Hlutastörf og vaktavinna. Umsókn á www.aktutaktu.is**

**Vinnan þín ?**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar í síma 846 3500.**

ÍTR

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Wilson pizza leitar eftir vönum pizzabakara.**
**Ertu með góða reynslu í pizzabakstri ? Vantar þér vinnu/ert þú í vinnu og ert ósátt/ur við vinnutíma og laun ? Wilson pizza býður uppá sveigjanlegan vinnutíma og góð laun fyrir rétta fólkið.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza. Gnoðarvogi 44 eða í síma 581 1515.**



**Óskum eftir smiðum og verkamönnum**
Úti og innivinna, næg vinna framundan.
Upplýsingar í síma 892 9661.

**Kaffi Mílanó**
Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður. Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.

**Verkamenn óskast strax.**
Jarðkraftur óskar eftir verkamönnum og vélamönnum við jarðvinnu. Næg vina framundan. Upplýsingar í síma Karel 892 7673 & Þórarinn 868 4043 eða á jardkraftur@simnet.is

**Jarðkraftur ehf.**
We wish to hire workers for some earthworks, lot of work. Information between Wednesday and Sunday by tel. 892 7673 (Karel) and 892 7673 (Þórarinn)

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

**Þjónustfólk og barþjónar óskast.**
Nordica Hotel óskar eftir Barþjónum og þjónustufólki, bæði í fulla vinu og hlutavinnu. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.
Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á oo@icehotels.is.

**Bílstóri/Útkeyrsla**
Óska eftir bílstjóra hjá Bakarameistarnum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Aðeins reglusamur einstaklingur kemur til greina. Ekki yngri en 20 ára. Vinnutími er frá kl 06.00 - 14.00 virka daga og 3 hverja helgi. Góð laun í boði.
Uppl. gefur Vigfús í síma 893 3310.

**Bakaríið Kornið**
Óskar eftir yfirmönnum í 2 af verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1585.

Reykjavíkurborg

**Laus störf í leikskólum**
**Í boði eru áhugaverð störf í leikskólum Reykjavíkurborgar: Leikskólakennarar/leiðbeinandi**
-Barónsborg, Njálsgötu 551-0196 -
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
-Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517-2560
- Hamrar, Hamravík 12, sími 577-1240 Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
-Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096 · Jörfi, v/Hæðargarð, sími 553-0347
-Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
-Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
-Laugaborg, v/Leirulæk, sími 553-1325
-Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860
-Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125 Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
-Sólhlíð, Engihlíð 8, sími 551-4870
-Stakkaborg, Bólstaðarhlíð 38, sími 553-9070
-Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438
-Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/694-6621 -
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810 · Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4882
-Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989
**Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is Öll laus störf í leik-og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is**

**Brauðberg Hagamel 67**
Óskar eftir góðu fólki til afgreiðslustarfa. Vinnutími 7-13 annan daginn og 13-18.30 næsta dag. Unnið er aðra hvora helgi eða eftir samkomulagi. Nánari uppl. gefur Gunnar í s. 897 8101 & Anna Rósa í s. 869 3320.

**Gullnesti, Grafarvogi**
Óskar eftir starfsfólki virka daga frá kl. 12-18. Fín laun. Upplýsingar í síma 898 9705.

**Atvinna atvinna**
Vantar kassastarfsfólk, deildarstjóra í metravöru og deildarstjóra í baðdeild í rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk.
Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal, fullt starf. Vaktavina frá kl. 11 - 23. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.
Nánari upplýsingar eru eingungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.

**Pítan**
Afgreiðsla, grill.
Einnig dagvinna og hlutastörf í boði.
Sækið um á www.pitan.is

**Morgunverðarþjónusta**
Hótel Borg sækist eftir starfsfólki við morgunverðarþjónustu. Upplýsingar gefur Jón Páll í síma 822 3313.

**Breakfast service**
Hótel Borg is looking for people to serve breakfast.
For more information call Jón Páll tel.822 3313

**Vantar mann strax!**
Vantar mann strax með meiraprróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006. Upplýsingar í síma 898 9006

SUBWAY

**Næturvinna-Ártúnshöfði**
Vantar fólk á næturvaktir, vinnutími 12-08, unnið í viku og frí í viku. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á staðnum. Góð laun í boði.
Nánari upplýsingar gefur Hildur í síma 696-7061.

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Ekki yngri enn 23 ára. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8870 eða á www.nings.is

Háseta vantar á 15 t, hraðfiskibát. Gerður út frá Patreksfirði á línuveiðar. Uppl. í s. 898 3959 / 456 5580.

http://ludvikkarl.payitforward4profits.com

**Bón og þvottur**
Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Vélstjóra vantar**
Vélstjóra vantar á 100t snurvoðarbát sem er gerður út frá Sauðárkróki. Uppl. í s. 897 6709 & 854 5566.

**Stýrimann vantar**
Stýrimann vantar á 100t snurvoðarbát sem gerður er út frá Sauðárkróki. Uppl. í s. 897 6709 & 854 5566.

**Krydd og Kavíar**
Óskar eftir starfsmanni í mötuneyti. Vinnutími er frá 10-14 virka daga. Sjálfstæð vinnubrög og áhugi á matargerð frekar æskileg. Hafðu samband við Garðar í s. 824 7731.

**Árbæjarbakarí**
Starfskraftur óskast í afgreiðslu virka daga. Vinnutími 13-18.30. Uppl. í s. 869 0414.

**Veitingahúsið Hornið.**
Vill ráða snyrtilegan og reglusaman þjón í sal. Reynsla æskileg. 100% Vaktavinna. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar í síma 898 6481.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 864 7887.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu, og einnig í fullt starf. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

Björnsbakarí Vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7-13 daglega. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

Óska eftir manni til að starfa á vörubíl með krana, verður að hafa meirapróf og vinnuvélaréttindi. Mikil vinna og góð laun í boði. Upplýsingar í síma 698 2520.

**Sölumaður**
Leitum að öflugum sölumanni. Laun eru árangurstengd, umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða. Áhugasamir sendið umsókn á innioguti@innioguti.is fyrir 25. sept.

**Hlutastarf - Útkeyrsla ofl.**
Arctic Wear vantar starfskraft í útkeyrslu ofl. Hentar vel með skóla. Upplýsingar gefur Helga í síma 824 4070.

**Háseti**
háseta vantar á 100 tonna snurvoðarbát sem er gerður út frá Sauðárkróki. Húsnæði fyrir hendi. Uppl. í s. 893 3077, 854 5566 & 897 6709.

Skemmtilegur vinnustaður, vantar þjóna í sal og á bar. Veitingahúsið Angelo, Laugavegi 22a, s. 692 1434 & 898 1775.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir vinnu nokkra tíma á dag. Margt kemur til greina, einnig heimilishjálp. Uppl. í s. 869 6715.

Karlmaður óskar eftir 4-6 tíma vinnu, helst við útkeyrslu. Uppl. í s. 616 9833.

34 ára reglusamur ísl. karlm. óskar eftir vinnu í Hafnarf. Vanur á lager með lyftarap. en ýmislegt kemur til greina. Uppl. í síma 891 9013.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Ég er að flytja!**
Vegna nýrra tækifæra í stórborginni Glasgow hef ég ákveðið að breyta til og setjast að í þeirri ágætu stórborg. Ég vil nota tækifærið og kveðja landann og þakka samvistirnar. Kær kveðja, ykkar einlæg, Sigurlaug.

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál













## ATVINNA

**Málarar óskast.**
HS Málverk óskar eftir nokkrum vönum mönnum í málningar vinnu. Góð framtíðarstörf í boði hjá traustu fyrirtæki.
Upplýsingar í s. 660 0220, 660 0221 & 660 0222.
H.S MÁLVERK

## ATVINNA

STÖRF

Umsóknir skulu merktar:

Fréttablaðið,
Umbrot - Atvinna
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 17. september.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Ingibergsdóttir í gegnum netfangið: kolbrun@frettabladid.is.

# Fréttablaðið vill ráða umbrotsmann

Fréttablaðið óskar eftir að ráða umbrotsmann. Skilyrði er að umsækjandi hafi góða þekkingu á InDesign og skyldum forritum ásamt því að hafa gott auga fyrir útliti á dagblöðum.

Fréttablaðið er lifandi, skemmtilegur og kraftmikill vinnustaður. Við óskum eftir einstaklingi sem vinnur sjálfstætt, er skipulagður og vinnur vel undir álagi.

365 — 365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.




### Símaspjall 908 6666.

Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.




Símaspjall við yndislegu dömurnar á Rauða Torginu! Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535-9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

## KENNSLA

**ÍSELENSKA f.. ÚTLENDINGA - ICELANDIC f. FOREIGNERS**

SCHOOL ICELANDIC

7 vikna hraðnámskeið að hefjast nú á mán. 18/9 kl.18-19:30; mán, mið, fim. Fullorðinsfræðslan/School of Icelandic, Ármúla 5.

s. 588 1169, netf: icetrans@icetrans.is.




FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

## TILKYNNINGAR

**Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík**

### HAUSTFERÐ – BORGARFERÐ

Farið verður til Berlínar dagana 3. – 6. nóvember n.k. Innifalið: Flug, skattar ,akstur til og frá flugvelli, gisting, morgunverður, Töfraflautan í Óperunni og skoðunarferð með íslenskri fararstjórn.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Lilju Hilmarsdóttur Express Ferðum í síma 590 0100.

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

LANDSNET

### Háspennulínur frá Hellisheiði að Geithálsi og Straumsvík.

*Kynning á drögum að tillögu matsáætlun, athugasemdafrestur og opið hús.*

Landsnet hf undirbýr nú framkvæmdir við háspennulínur frá fyrirhuguðum virkjunum á Ölkelduhálsi og við Hverahlíð, og frá Hellisheiðarvirkjun í Ölfusi, að Geithálsi í Reykjavík og Straumsvík í Hafnarfirði. Jafnframt er hugsanleg breytt lega Hamraneslína í Hafnarfirði og Garðabæ til skoðunar.

**Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur til 29. september**
Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
Matsvinnan er nú hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is, og á heimasíðu Línuhönnunar verkfræðistofu, www.lh.is.

Hægt er að koma athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Alberts Guðmundssonar hjá Landsneti á netfangið albert@landsnet.is og til Ólafs Árnasonar hjá verkfræðistofunni Línuhönnun á netfangið olafura@lh.is til 29. september.

**Opið hús í félagsheimili Hauka, 17. september milli kl. 13 - 18**
Framkvæmdin og matsvinnan verður kynnt á opnu húsi sem haldið verður í félagsheimili Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði.
Fulltrúar Landsnets munu taka á móti gestum og gangandi sunnudaginn 17. september milli kl. 13:00 og 18:00.

Landsnet • Krókháls 5C • 110 Reykjavík • Sími 563 9300
landsnet@landsnet.is • http://www.landsnet.is/

allt heimili
Alla fimmtudaga



## SÉRVERK EHF.

Sérverk ehf. Óskar eftir verkamönnun í inni og úti vinnu. Upplýsingar fást hjá Friðþjófi í s:897-4630 til kl:17:00 á daginn. Einnig óskar Sérverk ehf. Eftir aðstoðarmönnum á verkstæði. Upplýsingar fást hjá Andrési í s:893-3956 til kl: 17:00 á daginn.

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

***Í tengslum við spennandi verkefni á Hótel Loftleiðum óskum við eftir að ráða svæðanuddara og/eða heilsunuddara í fullt eða hálft starf.***

***Umsókanreyðublöð liggja frammi í afgreiðslu Hótels Loftleiða og skilist inn á sama stað merkt "Fjólu Rut Rúnarsdóttir".***

## Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

### Bílaverkstæði

Leitað er að bifvélavirkjum, vélvirkjum og einstaklingum til viðgerða á flutningatækjum og búnaði þeirra.
Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum og flutninga og afgreiðslutækjum ásamt búnaði.

### Rafmagnsverkstæði

Leitað er að rafvirkjum til starfa á þjónustudeild.
Um fjölbreitt starf er að ræða við nýlagnir, uppsetningu á tækjabúnaði tengdum eldsneytisafgreiðslu, viðhaldi búnaðar og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

### Járniðnaðarmenn / suðumenn

Leitað er að járniðnaðarmönnum og suðumönnum til almennrar járnsmíða- og lagnavinnu á verkstæði og utan verkstæðis.
Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi, nýsmíði og uppsetningu tækja. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

Til greina kemur að ráða nema sem búnir eru með grunnnám í allar greinar.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur, Egilsstaðir.

**TIL SÖLU & LEIGU**









## 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**2 herb. verð frá KR. 12.850.000***
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**3 herb. verð frá KR. 16.450.000***
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

| | | |
|---|---|---|
| ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS | FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. | domus |
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



## STAÐURINN: DIMMUBORGIR

Dimmuborgir eru einstæðar hraunmyndanir við austanvert Mývatn. Þær eru í Yngra-Laxárhrauni og eru um tveir kílómetrar í þvermál.

Helstu staðir í Dimmuborgum eru Kirkjan, sem er stór hellir sem svipar til kirkju að innan, Kindahellir, sem er hellir þar sem kindur voru hafðar, og Gatklettur, sem er gengið í gegnum.

Í Dimmuborgir kemur fjöldi ferðamanna á ári hverju en þar hafa verið lagðir fínir göngustígar. Einnig liggja göngustígar frá Dimmuborgum og upp á Hverfjall.

## DRAUMAHELGIN

### *Á danssýningu í New York*

„Á föstudegi flygi ég til Færeyja því þangað hef ég aldrei komið, eyddi kvöldinu í góðum félagsskap og sypi öl," segir Bryndís Nielsen, kynningarfulltrúi hjá Íslenska dansflokknum, sem undirbýr nú frumsýningu á tveimur nýjum spennandi verkum í október, „Flest um fátt" og „Við erum komin".

„Laugardaginn nýtti ég til skoðunarferða um grænar hlíðar eyjanna og kannaði þorp og bæi," heldur Bryndís áfram og segir að hún færi síðan til New York um kvöldið en þar bjó hún um skeið.

„Þetta er einstaklega heillandi borg, þar sem mikið er hægt að sjá og gera," segir Bryndís. „Sjálf kysi ég að snæða góðan kvöldmat á veitingastaðnum Asia de Cuba sem er í uppáhaldi hjá mér og færi frumlega og skemmtilega danssýningu að honum loknum. Sunnudeginum verði ég í göngutúr um Central Park með ilmandi kaffibolla og svo í bókabúðinni Barnes & Nobles við bókalestur, en þar var ég oft klukkustundum saman enda er búðin margra hæða og með góðu kaffihúsi. Ekki skemmdi fyrir að hafa draumprinsinn með í för, en hann hef ég ekki enn fundið," bætir hún hlæjandi við. *-rve*



**BRYNDÍS GÆTI VEL HUGSAÐ SÉR AÐ EYÐA SUNNUDEGI Í BARNES & NOBLES.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## VISSIR ÞÚ...

að rokkarinn Tommy Lee heitir í raun Thomas Lee Bass?

að hann er fæddur 3. október 1962 og er því að verða 44 ára gamall?

að hann fæddist í Aþenu á Grikklandi?

að móðir hans, Vassilikki Papadimitriou, var kosin ungfrú Grikkland árið 1957?

að faðir hans var David Lee Thomas Bass, velskur hermaður?

að hann flutti til Bandaríkjanna aðeins árs gamall?

að hann fékk fyrsta trommusettið þegar hann var fjögurra ára?

að fyrsta alvöru hljómsveitin hans hét Suite 19?

að hann er best þekktur sem trommuleikarinn í hljómsveitinni Mötley Crue?

að þegar hann gekk til liðs við hljómsveitina breytti hann nafni sínu í Tommy Lee?

að fyrsta plata Mötley Crue hét Too fast for love og kom út árið 1981?

að Tommy Lee vakti á þessum árum athygli fyrir val sitt á ástkonum?

að hann giftist nektardansmeynni Elaine Starchuk árið 1984?

að hann giftist leikkonunni Heather Locklear árið 1986?

að hann skildi við hana árið 1993 eftir að upp komst um kynferðislegt samband hans við klámmyndaleikkonuna Debi Diamond?

að hann giftist Pamelu Anderson árið 1995?

að hann eignaðist með henni tvö börn?

að þau skildu árið 1998?

að Tommy Lee var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að sparka í klofið á Pamelu?

að hann ákvað að hætta í hljómsveit sinni meðan hann dvaldi í fangelsinu?

að hann hefur samt sem áður spilað með hljómsveitinni af og til síðustu ár?

að hann gaf út ævisögu árið 2004 sem heitir Tommyland?

að hann gerði raunveruleikaþátt um háskólann í Nebraska sem hann gekk í?

að hann hefur nú stofnað hljómsveit ásamt þeim Jason Newsted, Gilby Clarke og Lucas Rossi?






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


ður betur!
KJARNAFÆÐI
NGIFRAMPARTUR m/BEINI
679 kg KR.
MERKT VERÐ 799KR.
KJÚKLINGABRINGUR
-frosnar danskar í 900g pokum-
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1398 KR.
900g poki
Vertu kátur
KJARNAFÆÐI
BLÓÐMÖR KÍLÓVERÐ
347 KR.
MERKT VERÐ 579KR.
40% afsláttur við kassann
STA
nus!
Vatnsmelóna
75 KR.
KÍLÓVERÐ
-það er komið slátur!
LIFRARPYLSA KÍLÓVERÐ
359 KR.
MERKT VERÐ 598KR.
40% afsláttur við kassann
KR.
Ð
lli mála! Góður biti í morgunsárið!
ð 30% afslætti
Ali
30% afsláttur við kassann
Kofareyktu sveitabjúgun
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU
299 KR.
KÍLÓVERÐ
Frábært úr frystinum
LIFRARPYLSA OG BLÓÐMÖR
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EKKERT BRUÐL

# Griptu FJÓRAR

4x 250 ml
259 KR.

léttur JÓGÚRT drykkur
Griptu FJÓRAR

DRYKKJAR JÓGÚRT JARÐARBER OG MÚSLÍ

## Ávaxtasafar í lítrapakkningum

Tropisk nektar / Tropical nectar
Äppeljuice / Apple juice
Apelsinjuice / Orange juice

ÁVAXTASAFI
79 KR.
lítri

## Hollustuna í hásætið!

300 LÝSISPERLUR
299 KR.

500 ml BÓNUSLÝSI
299 KR.

FITUBRENNSLA
VÖÐVAUPPBYGGING
AUKIN ORKA
SPORTPRENNA
859 KR.

LÝSI OG LIÐAMÍN
1199 KR.
60 STYKKI
60 STYKKI: 30 dagskammtar

LÝSI +D og KALK
699 KR.
90 STYKKI
90 STYKKI: 30 dagskammtar

Bónus býður betur!

HEILSUTVENNA
599 KR.
64 STYKKI: 32 dagskammtar

64 dagskammtar
OMEGA3 FORTE
799 KR.

## PEPPERONI*SPÆGIPYLSA*SAMLOKUSKINKA*MALAKOFF

PEPPERONI kílóverð:
1798 KR.
Merkt verð 1998kr.

SPÆGIPYLSA kílóverð:
1798 KR.
Merkt verð 1998kr.

25% afsláttur

SAMLOKUSKINKA kílóverð:
582 KR.
Merkt verð 776kr.

MALAKOFF kílóverð:
599 KR.
Merkt verð 799kr.

SMYRILL
98 KR.
400g

770g
129 KR.
MYLLUBRAUÐ

HEIMILISBRAUÐ

Tilboðin gilda til sunnudags 17. september eða á meðan birgðir endast

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Kanna þarf framfærslukostnað aldraðra

**Björgvin Guðmundsson skrifar um útgjöld aldraðra.**

Hver er framfærslukostnaður aldraðra? Er hann eitthvað lægri en framfærslukostnaður almennings yfirleitt? Sum útgjöld eru meiri hjá öldruðum en hjá almenningi, svo sem sjúkrakostnaður, lyf og læknishjálp, en önnur útgjöld eru lægri. Að sjálfsögðu fer þetta eftir lífsstíl fólks en ég hygg, að þetta jafni sig nokkuð út. Gera má ráð fyrir, að framfærslukostnaður aldraða sé svipaður og gengur og gerist hjá almenningi, þ.e. til jafnaðar.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Samkvæmt tillögu undirritaðs samþykkti stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík að biðja Hagstofu Íslands eða hagdeild Alþýðusambands Íslands að kanna framfærslukostnað aldraðra. Ekki er komin niðurstaða í það mál enn.

**167 þúsund á mánuði**

Hagstofan kannar reglulega neysluútgjöld heimilanna í landinu og þar á meðal neysluútgjöld einstaklinga. Samkvæmt síðustu neyslukönnun Hagstofunnar, sem birt var á þessu ári, eru meðaltals neysluútgjöld einstaklinga 167 þúsund krónur á mánuði. Skattar eru ekki meðtaldir í þeirri tölu. Ég tel, að útgjöld aldraðra einstaklinga séu ekki minni en meðaltals útgjöld einstaklinga í landinu yfirleitt. Eins og ég benti á hér að framan eru sumir útgjaldaliðir aldraðra hærri en hjá almenningi en aðrir lægri. Að vísu mundi könnun á framfærslukostnaði aldraðra leiða hið rétta í ljós í því efni en á meðan slík könnun hefur ekki farið fram mun ég halda mig við neyslukönnun Hagstofunnar. Ég tel sem sagt, að framfærslukostnaður aldraðra einstaklinga sé a.m.k. 167 þúsund krónur á mánuði. Ef neysluútgjöld aldraðra einstaklinga eru 167 þúsund krónur á mánuði án skatta er ljóst, að framfærslukostnaður aldraðra með sköttum er mun meiri, eða yfir 200 þúsund á mánuði.

Í skýrslu Öryrkjabandalags Íslands og Landssambands eldri borgara um kjör öryrkja og eldri borgara og endurskoðun almannatrygginga sagði, að laun aldraðra og öryrkja (einstaklinga) þyrftu að vera 130-190 þúsund krónur á mánuði (t.d. 170 þúsund). Af því þyrftu 130 þúsund að vera skattfrjáls. Ljóst er, að hér hafa samtökin tekið mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands enda er í skýrslunni vísað í þá könnun og sagt, að ákveða eigi laun aldraðra og öryrkja í samræmi við neysluútgjöld samkvæmt könnun Hagstofu Íslands.

**Lífeyrir aldraða einfalt reikningsdæmi**

Þegar búið verður að kanna framfærslukostnað aldraðra og fyrir liggur hver sá framfærslukostnaður er, á að ákveða lífeyri (laun) aldraðra frá almannatryggingum í samræmi við það. Lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum á þá að vera sá sami og framfærslukostnaður aldraðra samkvæmt útreikningum. Það á ekki að þurfa að deila um það hver þessi lífeyrir þurfi að vera. Þetta á að vera einfaldur útreikningur, ef allar upplýsingar liggja fyrir.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Opinn og öflugur Heimdallur

**Umræðan**
Aðalfundur Heimdallar

Heimdallur, félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, er öflugt og framsækið félag sem setur frelsi einstaklingsins í öndvegi. Félagið á að vera breiðfylking ungs fólks sem hefur áhuga á að taka þátt í stjórnmálum ásamt því að veita Sjálfstæðisflokknum aðhald í sem flestum málaflokkum. Enginn getur efast um mikilvægi Heimdallar í starfi Sjálfstæðisflokksins enda sýnir sagan að Heimdallur hefur gjarnan verið á undan öðrum við að koma auga á mikilvæg framfaramál sem síðar hafa komist í framkvæmd fyrir tilstuðlan Sjálfstæðisflokksins.

Næstkomandi fimmtudag fer fram stjórnarkjör í félaginu. Ég gef kost á mér til þess að gegna embætti formanns Heimdallar. Með mér býður sig fram kröftugur hópur fólks sem vill veg félagsins sem mestan og er tilbúið að leggja á sig alla þá vinnu sem til þarf til þess að starf félagsins megi halda áfram að blómstra.

**Framsækið stjórnamálaafl**

Undanfarin tvö ár hefur Heimdallur náð miklum árangri í að opna félagið og efla stjórnmálaþátttöku ungs fólks. Sá árangur hefur náðst vegna ötuls starfs fráfarandi stjórnar og formanns. Eiga þau bestu þakkir fyrir gott starf. Við sem bjóðum okkur fram nú ætlum að halda því frábæra starfi áfram og gera gott betur. Við trúum því að Heimdallur eigi að vera frjálslynt og framsækið stjórnmálaafl sem virði einstaklinginn ofar öllu og trúi á mátt hans og framtakssemi í stað boðvalds stjórnvalda. Samfélög dafna best þegar frelsi er reglan en reglur eru undantekningin.

*Við trúum því að Heimdallur eigi að vera frjálslynt og framsækið stjórnmálaafl sem virði einstaklinginn ofar öllu og trúi á mátt hans og framtakssemi í stað boðvalds stjórnvalda.*

**Stefnumál**

Stefna okkar tekur á hinum ýmsu málaflokkum. Meðal þeirra má nefna aðhald í ríkisrekstri, skattalækkanir og einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu. Þá teljum við mikilvægt að rekstur heilbrigðiskerfisins verði í auknum mæli færður til einkaaðila, tryggingakerfi verði gert gagnsærra og að landbúnaðarkerfið verði skorið upp. Ásamt



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

þessu verði að snúa þróun undanfarinna ára sem leitt hefur til þess að samþykkt hafa verið lagafrumvörp sem ganga á rétt einstaklinga.

Heimdallur hefur mikilvægu hlutverki að sinna á komandi starfsári – ekki aðeins við stefnumótun heldur, og ekki síður, í stuðningi við framboð Sjálfstæðisflokksins í komandi þingkosningum. Þá veltur mikið á því að allir ungir sjálfstæðismenn snúi bökum saman og tryggi flokknum góða kosningu.

**Blatt.is**

Þar sem verkefni Heimdallar eru ærin og mörg er stefna okkar ekki tæmandi. Nálgast má stefnuplagg okkar á heimasíðu framboðsins, *www.blatt.is*. Þar má einnig finna upplýsingar um okkur sem nú bjóðum okkur fram til setu í stjórn Heimdallar ásamt staðsetningu og opnunartíma kosningamiðstöðvar okkar.

Ég hvet alla unga sjálfstæðismenn í Reykjavík til að nýta kosningarétt sinn á aðalfundi félagsins og óska eftir stuðningi við mig og þann sterka hóp sem býður sig fram með mér til setu í stjórn félagsins á komandi starfsári. Fundurinn fer fram þann 21. september næstkomandi milli kl. 15.00-19.00 í Valhöll.

# *Við getum ekki stjórnað streituvöldum í umhverfinu*

**Umræðan**
Áhrif umhverfis

Miðvikudaginn 6. september síðastliðinn var ég í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. Umræðuefnið var streita. Ég útskýrði stuttlega fyrir þáttarstjórnendum hvað ég væri að gera með námskeiðahaldi mínu og fyrirlestrum til þess að hjálpa fólki að takast á við streitu og virkja hana til góðra hluta. Að loknu viðtalinu opnuðu þeir félagar, Þorgeir, Kristófer og Ásgeir, fyrir símann og spurðu fólk hvort það upplifði mikla streitu.

Ég hlustaði með öðru eyranu á meðan ég horfði á danska fótboltaliðið sigra það íslenska í sjónvarpinu. Ég sperrti hins vegar eyrun þegar ég heyrði hvern hlustandann á fætur öðrum kvarta undan streitu í



GUÐJÓN BERGMANN

umhverfinu og ræða um hvað þyrfti að breytast í samfélaginu til að draga úr streitu.

Á vissan hátt er það útópísk hugsun að ætlast til eða óska þess að umhverfið breytist. Hver og einn einstaklingur hefur litla sem enga stjórn á umhverfinu og hefur á það takmörkuð áhrif. Í stað þess að skilgreina streitu sem ytra áreiti má skilgreina hana sem viðbrögð einstaklings við áreiti. Ytra áreiti hefur vissulega áhrif, en streita er ástand sem verður til innra með hverjum og einum. Viturlegasta leiðin til að takast á við streitu er því að breyta eigin hugarfari, því að hið eina sem maðurinn getur mögulega stjórnað í lífinu er eigin hugsanir, orð og athafnir, ef hann kann til þess réttu aðferðirnar.

*Höfundur er rithöfundur, jógakennari og fyrirlesari.*


ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Of mörg 000000000000?

Lærðu að lesa ársreikninga fyrirtækja

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

// Greining ársreikninga

18. og 19. september
kl. 9:00-12:00

Kennari: Bjarni Frímann Karlsson, lektor í Viðskipta- og hagfræðideild HÍ



Nánari upplýsingar og skráning í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SIA

// AÐ VAXA OG DAFNA
Endurmenntun uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is







ROBERT PENN WARREN (1905-1989) LÉST Á ÞESSUM DEGI

*Hvað er ljóð annað en hættuleg tilraun til að skilja sjálfið?*

***Bandaríska skáldið Robert Penn Warren vann Pulitzer-verðlaunin í þrígang, þar á meðal fyrir bókina Allir kóngsins menn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. SEPTEMBER 1942

## *Slúðurblað fæðist*




Á þessum degi fyrir 42 árum kom breska dagblaðið The Sun út í fyrsta sinn. Útgáfufyrirtækið Mirror Group gaf The Sun út, en blaðið leysti The Daily Herald af hólmi, en það hafði verið rekið með halla um hríð. Fyrsta tölublaðið kom út aðeins mánuði fyrir þingkosningar, en ritstjórnarstefnu blaðsins var lýst sem „róttækri og óháðri", og ekki yrði gengið erinda sérstakra stjórnmálaafla, ólíkt forveranum sem hafði sterk tengsl við Verkamannaflokkinn. Fyrsti ritstjóri blaðsins var Sidney Jacobsen.

Fimm árum eftir að fyrsta tölublaðið kom út var The Sun boðið til sölu, en ekki hafði tekist að losna við skuldasúpuna sem fylgdi tapprekstri The Daily Herald. Um það bil milljón manns lásu blaðið að staðaldri. Fjölmiðlakóngurinn Rubert Murdoch festi kaup á blaðinu en hann átti News of the World fyrir. Murdoch breytti ritstjórnarstefnunni og gerði blaðið að götublaði og þeirri stefnu hefur það fylgt allar götur síðan. Árið 1978 fór The Sun fram úr sínum helsta andstæðingi, The Mirror, hvað lestur varðar.

Blaðið var að jafnaði hlutlaust í kosningum fram til ársins 1997 þegar það lýsti yfir stuðningi við Tony Blair. Upplag blaðsins í dag er tæpar fjórar milljónir.

### MERKISATBURÐIR

**1916** Skriðdrekar eru notaðir í fyrsta sinn í styrjöld í átökum milli Breta og Þjóðverja.

**1935** Nasistar byrja að nota hakakrossinn sem tákn fyrir Þriðja ríkið.

**1940** Konunglegur flugher Breta gersigrar þýska flugherinn í bardaga við strendur Bretlands. Þýsku flugvélarnar voru fjórum sinnum fleiri en þær bresku.

**1967** Útsendingar sjónvarpsstöðvar Varnarliðsins eru takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans en stöðin fékk starfsleyfi í mars 1955.

**1984** Harry prins, annar sonur Díönu prinsessu og Karls Bretaprins, fæðist.



*Þökkum innilegan hlýhug og samúð vegna andláts elskulegrar eiginkonu minnar,*

**Kristínar Aðalsteinsdóttur**
Heiðmörk 28h, Hveragerði.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigurður Svanholt Björgvinsson**




*Yndislega dóttir okkar og barnabarn*

**Bryndís Eva Hjörleifsdóttir**
Heiðarbóli 10, Keflavík,

lést á Barnaspítala Hringsins miðvikudaginn 6. september. Útför verður gerð frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 18. september kl. 12.00.

**Bergþóra Ólöf Björnsdóttir**
**Hjörleifur Már Jóhannsson**
**Björn Viðar Björnsson**
**Birna Oddný Björnsdóttir**
**Jóhann Guðnason**
**Sóley Vaka Hjörleifsdóttir**
**Eyjólfur Örn Gunnarsson.**

**Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast Bryndísar Evu er bent á Barnaspítala Hringsins.**



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar*

**Magnús Ólafur Kjartansson**
myndlistarmaður

lést á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut þriðjudaginn 12. september. Útför auglýst síðar.

**Kolbrún Björgólfsdóttir, Elsa Björg og Guðbrandur.**

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Tryggvi Ingvarsson**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 10. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Óskar Tryggvason**
**Sigurrós Ríkharðsdóttir**
**Elínborg Tryggvadóttir**
**Guðrún Tryggvadóttir**
**Gunnar Guðnason**
**Jóhanna Tryggvadóttir**
**Ferdinand Hansen**
**Ingveldur Tryggvadóttir**
**Guðmundur H. Valtýsson**
**Guðmundur Tryggvason**
**Ingvar Júlíus Tryggvason**
**Magnea Guðrún Karlsdóttir**
**Ragnhildur Tryggvadóttir**
**Sigurjón Mikael Badeur**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ARINBJÖRN ÞÓRARINSSON OG HUGRÚN HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR** Ætla að halda rekstrinum á sömu braut.

VEITINGASTAÐURINN GREIFINN: FÆR NÝJA EIGENDUR

# Urðu ástfangin á Greifanum

„Okkur bauðst bara tækifæri til að taka við staðnum og stukkum á það," segir Arinbjörn Þórarinsson en hann og kona hans, Hugrún Helga Guðmundsdóttir, taka við rekstri veitingastaðarins Greifans norður á Akureyri um mánaðamótin.

Hugrún er lærður framreiðslumaður og Arinbjörn er matvælaframleiðslufræðingur frá Háskólanum á Akureyri en þau unnu áður um nokkurra ára skeið á Greifanum, hún sem þjónn og hann í eldhúsinu, og þekkja því vel til staðarins og bera til hans sterkar taugar.

„Við kynntumst meira segja þar á sínum tíma. Ég vann þarna í sjö ár og hún fimm og við höfum haldið góðum tengslum við staðinn eftir að við fórum. Þegar vinir okkar og fyrrverandi vinnuveitendur ákváðu að selja staðinn, var það áhersluatriði að þeir gætu treyst þeim sem tækju við til að halda uppi merki Greifans." Fráfarandi eigendur hyggjast nú einbeita sér að hótelrekstri en þeir eiga og reka sex KEA-hótel.

Arinbjörn segir að engar áherslubreytingar séu framundan, enda óþarfi að breyta því sem vel er gert. „Við ætlum fyrst og fremst að halda áfram að bjóða upp á góða vöru og þjónustu. Höldum sem sagt áfram á sömu braut og stefnum á að gera ennþá betur," segir Arinbjörn en hjónin njóta liðsinnis rekstrarfélags American Style sem á hlut í rekstrinum. **- bs**




**GREIFINN AKUREYRI** Hjónin unnu þar árum saman.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sólrún Þorbjörnsdóttir**
Sóltúni 2, Reykjavík

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 12. september. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 22. september kl. 15.00.

**Gísli Ferdinandsson**
**Guðríður Valva Gísladóttir**
**Kolbeinn Gíslason**
**Ólafur Haukur Gíslason**
**Magnea Auður Gísladóttir**
**Þorbjörn Reynir Gíslason**
**Gísli Gíslason**
**Matthías Rúnar Gíslason**
**tengdabörn og barnabörn.**



## 90 ára afmæli

18. september nk. verður níræður

**Símon Kristjánsson**
Neðri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd.

Af því tilefni tekur hann og fjölskylda hans á móti gestum í Tjarnarsal í Stóru-Vogaskóla sunnudaginn 17. september milli kl. 15 og 18.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# NÝTT&
# FERSKARA
# BLAÐ




***Íris í Buttercup***
*fjölskyldan númer eitt, tvö og þrjú*




***Best klæddu strákarnir***
*í ítarlegri umfjöllun*




***Kristín Helgadóttir***
*vildi hætta standandi*




***KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA***




# STUÐ MILLI STRÍÐA Skora svo!

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ÆTLAR AÐ FARA AÐ HORFA Á FÓTBOLTA



Fótbolti er nokkuð sem ég hef aldrei skilið. Ég hef auðvitað ákveðna hugmynd um grunnreglur leiksins en ég hef aldrei skilið skemmtanagildi hans. Ég botna bara ekkert í því hvernig fólk nennir að hlaupa fram og til baka á eftir bolta og enn furðulegra finnst mér að nenna að horfa á aðra gera það.

Þrátt fyrir áhugaleysið hef ég samt aldrei vanmetið félagslegt gildi fótbolta sem svona „male bonding thing“. Um daginn ákvað ég því að fara með son minn á fótboltaæfingar þar sem hann var að byrja í skóla og ég veit að leikni með boltann er eini öruggi aðgöngumiðinn inn í strákasamfélagið.

Pjakkurinn hefur alltaf verið duglegur að leika sér með bolta og getur auðveldlega sparkað honum sæmilega fast í rétta átt svo ég hélt að þetta yrði ekki mikið mál. Það var ekki fyrr en búið var að skipta í lið á fyrstu æfingunni að ég fattaði að ég hef aldrei útskýrt reglurnar fyrir honum og í okkar sjónvarpi er ekki sýndur fótbolti. Ég kallaði hann því út af og sagði honum í stuttu máli frá grunnhugmynd leiksins. Þrátt fyrir skyndinámskeiðið sá ég samt fljótt augljósan mun á einbeitni sonar míns á vellinum og hinna, sem höfðu greinilega setið löngum stundum í sófanum með sér eldri karldýrum og öskrað bolta uppáhaldsliðsins í netið. Hinir vissu strax á hvort markið þeir áttu að skjóta og annað slagið heyrðust öskur eins og „útaf!“, „hendi!“ og „víti!“.

Ég skildi þarna að til þess að sonur minn áttaði sig almennilega á öllum reglunum yrði ég sennilega að endurskoða afstöðu mína til fótboltasýninga í sjónvarpi. Við byrjuðum þess vegna á því þegar við komum heim að velja okkur uppáhaldslið í enska boltanum og ætlum að fara að fylgjast með því. Ég er búin að átta mig á því að það eru engin takmörk fyrir því hvað maður er tilbúinn að gera fyrir börnin sín og ef það er syni mínum fyrir bestu að ég öskri annað slagið á sjónvarpið okkar með honum þá geri ég það bara.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Stórtónleikar

# Kurt Elling

## ásamt Laurence Hobgood Trio
## Háskólabíó 30.september

*Kurt Elling var nýlega kosinn*
*"Male Vocalist of the year"*
*af gagnrýnendum Downbeat*

Fyrir tónleika Kurt Elling leikur

**Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór kvartett**

Kvartettinn skipa þeir Eyjólfur Þorleifs, Andrés Þór
Þorgrímur Jónsson og Einar Valur Scheving

## Miðasala hefst 14.sept.:

www.midi.is
verslunum Skífunnar og BT úti á landi.

**Allar nánari upplýsingar um þessa tónleika og aðra viðburði á Jazzhátíð Reykjavíkur 2006 er að finna á**

# www.jazz.is



"Hugely talented."
**THE NEW YORK TIMES**

"Elling is arguably the most interesting and innovative jazz singer to come along in years."
**ARTIE SHAW**

"The most flamboyantly creative male jazz singer to emerge in the last decade."
**S.F. CHRONICLE**

"...in an era when bona fide jazz singers are in perilously short supply...Elling seems hellbent on rewriting the definition of what jazz singing is all about."
**CHICAGO TRIBUNE**

"A musical phenomenon."
**THE GUARDIAN (UK)**

"Elling freestyles over complex jazz compositions with the ease of butter over hot corn...Elling is a vocal experience."
**HITS!**

"[possibly] the greatest jazz singer of all time."
**JAZZ REVIEW (UK)**

"Elling is a cool breeze in the desert of male jazz singers. Elling sings, scats, does vocalese, tells stories and reads poetry in a baritone voice that bounces from sweet to tangy."
**PHILADELPHIA DAILY NEWS**

GLITNIR

olís

VISA

**!** **Kl. 13.30**
*Ráðstefna á vegum Djáknafélags Íslands verður haldin í hátíðarsal í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Yfirskrift hennar er „Kærleiksþjónustan og kirkjan í dag“. Að loknum erindum verður boðið upp á pallborðsumræður.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Blóðbönd á tveimur vígstöðvum

Kvikmyndirnar Blóðbönd og A Little Trip to Heaven eru framlag Íslands til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2006.

Norska myndin Den brysomme mannen keppir einnig um verðlaunin en Kvikmyndafélag Íslands með þá Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson innanborðs framleiðir hana ásamt öðrum.



**BLÓÐBÖND** Var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í vikunni og var vel tekið af áhorfendum.

Dómnefnd, sem er skipuð fulltrúum allra norrænu landanna, valdi tvær myndir frá hverju landi og mun kveða upp sinn dóm þann 11. október og verðlaunin verða svo afhent 1. nóvember á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Blóðbönd er einnig í hópi þeirra 49 kvikmynda sem Evrópska kvikmyndaakademían hefur valið í forval til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Þessi keppni er eðlilega öllu viðameiri en Norðurlandakeppnin og á næstu vikum munu 1.700 meðlimir akademíunnar fá tilnefndar myndir til skoðunar en þeim er gert að velja fimm myndir sem fá tilnefningu í ýmsum flokkum.

Almenningur getur haft sitt að segja í flokknum „People's Choice“ en þar eru danska myndin Adams æbler og Volver eftir Pedro Almodóvar meðal tilnefndra mynda. Kosningin fer fram á netslóðinni www.peopleschoiceaward.org.

Lokatilnefningarnar verða kynntar 4. nóvember en verðlaunaafhendingin fer fram í Varsjá í Póllandi þann 2. desember.



### > Dustaðu rykið af...

Fyrstu plötu kanadíska söngvaskáldsins Leonards Cohen, **The Songs of Leonard Cohen.** Þar má til dæmis heyra lögin **So long Marianne** og **Sisters of Mercy**. Stjörnuprýdd heimildamynd um Cohen er sýnd á kvikmyndahátíð sem nú stendur yfir en þar flytur tónlistarfólk á borð við **Beth Orton, Jarvis Cocker, Nick Cave** og systkinin **Rufus** og **Martha Wainright** lög hans.



**MYNDLIST HALLSTEINS SIGURÐSSONAR** Léttleiki og tær myndhugsun er aðall Hallsteins.

## Hjól, plógur og vængir

Sýning á þrívíðum verkum eftir Hallstein Sigurðsson verður opnuð í Listasafni Sigurjóns í Laugarnesi á morgun. Sýningin ber heitið „Hjól – Plógur – Vængir“ og eru verkin unnin úr málmi. Borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, opnar sýninguna formlega kl. 15.

Listfræðingurinn Jón Proppé hefur tekið saman sýningarskrá um verk Hallsteins og lýsir hann þeim svo að þau hafi framan af borið sterk einkenni módernismans en nýrri verk hans séu gjarnan léttar formstúdíur þar sem hann noti granna teina og kúpta fleti til að teikna upp form og hreyfingar í rýminu. „Léttleiki og tær myndhugsun eru aðall Hallsteins og innra rými verkanna er opið, afmarkað með fáum en skýrum dráttum.“

Hallsteinn hefur haldið á annan tug einkasýninga, tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og verið virkur í starfi myndlistarmanna, einkum í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík.

Verk Hallsteins er víða að finna en gott safn þeirra má þó ávallt skoða í höggmyndagarði sem hann hefur sett upp í Gufunesi.

Sýningin stendur til 26. nóvember en safnið opið daglega, utan mánudaga, milli 14-17, en í október og nóvember verður safnið aðeins opið um helgar. - khh

# Að svíkja ekki skáldskap sinn

**Kvenfélagið Garpur frumsýnir leikrit byggt á Gunnlaðarsögu eftir Svövu Jakobsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari útskýrir að verkið fjalli um margar af stærstu spurningum lífsins og skáldskaparins enda er ferðast víða í verkinu.**

Gunnlaðarsaga kom út árið 1987 og var önnur skáldsaga Svövu Jakobsdóttur og af mörgum álitin eitt merkasta verk hennar. Þar greinir frá mægðum og leið þeirra til aukins sjálfsskilnings en í sögunni varpar Svava jafnframt nýju ljósi á stöðu kvenna í norrænum fornbókmenntum. Gunnlaðarsaga en þroskasaga, goðsaga og glæpasaga og því vandi að ákvarða hvar bera skuli fyrst niður. „Þetta er býsna alvöruþrungið verk,“ segir Sveinn Ólafur, „eins og aðrar góðar sögur er hægt að lesa þetta verk frá mörgum hliðum. Í grunninn er þetta saga af móður og dóttur. Hvernig móðirin lærir að sýna dóttur sinni skilning en skilja um leið uppruna hins íslenska menningarsöguheims.“ Móðir ungu stúlkunnar fer til Kaupmannahafnar að vitja dóttur sinnar sem hefur verið handtekin fyrir ránstilraun á gullkeri úr Þjóðminjasafni Dana. Móðirin dregst inn í óvenjulega atburðarás bæði í Kaupmannahöfn samtímans og í hugarheimi Dísar þar sem skáldskapur verður að veruleika og goðsagan um Gunnlöðu – hofgyðjuna sem gætir skáldskaparmjaðarins – rennur saman við sögu mæðgnanna.



**STÚLKAN DÍS FERÐAST TIL GOÐHEIMA** Sólveig Guðmundsdóttir í hlutverki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Stóra spurning verksins að mínu mati snýr að því hvort maður geti svikið skáldskap sinn,“ segir Sveinn og vitnar þar til orða móðurinnar í verkinu. „Þá spurningu er hægt að túlka á marga vegu, til dæmis hvort móðir geti svikið það sem barnið hennar stendur fyrir. Það er líka hægt að sjá skáldskapinn sem þann veruleika sem þú býrð til sjálfur, einskonar persónulega túlkun á raunveruleikanum,“ segir hann. Áhorfendum er síðan látið eftir að leggja dóm á sekt, sakleysi og mátt skáldskaparins.

Sveinn Ólafur leikur sjálfan Loka Laufeyjarson í verkinu en hann er þó ljúfari persóna en það ólíkindatól sem flestir kannast við. „Þetta er áður en hann gerist þessi brellni karakter. Hann sér til margra heima en sagan gerist áður en hann tekur ákvörðun um að vera myrkranna megin.“ Loki og Gunnlöð eiga í kærleiksríku sambandi en geta ekki ást og vitanlega dregur til tíðinda þegar stúlkan Dís dúkkar upp í goðheimum.



**SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON LEIKARI** Leikur Loka Laufeyjarson í Gunnlaðarsögu sem frumsýnd er í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Leikstjóri sýningarinnar er Þórhildur Þorleifsdóttir en leikgerðin var í höndum Sigurbjargar Þrastardóttur. „Það hefur án efa verið krefjandi að vinna leikgerð úr þessari sögu og eins að setja það á svið. Bæði Þórhildur og Sigurbjörg hafa mjög skýra sýn á verkið og maður varð hreinlega að treysta þeim þó maður hefði sjálfur ekki yfirsýn alveg strax.“

Aðrir leikarar eru Arndís Hrönn Egilsdóttir, Erling Jóhannesson, Ívar Örn Sverrisson, María Heba Þorkelsdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Sóley Elíasdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir en aðrir aðstandendur eru Lára Stefánsdóttir sem sér um dans- og sviðshreyfingar og Filippía Elísdóttir búningahönnður, um lýsingu sér Björn Bergsteinn Guðmundsson og tónlistina semja Giedrius Puskunigis og Hlynur Aðils Vilmarsson.

Þetta er fyrsta stóra verkefni Sveins eftir útskrift en að hans sögn er enginn frumsýningarskjálfti hlaupinn í hann enn. „Ég er í svo góðum höndum að það er alveg óþarfi. Hann á samt mögulega eftir að hellast yfir.“

Gunnlaðarsaga verður frumsýnd kl. 20 í Hafnarfirði í kvöld.

kristrun@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

„ÞAKIÐ ÆTLAÐI AÐ RIFNA AF HÚSINU.“
DV

VILTU FINNA MILLJÓN?
EFTIR RAY COONEY

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

# Eintak með bjartsýnisbrag

Nýjasta eintak Tímarits Máls og menningar er ekkert heimsósómahefti enda fullt af góðum fréttum og fræðandi greinum úr ólíkum menningaráttum.

Ástráður Eysteinsson skautar haglega um ljóðabækur síðasta árs og staðfestir í grein sinni að úrtölumenn sem ræða um andarslitur ljóðsins eru á villigötum í svartsýni sinni. Í heftinu birtast ennfremur ljóð fjölmargra skálda en meðal höfunda að þessu sinni eru Baldur Óskarsson, Þórdís Björnsdóttir, Snæbjörn Brynjarsson og Haukur Már Helgason.




Eins er bjartsýnisbragur á spjalli Þórhildar Ólafsdóttur við leikhúsmenn af yngri kynslóðinni þar sem niðurstaðan er sú að kraftur og djörfung leikhússins hafi búið til skilyrði fyrir ótakmarkaða sköpun og kræsilegt hlaðborð fyrir áhorfendur í framtíðinni. Gísli Sigurðsson ritar líka upplýsandi grein um íslenska málpólitík þar sem hann vekur athygli á þeirri tilhneigingu hérlendis að tala um „rétt og rangt mál“ fremur en „gott eða slæmt mál“ og bendir hann ennfremur á að litið verði ráðið við tungumálið með opinberum aðgerðum fremur en gang sólarinnar. Þetta er aðeins fyrri hluti greinar Gísla en framhald hennar mun birtast í næsta hefti tímaritsins.

Stefán Snævarr heimspekiprófessor skrifar um hentistefnu í samhengi við þróun stjórnmála og kemur víða við í hressilegri grein sem ber undirtitilinn „Hugmyndafræði handa Samfylkingunni (og kannski fleiri flokkum)?“

Af gagnrýni og umfjöllun má nefna grein Jónasar Sen um Sumartónleika í Skálholti, dóma um Sólskinshest Steinunnar Sigurðardóttur, Stefnuljós Hermanns Stefánssonar og Hrafninn eftir Vilborgu Davíðsdóttur. Auk þess er fjallað um ævisögur Hannesar Hafsteins og Einars Olgeirssonar sem komu út á síðasta ári að ógleymdu bréfi Íslandsvinarins Daniel Willard Fiske sem birt er í heild sinni í heftinu ásamt inngangi og skýringum Þórunnar Sigurðardóttur sagnfræðings. **- khh**



**NÝTT HEFTI INN UM LÚGUR LANDSMANNA** Silja Aðalsteinsdóttir ritstýrir Tímariti Máls og menningar.

# Fórnfýsi mæðra og fjarvera feðra

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Kvikmyndin Börn er að mörgu leyti óvenjuleg mynd þar sem aðdragandi hennar og vinnsla á sér fá fordæmi hérlendis. Sagan varð til í kringum persónur sem aðalleikarar myndarinnar, félagar úr leikhópnum Vesturporti, þróuðu í félagi við leikstjórann Ragnar Bragason, en myndin er sjálfstæður hluti stærra verks því systurmynd hennar, Foreldrar, verður sýnd í byrjun næsta árs.

Handritið hefur oftar en ekki verið akkilesarhæll í íslenskri kvikmyndagerð en þessi mynd líður ekki fyrir slíkt. Sögur aðalpersónanna þriggja, sem tengjast að lokum, standa fyrir sínu hver um sig og mynda saman sterka og eftirminnilega heild. Þó svo að áherslan sé fyrst og fremst á persónusköpun og aðstæður er framvindan áhugaverð þó hún sé á köflum fyrirsjáanleg.

Sögurnar fjalla allar um samskipti barna og foreldra, einkum mæðra og sona. Í fjölbýlishúsi býr Karítas, einstæð móðir með fjögur börn (Nína Dögg Filippusdóttir) og reynir að láta enda ná saman, á neðri hæðinni býr misþroska maður með móður sinni (Ólafur Darri Ólafsson og Margrét Helga Jóhannesdóttir) en úti í bæ gengur handrukkarinn og misindismaðurinn Gæi (Gísli Örn Garðarsson) berserksgang í óþökk móður sinnar (Hönnu Maríu Karlsdóttur) og bróður (einnig leiknum af Gísla Erni).

Fórnfýsi mæðranna og fjarvera feðranna er leiðarstef myndarinnar, aðalpersónurnar glíma við félagslega erfiðar aðstæður og er myndin á köflum grimm stúdía á von- og skilningsleysi sem fólk mætir hvert hjá öðru.

Myndin er stórvel leikin og virðing fyrir efninu og persónunum skilar sér á tjaldið. Með fullri virðingu fyrir atvinnumönnum og reyndu fólki tekst hinum unga leikara Andra Snæ Helgasyni á köflum að stela senunni í hlutverki unglingspiltsins Guðmundar en samleikur hans og Nínu Daggar var hrífandi. Ólafur Darri var að sama skapi sympatískur og grátlega fyndinn í sínu hlutverki.

Heildarútlit myndarinnar hæfir efninu vel, hér er ekkert „svarthvítt listakjaftæði“ á ferðinni og hún líður síst fyrir meint vanefni aðstandendanna. Nostur í eftirvinnslu hennar er til fyrirmyndar og hljóð og klipping unnin af fagmennsku.

Ef tína ætti til nokkuð neikvætt um þessa mynd þá fannst mér tónlistin stundum of yfirdrifin og dramatísk og endirinn alltof lukkulegur miðað við söguna sjálfa.



**BÖRN**

LEIKSTJÓRI: RAGNAR BRAGASON

AÐALHLUTVERK: NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, ANDRI SNÆR HELGASON, MARGRÉT HELGA JÓHANNESDÓTTIR, SIGURÐUR SKÚLASON OG HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR

**Niðurstaða:** Fyrirtaks mynd með hæfilegri blöndu af ádeilu og húmor, vel leikin og virðingarverð samfélagsrýni um aðstæður sem margir kannast við en flestir neita að þekkja.

Oft detta íslenskir áhorfendur í þá gryfju að mæla íslenskar myndir með annarri stiku en erlendar en þessi mynd þarf engra slíkra fyrirgreiðslna með, hún stenst fyllilega samanburð við það besta sem berst hingað frá útlöndum og ég bíð spennt eftir Foreldrum.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**




HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
Frumsýning 15. september uppselt
2. sýning 16. september örfá sæti laus
3. sýning 22. september
4. sýning 23. september
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00.
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

AUSTURBÆR
HAFIÐ BLÁA
Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006.
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:
- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.
AFGANGAR
Fös. 15. sept. kl. 21.00
Fim. 21. sept. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 17. sept. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 24. sept. kl. 13.30 sæti laus
DREKASKÓGUR
Lau. 16. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700



# Fjöll og blóm og fljúgandi skip

Myndlistarmaðurinn Ketill Larsen sýnir málverk sín á kaffihúsinu Mokka við Skólavörðustíg. Þetta er 35. einkasýning hans en hún hefur yfirskriftina „Líf frá öðrum heimi“. „Ég byrjaði að mála árið 1970 og hélt mína fyrstu sýningu á Mokka,“ segir Ketill. „Síðan þá hef ég komið víða við, sýnt hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi en líka erlendis, til dæmis í Færeyjum, Danmörku og Kenía. Það var allt mjög framandi í Kenía en þeir vilja víst alveg fá mig aftur.“ Nú í vor sýndi Ketill verk sín ásamt tveimur öðrum alþýðulistamönnum, þeim Jóni Ólafssyni og Guðjóni Stefáni Kristinssyni, í menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Ketill segist aðallega mála blóma- og landslagsmyndir. „Ég mála fjöll og blóm og fljúgandi skip. Ég kenni þessa sýningu við líf í öðrum heimi, það er afskaplega fallegt og ég reyni að miðla þeirri fegurð af mér. Svo er bara spurning hvernig tekst til,“ segir listamaðurinn.

Listamaðurinn vinnur í miklum skorpum og segist hafa málað um 1.500 myndir frá áramótum.



**MÁLARINN KETILL LARSEN** Fegurðin að handan er til sýnis á veggjum Mokka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Menn segja nú að það sé ekki hollt fyrir málara að vinna svona mikið en ég er bara vanur að gera þetta svona,“ segir Ketill um vinnulag sitt, „ætli ég sé ekki svolítið sérstakur.“

Ketill kveðst reyna að hafa myndirnar sínar litríkar og jákvæðar og hefur eftir vini sínum að hann hreinlega deyi úr rómantík þegar hann horfi á myndirnar. - khh

# Ensk leikhúsklassík á japönsku

Japanski leikhópurinn Theatre du Sygne frumsýnir Snegla tamin eða Taming of the Shrew eftir William Shakespeare á Stóra sviði Þjóðleikhússins næstkomandi laugardag. Þetta er þriðja japanska gestasýningin sem ferðast hingað til lands en koma gestanna úr austri er í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að Japan og Ísland tóku upp stjórnmálasamband.

Leikhópurinn Theatre du Sygne er virtur í sínu heimalandi og hefur tekist á við fjölda verka eftir Shakespeare og ferðast með sýningar sínar víða um heim. Meðal fyrri verkefna hópsins eftir Shakespeare má nefna Kaupmanninn í Feneyjum, Makbeð og Óþelló.

Sýningin á Snegla tamin er frumsýnd á þessari leikför, og er Ísland fyrsti áfangastaður hópsins á ferð til fleiri landa Evrópu.

Leiksýningin er flutt á japönsku með enskum skýringartextum og varir í 105 mínútur án hlés.

Leikstjóri er Hisao Takase. Leikmynd gerði Izumi Matsuoka en tónlist er eftir Shiho Arai, Hirokazu Hayashi, Yohei Matsukado, Atsuko Ogawa, Gouki Ogawa, Motonobu Hoshino, Kazuro Yano, Seiko Tano, Mitsutaka Tachikawa, Ken Hojo, Yasuhiro Wakita og Izumi Matsuoka.

Aðeins verður þessi eina sýning og hefst hún kl. 20 á laugardagskvöldið.




**SNEGLAN TAMIN** Japanskur leikhópur með franskt nafn setur upp enska klassík á Íslandi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

12 13 14 **15** 16 17 18

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Hljómsveitin **Telepathetics** heldur síðdegistónleika í versluninni **12 Tónum** við **Skólavörðustíg**.

☐ 19.00 Hljómsveitirnar **Defiance**, **Night & The City**, **Rökkurró** og **Carpetshow** leika á **Kaffi Hljómalind**.

☐ 19.00 Tónleikarnir **Reykjanes rokkar** verða haldnir í **Frumleikhúsinu** í **Keflavík**. Þrjár kynslóðir tónlistarmanna úr Reykjanesbæ og nágrenni leggja málefninu lið og rokka fyrir Reykjanes í sátt við umhverfið. Á tónleikunum munu koma fram **Deep Jimi and the Zep Cream**, **Heiða og heiðingjarnir**, **Rúnar Júlíusson**, **Æla**, **Hinir guðdómlegu neanderdalsmenn**, **Þröstur Jóhannesson**, **Koja**, **Tommy gun og Victory or death**. Húsið opnar kl. 19.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar Ask the Slave og Myra halda tónleika á Bar 11.

### SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Land & Synir** leikur á skemmtistaðnum **Players** í Kópavogi.

### FYRIRLESTRAR

☐ 11.30 Þýski myndlistarmaðurinn **Martin Kobe** heldur fyrirlestur og kynnir verk sín í **Opna listaháskólanum** í fyrirlestrasal **Listaháskóla Íslands** í Laugarnesi 1. Sýning **Tilo Baumgärtel** og **Martin Kobe** opnar í Safni næstkomandi laugardag og verður opin til 5.nóvember.

### KEPPNIR

☐ 13.30 Ráðstefna á vegum **Djáknafélags Íslands** verður haldin í hátíðarsal í aðalbyggingu **Háskóla Íslands**. Yfirskrift hennar er **Kærleiksþjónustan og kirkjan í dag**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
ALLIR Í LEIKHÚSIÐ
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Água í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.
MEIN KAMPF
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
MIÐASALA HAFIN.
ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson
Sýningar í Landnámssetri í september og október
Föstudagur 15. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 16. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 17. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag



KRINGLUKRÁIN
Karma frá Selfossi í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Brottnámið úr kvennabúrinu
W. A. Mozart
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



**REYKJANES ROKKAR** Rúnar Júlíusson, Sverrir úr Koju, Halli Valli úr Ælu og Davíð úr Koju.

# Rokk á Reykjanesi

Í kvöld verða haldnir tónleikar undir yfirskriftinni Reykjanes rokkar í Frumleikhúsinu í Keflavík. Þetta eru seinni tónleikarnir sem eru haldnir undir þessari yfirskrift en hinir fyrri voru í gærkvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum.

Öllum hagnaði verður varið í kynningu á hugmynd Landverndar um að gera Reykjanesskaga að eldfjallagarði og fólkvangi.

Þrjár kynslóðir tónlistarmanna úr Reykjanesbæ og nágrenni leggja málefninu lið og rokka fyrir Reykjanes í sátt við umhverfið. Fram koma Deep Jimi and the Zep Cream, Heiða og heiðingjarnir, Rúnar Júlíusson, Æla, Hinir guðdómlegu neanderdalsmenn, Þröstur Jóhannesson, Koja, Tommy gun og Victory or death.

Miðasala fer fram á www.midi.is, í verslunum Skífunnar og Hljómvali í Keflavík.



**SÓPRANSÖNGKONAN ANGELA GILBERT** Hefur fengið lof og prís fyrir frammistöðu sína í Bandaríkjunum og syngur í fyrsta verkefni vetrarins hjá Íslensku óperunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dýrlegur óperuvetur

Vetrarstarf Íslensku óperunnar var kynnt með hátíðarbrag á dögunum en þar kennir ýmissa grasa. Þrjú stór óperuverkefni verða sett upp í Ingólfsstræti á þessu starfsári auk annarra tónleika og samstarfsverkefna svo húsið mun án efa iða af lífi langt fram á vor.

Í lok mánaðarins minnist óperan 250 ára afmælis Mozarts og setur upp æskuverk hans, Brottnámið úr kvennabúrinu, með einvala lið á fjölunum. Með aðalhlutverk fara suður-afríska söngstjarnan Angela Gilbert, Katharina Th. Guðmundsson, Finnur Bjarnason og Snorri Wium en hljómsveitinni stýrir Kurt Kopecky.

Ný íslensk ópera, Skuggaleikir, eftir Karólínu Eiríksdóttur við texta rithöfundarins Sjón verður frumflutt í nóvember en hún byggir á sögunni Skugganum eftir H.C. Andersen. Söngvararnir Ásgerður Júníusdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Ingibjörg Guðjónsdóttir og Sverrir Guðjónsson taka þátt í uppfærslunni en danshöfundur er Ástrós Gunnarsdóttir. Guðni Franzson verður hljómsveitarstjóri en um leikstjórn, leikmynd og búninga sér Messíana Tómasdóttir.

Þriðja verkefni Íslensku óperunnar er The Rake's Progress eftir Igor Stravinskí sem sýnd verður í febrúar. Óperan var frumsýnd í Feneyjum árið 1951 og hefur síðan verið sett upp víða um heim en þetta er í fyrsta sinn sem hún hljómar hérlendis. Leikstjóri hennar verður Halldórs E. Laxness en þar syngja meðal annara þær Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Hulda Björk Garðarsdóttir ásamt Ágústi Ólafssyni og Gunnari Guðbjörnssyni. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky.

Sem fyrr verður efnt til hádegistónleika á vegum óperunnar en Finnur Bjarnason tenór ríður á vaðið og kemur fram ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara í október.

Óperustúdíóið setur upp tvær stuttar óperur eftir Puccini á vordögum með nemendum tónlistarskólanna á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Hann stýrir einnig Kammersveitinni Ísafold sem heldur „öðruvísi" Vínartónleika í byrjun árs ásamt söngvurunum Ágústi Ólafssyni og Huldu Björk Garðarsdóttur.

Enn fremur mun Óperukór Hafnarfjarðar undir styrkri stjórn Elínar Óskar Óskarsdóttur setja upp Cavaleria Rusticana eftir ítalska tónskáldið Pietro Mascagni en þær sýningar eru fyrirhugaðar í apríl.

Fræðslustarfi óperunnar verður framhaldið. Á næstunni hefst námskeið tengt uppfærslunni á Brottnáminu úr kvennabúrinu en auk þess er stefnt að fleiri kynningum og vettvangsferðum fyrir almenning.

Nánari upplýsingar um starf Íslensku óperunnar er að finna á heimasíðunni www.opera.is. **- khh**

















BONNIE „PRINCE“ BILLY



JUSTIN TIMBERLAKE

## > Í SPILARANUM

**Bonnie „Prince“ Billy:** The Letting Go
**Brain Police:** Beyond the Wasteland
**James Yorkston:** The Year of the Leopard
**Justin Timberlake:** FutureSex/LoveSounds
**Yo La Tengo:** I Am Not Afraid of You and I Will Beat Your Ass

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Flytur til Amsterdam

Tónlistarmaðurinn Hermigervill, sem heitir réttu nafni Sveinbjörn Thorarensen, flytur á næstunni til Amsterdam í Hollandi þar sem hann hyggur á upptökunám.

Til að framfleyta sér með náminu ætlar hann að þeyta skífum á hinum ýmsu stöðum. Hermigervill mun engu að síður spila á Iceland Airwaves-hátíðinni í næsta mánuði en fyrir utan þá tónleika mun lítið sem ekkert heyrast í honum hér á landi á næstunni.

Hermigervill gaf út sína fyrstu plötu, Lausnin, árið 2003. Á síðasta ári kom út önnur platan, Sleepwork, og fékk hún góðar viðtökur gagnrýnenda rétt eins og sú fyrri. - fb



**HERMIGERVILL** Tónlistarmaðurinn Hermigervill er á leiðinni til Amsterdam.




## > Plata vikunnar

**Tiga:** Sexor

„Tiga veit upp á hár hvað hann þarf að gera til þess að fá þig út á dansgólfið. Sexor inniheldur flott elektrópopp, undir „næntís“ áhrifum, fyrir þá sem vilja hrista á sér beinagrindina.“

**BÖS**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Aldrei nóg af Gainsbourg*

Nú í vikunni kom í verslanir önnur plata frönsku söngkonunnar Charlotte Gainsbourg. Hún heitir 5:55 og er síðbúið framhald plötunnar Charlotte Forever sem kom út fyrir tuttugu árum.

Charlotte, sem er þekkt leikkona í Frakklandi, er dóttir Serge heitins Gainsbourg og Jane Birkin. Serge var ein skærasta stjarna Frakka í tónlist á síðustu öld og einn af merkustu popptónlistarmönnum sögunnar. Ég öfunda hvern þann sem á eftir að uppgötva hans fjölmörgu meistaraverk. Jane er bæði leikkona og söngkona. Þau fluttu saman „stunulagið“ alræmda Je t'aime ... moi non plus og þau eignuðust Charlotte.



Serge dáði dóttur sína. Hann söng með henni lagið Lemon Incest sem eins og fleira sem karlinn tók sér fyrir hendur fór fyrir brjóstið á mörgum og hann gerði um hana kvikmynd í fullri lengd og með henni plötuna Charlotte Forever þegar hún var fimmtán ára.

Serge féll frá árið 1991 og Charlotte valdi leiklistina fram yfir tónlistina. En nú er tónlistin farin að kalla á hana og hennar fyrsta fullorðinsplata komin út. Og það eru engir aukvisar sem vinna með henni. Tónlistin er að mestu í höndum félaganna í Air, Nigel Godrich stjórnar upptökum, Parísarbúinn Jarvis Cocker semur flesta textana og pabbi Beck, David Campbell, sér um strengjaútsetningar.

Útkoman er eftir því. Þetta er alvöru plata, engin „leikkonu sem langar að verða poppstjörnu“-hörmung. Charlotte hefur mjúka og sæta rödd og hvíslar stundum textana eins og móðir hennar. Tónlistin minnir oft mikið á tónlist Serge og vísar jafnvel í hana í nokkrum tilfellum. Þetta er líka mikil Air-plata. Svo mikil að það hefði eins mátt skrifa hana á Charlotte Gainsbourg & Air. Það rennur upp fyrir manni hvað tónlistin þeirra er undir miklum áhrifum frá Gainsbourg.

Það er greinilegt að Charlotte hefur tónlistina í sér eins og pabbi hennar. Vonandi er þetta bara fyrsta platan af mörgum. Maður fær aldrei nóg af Gainsbourg.






# Kanada í sviðsljósinu

**Gríðarlega margar áhugaverðar hljómsveitir hafa komið frá næstvíðfeðmasta landi heims, Kanada, á undanförnum misserum. Steinþór Helgi Arnsteinsson gluggaði aðeins betur í þessa sterku senu.**



**WOLF PARADE** Ein þeirra frábæru kanadísku sveita sem slegið hafa í gegn undanfarið. Wolf Parade spilar á Airwaves í næsta mánuði.

Ef farið er yfir tónlistarsöguna kemur í ljós að Kanada hefur alið af sér marga misgóða tónlistarmenn, alveg eins og öll önnur lönd. Margir eru þó meira en vel þekktir og má þar kannski helst nefna tónlistarmenn á borð við Leonard Cohen, Bryan Adams, Alanis Morissette, Neil Young, Shaniu Twain og síðan auðvitað Paul Anka.

Undanfarin tvö til þrjú ár hefur hins vegar mikið gengið á í kanadísku tónlistarlífi. Í vikunni kom til dæmis út platan So This Is Goodbye með hljómsveitinni Junior Boys og hefur hún fengið frábæra dóma nánast alls staðar. Er þetta enn ein kanadíska sveitin sem hefur hlotið gríðarlega athygli innan tónlistarheimsins en frambærilegar hljómsveitir frá þessu ágæta landi virðast spretta upp eins og gorkúlur um þessar mundir.

### Bylgjan magnast og kemst upp í þurrt land

Bylgjan mikla má segja að hafi hafist árið 2003 þegar hljómsveitirnar Broken Social Scene og The Unicorns stigu fram í dagsljósið. Báðar þessar hljómsveitir vöktu aðdáun tónlistargagnrýnanda og sýndu fram á að eitthvað væri að gerjast í þessu norðlæga landi. Árið 2004 má síðan segja að aldan hafi náð upp að landi. Það ár gaf hljómsveitin The Arcade Fire út frumburð sinn, Funeral. Sú plata barst eins og eldur í sinu um allan heiminn og varð meðal annars til þess að hljómsveitin fékk að spila með David Bowie. Í dag er Funeral orðin mest selda kanadíska plata seinni ára, sem stríðir gegn öllum nútíma plötusölulögmálum. Í kjölfarið komu fram á sjónarsviðið enn fleiri sveitir frá landinu sem South Park gerði svo eftirminnilega grín að í kvikmynd fyrir nokkrum árum síðan.

### Hefur alltaf verið til staðar

En hvað veldur eiginlega? Af hverju koma öll þessi ósköp af gæðatónlist frá Kanada akkúrat þessa stundina? Flestir tala um að mikil gróska hafi ávallt verið í kanadísku tónlistarlífi og að hún sé einungis núna að koma almennilega fram á sjónarsviðið. Í nýlegu viðtali sem birtist hér í Fréttablaðinu sagði Aaron Harris, trommuleikari hljómsveitarinnar Islands (sem er afsprengi hinnar fyrrnefndu The Unicorns), að „á ákveðnum fresti verða alltaf ákveðnar borgir mjög vinsælar og hljómsveitir frá þeirri borg fá meiri athygli og Kanada er ekkert annað en borg í augum Bandaríkjamanna“.

Grípandi poppmelódíur, framsækið indí-rokk, geislandi spilagleði og sterkar lagasmíðar virðast því einfaldlega vera Kanadamönnum í blóð borin. Reyndar eru margar af þessum kanadísku hljómsveitum skipaðar Bandaríkjamönnum sem búa og starfa í Kanada. Það sem er einnig heillandi við kanadísku senuna er að hljómsveitirnar virðast allar tengjast vinaböndum og vinna þær margar mikið saman að ýmsum hliðarverkefnum.

### Kátir Kanadabúar á Airwaves

Kraftur kanadísku tónlistaraldarinnar virðist hvergi næstum vera að minnka og sannar nýjasta skífa Junior Boys það svo um munar. Svo má einnig benda á að The Arcade Fire mun senda frá sér sína aðra breiðskífu seinna á árinu. Fyrir okkur Íslendinga eru það einnig mikil gleðitíðindi að á komandi Airwaves-hátíð munu fjórir af heitustu listamönnum Kanada gleðja okkur með nærveru sinni en það eru Wolf Parade, Patrick Watson, Islands og síðan hin skemmtilega Metric. Því verður virkilega gaman að fá smá slettu af kanadísku bylgjunnni næstkomandi október. Hvenær þessari stóru bylgju linnir verður hins vegar látið liggja á milli hluta en ef gæðin og sköpunargleðin halda áfram að vera söm vona væntanlega flestir að hún geri það einfaldlega ekki.

## FYRST OG SÍÐAST BIRGITTA HAUKDAL

**TODMOBILE - ÓPERA**
Þetta er fyrsti geisladiskurinn sem ég eignaðist. Bróðir minn gaf mér hann í jólagjöf og hann hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Á þessum tíma átti ég reyndar ekki geislaspilara svo ég þurfti að hlusta á diskinn frammi.





**UPPÁHALDSLÖG:** Það er eitt lag sem alltaf hefur verið í miklu uppáhaldi en ég get ómögulega munað hvað það heitir. Þetta er rólegt lag sem Eyþór og Andrea syngja saman og var alls ekkert vinsælt, það var alla vega ekki spilað mikið í útvarpi. Svo er annað sem fólk ætti nú að þekkja, Stopp.

**MICHAEL BUBLÉ - IT'S TIME**
Ég keypti mér báðar plöturnar með Michael Bublé. Þær eru bókstaflega búnar að vera í spilaranum hjá mér í allt sumar. Michael Bublé er gömul sál að því er mér virðist því hann er mestmegnis að taka Sinatra-lög og fleiri lög frá því tímabili.



**UPPÁHALDSLÖG:** Það er erfitt að velja á milli laganna hans Michael Bublé. En það er eitt lag á seinni plötunni sem hann á sjálfur. Það heitir Home og er alveg frábært.

**AÐRAR GÓÐAR:** Ég keypti mér diskinn með You're Beautiful-söngvaranum James Blunt. Þegar ég ætlaði að fara að hlusta á hann komst ég að því að það var búið að eyðileggja hann fyrir mér. Ég var hreinlega komin með leið á öllum lögunum af því hann hefur verið spilaður svo mikið. Þarna sést máttur útvarpsstöðvanna vel. Ég varð allavega fyrir miklum vonbrigðum með Blunt. Ætli það sé ekki best að ég hvíli diskinn í svona tvö ár og prófi að hlusta á hann þá.

# Höfnuðu lögunum

Albert Hammond Jr., gítarleikari New York-sveitarinnar The Strokes, gefur út sína fyrstu sólóplötu þann níunda október.

Platan nefnist Yours to Keep og hefur að geyma lög sem hinir meðlimir The Strokes höfðu ekki áhuga á að nota. „Ég bauð fram lögin mín einu sinni eða tvisvar en var hafnað,“ sagði Hammond. „Það var ekki Julian [Casablancas, söngvari] sem hafnaði þeim heldur hinir strákarnir.“

Hammond segist samt sem áður ekkert hafa orðið fúll heldur ákveðið að nota lögin í sólóverkefni sitt. „Mér finnst ég ekkert vera fastur í þessari hljómsveit. Ég er bara ánægður með að hafa gert plötuna,“ sagði hann. „Eftir erfið tónleikaferðalög langar mann stundum að vinna á eigin spýtur.“



**THE STROKES** Hammond, lengst til vinstri, var hafnað af félögum sínum í hljómsveitinni.

## Í BÚNINGSHERBERGINU DAVID BOWIE

Kaffivél
Kaffibollar
Ávaxtakarfa
Nýkreistur ávaxtasafi
9 flöskur af Evian-vatni
Heitt vatn og hunang
Förðunarspegill, vel lýstur
Fatahengi
12 handklæði
Bjórkassi
2 franskar rauðvínsflöskur
2 franskar hvítvínsflöskur



## > Lög vikunnar



**The Rapture - Get Myself Into It**
Nýja efnið svíkur engan.

**Tapes 'N Tapes - Cowbell**
Heitasta indie-bandið í dag.

**Christina Aguilera - Ain't No Other Man**
Hressandi smellur hjá stelpunni.



**Pétur Ben - White Tiger**
Fyrsta lagið af plötu ársins, hingað til.



**Fergie - London Bridge**
Söngkona Black Eyed Peas á svipuðum nótum og hljómsveit hennar.

## NÝJAR PLÖTUR



**NEW YORK DOLLS:**
**One Day It Will Please Us to Remember Even This**
„Endurkomuplata þessarar goðsagnakenndu sukksveitar verður að teljast ágætlega heppnuð. Það fara fáar sveitir betur með skítugt pönkskotið Stones-rokk en New York Dolls.“ TJ

**CURSIVE:**
**Happy Hollow**
„Cursive verður enn metnaðarfyllri og stórtækari á fylgifiski hinnar frábæru The Ugly Organ. Sellóleikarinn farin og búið að fylla upp í skarðið með heilli lúðrasveit.“ BÖS

**OUTKAST:**
**Idlewild**
„Þeir OutKast-félagar Andre 3000 og Big Boi klikka ekki á Idlewild. Platan kraumar af sköpunargleði og er sneisafull af flottum popplögum. Ein af plötum ársins.“ TJ

**CHRISTINA AGUILERA:**
**Back to Basics**
„Þó að Back to Basics sé misjöfn að gæðum og á köflum of tilgerðarleg er hún samt besta plata Christinu Aguilera til þessa.“ TJ

**RAZORLIGHT:**
**Razorlight**
„Johnny Borrell og hina liðsmenn Razorlight þyrstir í virðingu og frama. Þeir hafa tækifæri á því en til þess að ná því verða þeir að hætta búa til tónlist eins og þeir halda að við viljum heyra og byrja að gera tónlist sem að þeir sjálfir vilja heyra.“ BÖS

**DJ MARGEIR:**
**Blue Lagoon Soundtrack**
„DJ Margeir hefur með Blue Lagoon Soundtrack sett saman persónulegan og metnaðarfullan mixdisk sem blandar saman gömlu og nýju, raftónlist, poppi, dubbi, djass og reggí.“ TJ

**PÉTUR BEN:**
**Wine for My Weakness**
„Wine for My Weakness er ótrúlega sterk frumsmíð sem skýtur Pétri Ben beint í fremstu röð íslenskra popptónlistarmanna.“ TJ

**LILY ALLEN:**
**Alright, Still**
„Frumraun Lily Allen er fínasta reggípopp. Áhrifavaldar hennar skína þó kannski örlítið of mikið í gegn í


Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG





# Fimleikadagur

Laugardaginn 16. september

Fimleikasamband Íslands stendur fyrir **Fimleikadegi 16. september** í samstarfi við fimleikafélögin í tilefni af 125 ára afmæli FIG Alþjóða Fimleikasambandsins. Flest félögin fagna deginum með opnu húsi þar sem kynning fer fram á starfinu og áhugasamir fá að reyna sig.

## Dagskrá Fimleikadagsins:

**Reykjavík:**
*Fimleikadeild Ármanns*
Í glænýjum fimleikasal í Laugardal við gervigrasið og félagshús Þróttar, opið hús kl. 14:00 – 16:00.
Allir geta prófað fimleika undir leiðsögn þjálfara og hægt verður að fylgjast með æfingum iðkenda.

*Fimleikdeild Fjölnis*
Í Fimleikasalnum í Egilshöll, opið hús kl. 15:30 – 18:00.

**Seltjarnarnes:**
*Fimleikadeild Gróttu*
Íþróttahúsinu Seltjarnarnesi, opið hús kl. 13:00 – 14:00.

**Kópavogur:**
*Íþróttafélagið Gerpla*
Íþróttahúsinu v/Versali, kl. 15:00 – 15:45 og kl. 16:00 – 16:45.
Skipulagðar æfingar undir stjórn þjálfara, allir geta verið með.

**Garðabær:**
*Fimleikadeild Stjörnunnar*
Íþróttahúsinu v/Ásgarð í Garðabæ, opið hús kl. 11:00 – 13:00.

**Hafnarfjörður:**
*Fimleikafélagið Björk*
Haukahrauni 1, opið hús kl. 11:00 – 14:00.

**Akranes:**
*FIMA*
Íþróttahúsinu v/Vesturgötu, opin æfing kl. 09:00 – 11:00.

**Akureyri:**
*Fimleikafélag Akureyrar*
Íþróttahúsi Glerárskóla, opið hús kl. 10:00 – 12:30.

**Egilsstaðir:**
*Fimleikadeild Hattar*
Íþróttahúsinu á Egilsstöðum, opið hús kl. 10:00 – 12:30.
Skipulagðar æfingar fyrir alla sem vilja vera með, fimleikaiðkendur leika listir sínar. Stjórnin verður með kaffi og meðlæti í tilefni dagsins

**Hornafjörður:**
*Fimleikadeild Sindra*
Íþróttahúsinu, opið hús kl. 12:00 – 15:00.

**Vestmannaeyjar:**
*Fimleikafélagið Rán*
Íþróttahúsinu, opið hús kl. 13:00 – 15:00.

**Selfoss:**
*Fimleikadeild Umf. Selfoss*
Íþróttahúsi Vallaskóla Selfossi, opið hús kl. 10:00 - 13:00.
Kl. 10:00 - 11:00. Kynning á fimleikum fyrir börn og unglinga, allir geta fengið að prófa.
Kl. 11:00 -12:00. Æfing fyrir stráka, allir strákar hvattir til að mæta og prófa.
Kl. 11: 00 -12:00. Áheita-handahlaup T-1, T-2 og T-3, fjáröflun fyrir æfingaferð 2007.
Kl. 12:00 - 13:00. Opin æfing hjá T4, T5 og S1. Hægt að fylgjast með því hvernig fimleikaæfing fer fram. Íþróttaálfurinn kemur í heimsókn kl. 10:30 til 11:30 og leiðbeinir börnunum í fimleikum.

**Hveragerði:**
*Fimleikadeild Hamars*
Íþróttahúsinu í Hveragerði, opið hús kl. 10:30 – 12:00

**Þorlákshöfn:**
*Fimleikadeild Þórs*
Íþróttahúsinu, opinn tími kl. 12:30 – 13:30.

fjörið ... **Fólk** folk@frettabladid.is

## REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AÐ ÍSLENSKIR KARLMENN MÆTTU VERA ÁKVEÐNARI

# *Vér mótmælum öll!*

Ég sagði það áður og ég segi það enn að ég er mjög ósátt með háttarlag karlmanna, já og kvenna hér á landi. Þetta er einfalt; hvernig stendur á því að hér ríkir ekki deitmenning? Ég er svo óendanlega hlessa á því að enginn hafi sig upp í það að bjóða konum á deit. Er þetta svona hrikalega hræðilegt, erum við svona fáránlega lokuð og köld eða hreint út sagt skræfur?

Víðast hvar í heiminum er það til siðs að bjóða konu á deit. Á síðustu áratugum hafa konur í auknum mæli mannað sig upp í það að bjóða karlmönnum út. Það er sennilega partur af jafnréttisáróðri þeirra. En hvað sem öðru líður virðumst við ekki vera hæf til að taka þennan sið upp hjá okkur. Þetta er eiginlega hálf fyndið þar sem íslenskir karlmenn eru þekktir fyrir að vera sterkbyggðir, þolmiklir og að öllu leyti miklir víkingar. En þegar kemur að því að spyrja einnar lítillar spurningar sem væri eitthvað á þessa leið: „Fyrirgefðu, en mætti ég bjóða þér út að borða eða í kaffi eitthvert kvöldið“, þá „att í einu veðða þeið baða litli sgðágað og hlauba baða heim“. Mér finnst þetta bara ferlega fyndið og eiginlega alveg úr karakter við það sem maður á að þekkja frá þessum annars miklu heljarmennum. Samhengið er hreinlega ekkert.



Ég var hins vegar svo lánsöm um daginn að fá boð á stefnumót! Einn af afar fáum karlmönnum hér á landi sem ég var svo heppin að hitta á. Ég held að hann hafi varið miklum tíma í Ameríku og kunni því nokkuð vel til verka í þessum bransa. Hann kom mér allavega á óvart með því að spyrja mig hvort hann mætti bjóða mér út. Ég varð náttúrlega eins og kleina og vissi ekki hvernig ég átti að haga mér eða snúa og gat eiginlega ekki svarað. Svo áttaði ég mig á því hvað ég var að verða hallærisleg og ákvað að svara honum hreint út. Ég sagði barasta „jább, ég er til í það!“

Svo auðvitað þegar fór að líða að kvöldinu tók ég upp á því að sannfæra sjálfa mig að þetta væri kannski pínu kjánalegt og var komin með símann í hendina nokkrum sinnum en hætti þó alltaf við... að hætta við. Ég vildi einhvern veginn ekki vera eins og allir hinir og beila á deiti. Einn vinur minn sagði mér það að hann hefði þrisvar verið settur á deit með stelpu, tvisvar sinnum hætti hún sjálf við og einu sinni guggnaði hann sjálfur. Í það skiptið hafði hann aldrei séð stúlkuna. Maður getur svo sem skilið það að vera feiminn við hið óþekkta. En einhvern veginn virðast allflestir Íslendingar vera skíthræddir við að fara á deit. Og á meðan enginn gerir neitt í því og reynir að halda einhverjum deitum gangandi þá gerist ekki neitt. Þess vegna verðum við að leggjast á eitt öllsömul, sem erum ein þarna úti, og deita!

# Whitney sækir um skilnað

Bandaríska söngkonan Whitney Houston hefur sótt um skilnað við eiginmann sinn til fjórtán ára, söngvarann Bobby Brown.

Samband þeirra hjóna hefur alla tíð þótt ansi stormasamt auk þess sem þau hafa bæði átt við vímuefnavandamál að stríða. Þau eiga saman 13 ára dóttur, Bobbi Kristina.

Whitney giftist Bobby Brown, sem er 37 ára, árið 1992. Hann varð frægur með hljómsveitinni New Edition og árið 1988 gaf hann síðan út sólóplötuna Don´t Be Cruel, sem naut mikilla vinsælda.

Whitney, sem er 43 ára, hefur unnið sex Grammy-verðlaun á ferli sínum og átt fjölda topplaga á vinsældalistum, þar á meðal Saving All My Love For You. Feril hennar hefur þó dalað mikið undanfarin ár, sérstaklega vegna vímuefnanna. Hefur hún farið nokkrum sinnum í meðferð, en árið 2002 viðurkenndi hún í sjónvarpsviðtali að hafa misnotað vímuefni. Sagðist hún jafnframt hafa komist í gegnum vandræðin með því að biðja bænirnar. Síðasta plata Whitney kom út árið 2002 og hefur hún haft afar hægt um sig síðan þá.



**Á GÓÐRI STUNDU** Whitney Houston og Bobby Brown eru að skilja eftir fjórtán ára hjónaband.



**TÍSKULEGAR SYSTUR** Að sjálfsögðu voru Hilton-systurnar mættar á tískuvikuna þar sem partíin eru fjöldamörg. Hér eru þær mættar í fremstu röð á sýningu Luca Luca.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Með puttana á púlsinum

Fræga fólkið lætur sig sjaldan vanta á tískuvikuna í New York enda er algjörlega nauðsynlegt að það klæðist samkvæmt nýjustu tísku. Að venju fær það pláss í fremstu röð á sýningunum ásamt blaðamönnum helstu tískutímarita. Stjörnurnar punkta niður hvað þeim finnst flott og panta það svo fyrirfram hjá hönnuðum enda er það stór plús fyrir fatamerki ef fræga fólkið vill klæðast flíkum hönnuðum af þeim. Við skulum sjá hverjir létu sig ekki vanta í hóp helstu tískuspekúlanta heimsins og nutu þess að hafa puttana á púlsi sumarsins 2007.



**CARMEN ELECTRA** Er hér ásamt vinkonu sinni Thaliu og var ánægð með sýningu Luca Luca á fatnaði fyrir sumarið 2007.



**ÍSLANDSVINUR** Sean Lennon var hress á leið sinni á sýningu í fötum frá Imitation of Christ.



**LEIKARAPARIÐ** Ashton Kutcher og Demi Moore voru sæt saman á sýningu Narciso Rodriguez. Ætli Kutcher sé að skrifa niður óskalista fyrir unnustu sína.



**JANET JACKSSON** Lét lítið fyrir sér fara á sýningu Bill Blass en fylgdist þó grannt með um leið og hún leitaði að fallegum fatnaði.



**HARÐORÐUR RITSTJÓRI** Anna Wintour, ritstjóri ameríska Vogue, er ávallt í fremstu röð á sýningum og hér er hún á sýningu Narciso Rodriguez ásamt dóttur sinni, Bee Schaffer.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is


VIÐ LEITUM AÐ SÖNGVURUM OG SÖNGHÓPUM!
X FACTOR
STÆRSTI
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR
Í 20 ÁRA SÖGU STÖÐVAR 2
ÁHEYRNARPRÓF
3. október Hótel Kea, Akureyri.
14. október Nordica Hótel, Reykjavík.
SKRÁNING ER HAFIN Á XFACTOR.IS
Allir eldri en 16 ára eru velkomnir.
2
X-Factor hefur farið sigurför um heiminn.
Taktu þátt í stærsta sjónvarpsviðburði á Íslandi!
www.xfactor.is








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Í nýrri ævisögu um leikarann **Tom Hanks** kemur fram að hann beitti fyrrverandi eiginkonu sína Susan Dillingham ofbeldi meðan á hjónabandinu stóð. Dillingham lést fyrir stuttu úr krabbameini en náði að ljóstra þessu upp áður.

Poppprinsessan **Britney Spears** er nýbúin að eignast annað barn sitt með eiginmanni sínum Kevin Federline. Nú er komið í ljós að Spears þjáðist af óléttuvírus sem gerði það að verkum að barnið var tekið með keisaraskurði tveimur dögum fyrr en áætlað var. Nýbakaði faðirinn Federline upplýsti hins vegar á heimasíðu sinni fyrir stuttu að móður og barni heilsast vel.



# Með krabbamein

Söngkonan Marianne Faithfull, sem hélt tónleika á Broadway fyrir tveimur árum, hefur greinst með brjóstakrabbamein.

Faithfull hefur af þessum sökum frestað tónleikaferð sinni um heiminn, sem átti að hefjast í næsta mánuði, fram á næsta ár. „Sjúkdómurinn sást fljótt hjá læknum í Frakklandi,“ sagði upplýsingafulltrúi Faithfull. „Horfurnar á því að hún nái fullum bata eru mjög góðar.“

Faithfull, sem er 59 ára, var jafnframt afar bjartsýn. „Ég hef fulla trú á mínu læknaliði og auðvitað mun ég ná heilsu aftur og verð örugglega betri en nokkru sinni fyrr,“ sagði hún.

Faithfull sló í gegn á sjöunda áratugnum með Rolling Stones-laginu As Tears Go By. Átti hún jafnframt í umtöluðu ástarsambandi við söngvarann Mick Jagger. Eftir það lá leiðin niður á við og átti hún lengi vel í vandræðum með eiturlyfjafíkn sína.



**MARIANNE FAITHFULL** Söngkonan sem sló í gegn á sjöunda áratugnum er með brjóstakrabbamein.










## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:20 | B.i. 7.ára. |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 5:10 - 8 - 10:20 | |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12.ára. |
| STEP UP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE ANT BULLY M/- ensku tal. | kl. 6:20 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 8:10 - 10:20 | B.i. 12.ára. |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:20 | B.i. 12.ára. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 3:45 - 6 - 8:15 - 10:30 | B.i. 7.ára. |
| STEP UP | kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára. |
| UNITED 93 | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | B.i.14.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| UNITED 93 | kl. 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| LADY IN THE WATER | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 | |
| MAURAHRELLIRINN m/ísl. tali | kl. 6 | |
| LITTLE MAN | kl. 6 | |

## SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ANT BULLY m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 8 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 10 | B.i.12 |

www.sambioin.is 575 8900




| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 5:45 - 8 - 10.15 | B.i.12.ára. |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 - 10:15 | B.i.16 .ára. |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10:15 | B.i. 12.ára. |
| THE ANT BULLY M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

Kvikmyndahátíð

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSITION - BOÐSÝNING | kl. 8:30 | B.i.16 |
| The Libertine | kl. 5:45 | B.i.12 |
| Renaissance | kl. 10:15 | B.i.12 |
| Down in the Valley | kl. 8 | B.i. 16 |
| Where the Truth Lies | kl. 5:45 | B.i.16 |
| A cock and bull story | kl. 5:45 | B.i. 16 |
| Öskrandi api, ballett í leynum | kl. 10:40 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Nýtt par

Hótelerfinginn Paris Hilton sást í miklu kossaflensi við rokkarann Travis Barker í eftirpartí vegna tískuvikunnar í New York. Kossaflensið náðist á myndbandi og ljósmyndum. Barker er þekktur fyrir að vera trommarinn í hljómsveitinni Blink 182.



**TRAVIS BARKER ÁSAMT SHANNA MOAKLER** Þau hjónin voru áberandi í fjölmiðlum eftir að þau opnuðu dyrnar að einkalífi sínu í raunveruleikaþáttum sem sýndir voru á Mtv sjónvarpstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Þar með er Hilton búin að brjóta strákabannið sitt en hún gaf út yfirlýsingar þess efnis að hún ætlaði ekki að koma nálægt strákum í að minnsta kosti sex mánuði. Talsmaður Hilton segir að Paris og Travis séu mjög góðir vinir og að hún sé hrifin af honum. Travis er nýskilinn við eiginkonu sína og eiga þau saman tvö börn.



**PARIS HILTON** Er nú búin að brjóta strákabannið sem hún setti sér þegar hún sást í faðmlögum við Travis Barker á skemmtistað í New York. Talsmaður hennar segir Hilton vera mjög hrifna af Travis. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Fékk nóg af Hollywood

Leikarinn Ben Affleck var búinn að ákveða að hætta að leika í kvikmyndum um tíma af því að hann var kominn með leið á að gera kvikmyndir sem floppa í bíóhúsum.

Leikarinn sagðist vera kominn með leið á Hollywood og gagnrýnendum sem hakka ávallt myndirnar hans í sig. „Ég vil bara taka mér pásu og taka lífinu með ró í smá tíma,“ segði Affleck fyrr í sumar.

Nýjasta mynd Afflecks, „Hollywoodland“ er fyrsta kvikmyndin sem hann leikur í eftir þessar yfirlýsingar og segist hann vera stoltur af leik sínum þar.

Þar leikur hann George Reeves og lagðist hann í mikla rannsóknarvinnu á hlutverkinu áður en tökur hófust. „Ég er mjög ánægður með að geta loksins talað um mynd þar sem ég er stoltur af leik mínum.“

Ben Affleck er nýbakaður faðir og segir barnsmóðir sína, leikkonuna Jennifer Garner, vera stórkostlega móður og eiginkonu.



**BEN AFFLECK ÁSAMT EIGINKONU SINNI JENNIFER GARNER** Leikarinn var búinn að ákveða að hætta að leika í kvikmyndum áður en hann fékk hlutverk í nýjustu mynd sinni „Hollywoodland“. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS


## Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Lotus Professional

Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur




TUNGLIÐ RV6215F

**Rekstrarvörur** • Sími 520 6666
sala@rv.is • www.rv.is


# Tiefschwarz mættir

Þýsku tónlistarmennirnir og plötusnúðarnir Tiefschwarz þeyta skífum á Nasa í kvöld á vegum Party Zone. Tiefschwarz er skipuð bræðrunum Basti og Ali. Komu þeir hingað til lands í fyrra og þóttu ákaflega ferskir og skemmtilegir.



**TIEFSCHWARZ**

Eftir það spiluðu þeir á stærstu hátíðum og klúbbum heims og gáfu út plötuna Eat Books sem hefur fengið góðar viðtökur. Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is og er miðaverð 1.500 kr. í forsölu og 2.000 kr. við innganginn.

# Hip hop í kvöld

Hip hop hljómsveitirnar Original Melody og Forgotten Lores halda tónleika í Stúdentakjallaranum í kvöld.

Báðar þessar sveitir munu spila á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í næsta mánuði og eru tónleikarnir því ágætis upphitun fyrir þá hátíð. Original Melody gaf út sína fyrstu plötu í apríl, Fantastic Four. „Við héldum útgáfutónleika í Stúdentakjallaranum og þeir heppnuðust rosalega vel,“ segir Ívar Schram úr Original Melody. „Síðan vildu þeir fá okkur til að halda aðra tónleika þar og við ákváðum þá að fá Forgotten Lores með okkur.“

Þess má geta að helmingur Forgotten Lores er búsettur í Danmörku og því eru tónleikar með sveitinni ekki á hverju strái um þessar mundir.



**ORIGINAL MELODY** Hljómsveitin Original Melody spilar í kvöld ásamt Forgotten Lores. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Stúdentakjallarinn opnar klukkan 21.00 í kvöld og er ókeypis inn. Dj STEF og DJ Jóa sjá um upphitun.






# Vildi sænga hjá Díönu

David Hasselhoff segir að hin látna Díana prinsessa hafi viljað sofa hjá sér. Hasselhoff segir að það hafi verið straumar milli hans og prinsessunnar þegar þau hittust í boði árið 1993.



**DAVID HASSELHOFF**

„Ef aðstæður hefðu verið öðruvísi þá hefðum við sofið saman,“ fullyrðir Hasselhoff. „Díana sagði við mig að ég liti miklu betur út í fötum og ég svaraði sömuleiðis við prinsessuna,“ segir Hasselhoff.




## > Jón Arnór ekki með til Austurríkis

Stjarna körfuboltalandsliðs Íslands, Jón Arnór Stefánsson, verður ekki með liðinu er það mætir Austurríki ytra á laugardag. Jón Arnór sneri sig illa á ökkla í leiknum gegn Lúxemborg í Keflavík á miðvikudag þegar Ísland vann frekar örugglega. Jón Arnór hlaut meiðslin snemma í leiknum og íslenska liðið kláraði því verkefnið án hans. Í stað Jóns Arnórs hefur verið valinn Keflvíkingurinn Arnar Freyr Jónsson.



**sport**
sport@frettabladid.is

BASL Á BREIÐABLIKI Í EVRÓPUKEPPNINNI: STEINLÁ FYRIR ÞÝSKA LIÐINU FRANKFURT, 5-0, Í HELSINKI

# *Það var ákveðin þreyta í liðinu í leiknum*



Kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu mætti ofjörlum sínum í gær þegar liðið steinlá fyrir þýska liðinu Frankfurt, 5-0. Blikastelpur byrjuðu þó leikinn mjög vel og fengu tvö ágæt færi til að skora. Fyrst átti Elín Anna Steinarsdóttir skalla yfir mark Þjóðverjanna og á 18. mínútu komst Guðlaug Jónsdóttir í dauðafæri en skot hennar var varið. Eftir það sóttu Frankfurtarar stíft og sókn þeirra bar árangur á 25. mínútu þegar þýska liðið skoraði mjög umdeilt mark. Staðan var 1-0 í hálfleik en í síðari hálfleik settu þýsku stúlkurnar í fluggír og rúlluðu yfir Blikastúlkur.

„Fyrri hálfleikur var bara mjög góður hjá okkur. Við vörðumst mjög vel og beittum góðum skyndisóknum og með heppni hefðum við alveg getað skorað eitt, jafnvel tvö mörk. Við förum 1-0 undir inn í hálfleik og það var klárt rangstöðumark sem þær skoruðu. Kannski alveg óþarfi að þær séu að fá gefins mark í svona leik,“ sagði Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks.

Guðmundur sagði að dagskráin hefði verið stíf undanfarna daga og augljós þreyta hefði verið í liðinu í leiknum. „Við spiluðum 120 mínútur á móti Val á laugardaginn og mjög erfiðan leik á þriðjudaginn við Helsinki og það var ákveðin þreyta í liðinu. Við fengum líka á okkur mark snemma í síðari hálfleik og það var erfitt að rífa sig upp úr því,“ sagði Guðmundur. Hann bætti við að þýska liðið hefði líka bætt aðeins í sóknina í síðari hálfleik og þá hefði verið erfitt að ráða við þær.

Breiðablik mætir Vitebsk frá Hvíta-Rússlandi á sunnudaginn í síðasta leik riðilsins. Vitebsk gerði 0-0 jafntefli við Helsinki í gær og þau úrslit þýða að Breiðabliki nægir jafntefli á sunnudaginn til að komast upp úr riðlinum. „Það verður bara annar hörkuleikur þar sem tvö jöfn lið mætast og að sjálfsögðu förum við í þann leik til að vinna hann,“ sagði Guðmundur.



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Fer með til Portúgals. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvennalandsliðið:

## Sami hópur hjá Jörundi

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari er búinn að tilkynna leikmannahópinn sem fer til Portúgals og leikur þar við heimamenn þann 28. september næstkomandi. Það eru engar breytingar á hópnum frá leiknum við Svíþjóð. Leikurinn í Portúgal er síðasti leikur liðsins í undankeppni HM en Ísland á ekki möguleika á að komast áfram.

- hbg

**HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| ÞÓRA B. HELGADÓTTIR | BREIÐABLIK |
| GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR | VALUR |
| ÁSTHILDUR HELGADÓTTR | MALMÖ FF |
| GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| KATRÍN JÓNSDÓTTIR | VALUR |
| EDDA GARÐARSDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR | VALUR |
| HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR | FORTUNA |
| DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR | VALUR |
| MÁLFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR | VALUR |
| ERNA B. SIGURÐARDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| ERLA ARNARDÓTTIR | MALLBACKENS |
| ÁSTA ÁRNADÓTTIR | VALUR |
| ÓLÍNA G. VIÐARSDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| GRETA M. SAMÚELSDÓTTIR | BREIÐABLIK |
| GUÐNÝ BJÖRK ÓÐINSDÓTTIR | VALUR |
| KATRÍN ÓMARSDÓTTIR | KR |

Manchester United:

## Giggs og Park báðir meiddir

**FÓTBOLTI Ryan Giggs gæti verið frá keppni í allt að þrjár vikur eftir að hafa þurft að yfirgefa völlinn í leik Manchester United og Celtic á miðvikudaginn. Giggs tognaði aftan í læri eftir hálftíma leik en þessi snjalli leikmaður hefur byrjað tímabilið frábærlega fyrir United liðið.**

**Giggs er ekki eini miðjumaður Manchester United sem er frá vegna meiðsla þvi Ji-sung Park fór nýverið í aðgerð út af ökklameiðslum og verður frá keppni næstu þrjá mánuðina.**

- dsd

# Kóngurinn á leið heim?

**Guðjón Þórðarson mun hugsanlega taka við liði ÍA á nýjan leik. Viðræður hafa átt sér stað uppi á síðkastið og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga þær vel og ekki er ólíklegt að tilkynnt verði um ráðninguna í næstu viku.**

**FÓTBOLTI** Skagamenn hafa ákveðið að spýta í lófana fyrir næsta sumar og ÍA vill fá Guðjón Þórðarson til að reisa veldið við á nýjan leik og koma ÍA aftur á meðal bestu liða landsins.

Skjótt skipast veður í lofti því fyrr í sumar, þegar Ólafur Þórðarson hætti með ÍA-liðið, afþakkaði stjórn ÍA krafta Guðjóns og réð þess í stað tvíburana Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni til þess að klára sumarið.

Þessi stjórn verður þó ekki áfram en heimildir Fréttablaðsins herma að ný stjórn með Gísla Gíslason, fyrrum bæjarstjóra á Akranesi, í broddi fylkingar sé tilbúin að taka við rekstri knattspyrnudeildarinnar og hún hefur, samkvæmt sömu heimildum, verið í viðræðum við Guðjón. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga viðræður við Guðjón mjög vel og ekki er ólíklegt að tilkynnt verði um ráðningu hans fljótlega eftir helgi gangi allt upp.

Eiríkur Guðmundsson mun hætta sem formaður meistaraflokksráðs í lok tímabilsins en hann hefur lítil afskipti af deildinni þessa dagana þar sem hann er sestur á skólabekk. „Ég hef heyrt af því að verið sé að ræða við Guðjón og sú saga gengur í bænum,“ sagði Eiríkur en hann varðist allra frétta og vildi sem minnst ræða málið. Hann væri búinn að taka ákvörðun um að hætta og því skipti hann sér ekki af því sem væri að gerast hjá deildinni þessa dagana.



**HEIM Í HEIÐARDALINN** Guðjón Þórðarson er sterklega orðaður við ÍA þessa dagana en þeir sem munu taka við stjórnartaumunum hjá félaginu á næstunni vilja gjarna fá Guðjón til að rífa ÍA upp úr meðalmennskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Guðlaugur Kristinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍA, staðfesti við Fréttablaðið að líklegt væri að skipt yrði um stjórn. „Stjórn knattspyrnudeildar er ekki að ræða við Guðjón en á móti kemur að stjórnin er hugsanlega að hætta fljótlega. Það er verið að vinna í því að finna nýjan formann og hefur verið rætt við einn einstakling í því sambandi. Ég veit þó ekki hvort hann er tilbúinn að taka við,“ sagði Guðlaugur en hann telur líklegt að þessi einstaklingur, sem er Gísli samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, sé byrjaður að huga að málefnum deildarinnar þar sem fjöldi leikmanna sé með lausan samning fljótlega eftir að tímabili lýkur.

Arnar Gunnlaugsson, annar þjálfara ÍA, sagði aðspurður að hann og Bjarki væru vel opnir fyrir því að halda áfram með liðið tækist þeim að halda því uppi. Ekki náðist í Guðjón Þórðarson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

henry@frettabladid.is



**ATLI EÐVALDSSON** Stýrði Þrótti í eitt stormasamt ár.

Breytingar hjá Þrótti:

## Atli hættir eftir eitt sumar

**FÓTBOLTI** Atli Eðvaldsson og stjórn knattspyrnudeildar Þróttar komust í gær að samkomulagi um að Atli léti af störfum sem þjálfari liðsins eftir sumarið en Atli er aðeins á sínu fyrsta ári með liðið.

Skilnaðurinn er í góðu og Atli mun stýra liðinu í lokaumferð 1. deildar um helgina. Atli skrifaði á sínum tíma undir þriggja ára samning við Þrótt en í samningnum var gert ráð fyrir því að Þróttur færi upp um deild í sumar. Ef það markmið næðist ekki gátu báðir aðilar sagt upp samningnum og það varð ofan á að Atli og Þróttur ákvaðu að skilja að skiptum.

Atli sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri ekki hættur í þjálfun, hann hefði einfaldlega of gaman af því. Um leið óskaði hann Þrótti velfarnaðar í framtíðinni.

- hbg

Sigurður Jónsson hafði hagsmuni Grindavíkur að leiðarljósi og ákvað að hætta:

## Hafði ekki lengur orkuna og ástríðuna

**FÓTBOLTI** Sigurður Jónsson hætti mjög óvænt sem þjálfari Grindavíkur á miðvikudag en aðeins tvær umferðir eru eftir af Landsbankadeild karla. Grindavík er í fallhættu en langt frá því að vera fallið og því kom það mönnum á óvart að Sigurður skyldi stökkva frá borði á þessum tímapunkti. Hann segist hafa gert það með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

„Mé fannst ég ekki vera að ná því út úr liðinu sem ég vildi og því taldi ég mig vera kominn á endastöð. Þess vegna fannst mér best fyrir liðið að ég stigi til hliðar,“ sagði Sigurður við Fréttablaðið í gær en árangur liðsins var farinn að taka sinn toll hjá honum sjálfum. „Mér fannst ég ekki alveg hafa orkuna og ástríðuna lengur sem þarf að vera til staðar. Það hefur gengið á ýmsu í sumar og það má eiginlega segja að ég hafi verið búinn að tapa neistanum.

Svo má ekki gleyma að árangurinn hefur alls ekki verið ásættanlegur og ég ber ábyrgð á því. Ég hef alltaf verið þannig að ef maður nær ekki markmiðum sínum sé best að snúa sér að öðru. Ég velti þessu mikið fyrir mér eftir Valsleikinn og mín niðurstaða var sú að það væri best fyrir liðið að fá breytingu fyrir lokaleikina.“

Sigurður segist þó ekki vera búinn að fá nóg af fótbolta. Hann muni taka sér frí frá boltanum næstu vikurnar en hann útilokar ekki að snúa aftur á hliðarlínuna hjá nýju liði.

- hbg

Juan Roman Riquelme:

## Hættur með landsliðinu

**FÓTBOLTI Juan Roman Riquelme, leikmaður Villarreal, tilkynnti í gær að hann væri hættur að leika með argentíska landsliðinu, en hann er aðeins 28 ára gamall. Riquelme sagði að ástæðan fyrir þessari ákvörðun væri veikindi móður sinnar.**

**„Frá því að HM endaði þá hefur móðir mín tvisvar verið flutt á sjúkrahús og það er mín ábyrgð að hugsa um hana. Þetta var í raun og veru auðveld ákvörðun af því að fjölskyldan mín gengur fyrir,“ sagði Riquelme.**

- dsd




Slöngubátur 380 sm.
fyrir atvinnu-og áhugamenn.
kr. 179.000,-



Gerðin MA-420/0AL
sameinar gæði, endingu, áreiðanleika og lágt verð.
Kr. 189.000,- m/álbotni



LCI-958TR
stærð 152x244 sm.
12” dekk ber 750 kg.
kr. 84.500



LCI-850,
122x244 sm.
kr. 48.800,-



Lovisa bjálkahús
alls 31 fm. fallegt lítið sumar-eða gestahús
kr. 728.000,-



Valko, gestahús,
11,0 fm. ósamsett
kr. 215.000,-

Goddi.is
S. 5445550.

72 SJÓNVARPSSTÖÐVAR




# ENSKA ÚRVALSDEILDIN
# NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR






digital ísland

ÁSKRIFT AÐ DIGITAL ÍSLANDI FÆST Í OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS
TRYGGÐU ÞÉR ENSKU ÚRVALSDEILDINA Á SIMINN.IS / 800 7000

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Are you going to bring me that martini, or do I have to suck it out of the glass from here? „**

Svar: Lori (Joanne Whalley) úr the Man Who Knew Too Little frá 1997.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI ER LÉTT

# *Allt er gott sem endar vel*



Rockstargeðveikinni lauk farsællega aðfaranótt fimmtudags og það er ekki laust við að manni sé létt enda hefur það í besta falli verið vandræðalegt að fylgjast með þjóðinni ganga af göflunum síðustu vikur. Magni stóð sig samt eins og hetja og það er ekkert nema gott um hans þátt að segja en það er þó vissara að halda því til haga að kosningaæðið hér heima var ekki keyrt áfram af ígrunduðu gæðamati á söng og sviðsframkomu heldur gamalgrónni þjóðrembu sem er einn hvimleiðasti þátturinn í fari Íslendinga.

Eitthvað virðist þó þessi sterka sameiginlega þjóðarvitund hafa orðið móð á endasprettinum þar sem okkar maður skrapaði botninn í lokaatkvæðagreiðslunni og við höfðum ekki roð við stærri þjóðum þegar fjarskyldir ættingjar hinna keppendanna létu til sín taka fyrir alvöru. Áður en metatkvæðafjöldi frá Íslandi lá fyrir datt mér helst í hug að Íslendingar hafi meðvitað dregið sig til baka þessa örlaganótt þar sem hér virtist ríkja eining um að okkar maður hefði ekki gott af því að sigra og lenda í slagtogi með varmennunum í Supernova. Magni á konu og lítið barn og við vitum að fjölskyldan er dýrmætari en rútuferð um Bandaríkin með fautanum Tommy Lee. Ævintýrið fékk því farsælan endi enda ljóst að Magni hefur í það minnsta unnið hálft konungsríkið með frammistöðu sinni.

Úrslitin komu þar fyrir utan fæstum á óvart, sá hæfileikalausasti vann og fær að syngja með Jason, Tommy og Gilby. Þar hæfir kjaftur skel segir íslenska þjóðarsálin og hlær með sjálfri sér og tekst á augabragði að snúa sigri hins hvimleiða Lucasar í tap. Þetta er kosturinn við að vera Íslendingur. Við vinnum alltaf.

Kenningar um að úrslitin hafi verið fyrirfram ákveðin spretta eðlilega upp þegar hæfileikalaust tískuslys hefur sigur og við getum því alls ekki útilokað að Ísland hafi unnið lokaatkvæðagreiðsluna en innstu koppar í Supernova búrinu hafi eytt milljónum íslenskra atkvæða til þess að plottið gengi upp. Hafi Tommy og félagar löngu verið búnir að velja skoffínið hafa íslenskir kjósendur verið hafðir að fíflum sem er auðvitað hið versta mál en algeng örlög hópsála. Það skiptir samt engu máli þar sem við unnum þegar upp var staðið.



▶ 23.45 *Spenna*

MISSION: IMPOSSIBLE I



▶ 22:05 *Spenna*

THE I INSIDE



▶ 22.30 *Gaman*

SOUTH PARK



▶ 22.40 *Spenna*

C.S.I. MIAMI



▶ 12.00 *Fréttir*

HÁDEGISFRÉTTIR

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Snillingarnir (1:18)

**18.30** **Ungar ofurhetjur (21:26)** (Teen Titans II).
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Sjónvarpið 40 ára (11:21)**
**20.20** **Ef aðeins...** (If Only) Bandarísk/bresk bíómynd frá 2004. Breti sem missir kæstustu sína í slysi stuttu eftir að þau rífast fær tækifæri til að lifa þann dag upp á nýtt og vonast til að geta breytt atburðarásinni sem varð til þess að hún lést. Meðal leikenda er Jennifer Love Hewitt.
**21.55** **Máladir englar** (Painted Angels) Kanadísk bíómynd frá 1998 um stúlkur á vændishúsi í Miðvesturríkjunum seint á 19. öld. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

▶ **23.45** Sérsveitin (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Alf **10.45** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Extreme Makeover: Home Edition **15.25** Örlagadagurinn **16.00** Hestaklúbburinn **16.20** Skrímslaspilið **16.40** Scooby Doo **17.05** Bold and the Beautiful **17.30** Neighbours **17.55** Hér og nú

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**20.05** **The Simpsons (13:22)** (Simpsons-fjölskyldan)
**20.30** **Two and a Half Men (24:24)** (Tveir og hálfur maður).
**20.55** **Idol – Stjörnuleit** (Brot af því besta) Nú þegar Idol-Stjörnuleitinni er lokið er ekki úr vegi að líta um öxl og skoða það helsta sem gerðist í þáttunum; alla sigrana, alla sorgina, öll fyndnu uppátækin og öll eftirminnilegustu ummæli dómnefndar. 2005.
**21.40** **Entourage (3:14)** (Viðhengi)
▶ **22.05** **The I Inside** (Innilokaður) Dulmagnaður spennutryllir með Ryan Philippe.

**23.35** The Others (Bönnuð börnum) **1.15** Dalalíf **2.40** The Core (Bönnuð börnum) **4.50** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Entertainment Tonight (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Rock School 1 (e)**
**20.00** **Wildfire** Leyfð öllum aldurshópum.
**21.00** **8th and Ocean (e)**
**21.30** **The Newlyweds (e)** Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og þáverandi eiginmanni hennar Nick Lachey út í gegn.
**22.00** **Blowin/ Up (e)** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
▶ **22.30 South Park (e)**

**23.00** Chappelle/s Show (e) **23.30** Smallville (e) **0.15** X-Files (e) **1.00** Hell's Kitchen (e) **1.50** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Melrose Place**
**19.45** **Everybody Hates Chris (e)**
**20.10** **Trailer Park Boys**
**20.35** **Tommy Lee Goes to College**
**21.00** **The Bachelor VII – tvöfaldur** Hann er myndarlegur,rómantískur, vel menntaður húmoristi úr viðskiptalífinu og kemur frá uppörvandi og samheldni fjölskyldu, piparsveinninn sem fannst eftir mikla leit. Þær eru 25 ungmeyjarnar sem keppast um að ná athygli hans og ástum og hans hlutverk er að kynnast þeim náið og finna út hver er sú eina rétta.
**22.25** **Law & Order: Criminal Intent**

▶ **23.15** C.S.I: Miami (e) **0.10** Conviction (e) **1.00** C.S.I: New York (e) **1.50** Beverly Hills 90210 (e) **2.35** Melrose Place (e) **4.05** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

▶ **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.00** **Ísland í dag**
**20.00** **Fréttayfirlit**
**20.20** **Brot úr fréttavakt**
**20.30** **Örlagadagurinn (14:14)** Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá og einnig á NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Peningarnir okkar** Þáttur um fjármál heimilanna. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á föstudagskvöldum á eftir Kvöldfréttum.
**22.50** **Kvöldfréttir**

**0.20** Fréttavaktin **3.20** Fréttavaktin **6.20** Peningarnir okkar

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Old School (B) **8.00** Looney Tunes: Back in Action **10.00** Another Pretty Face **12.00** Welcome to Mooseport **14.00** Looney Tunes: Back in Action **16.00** Another Pretty Face **18.00** Welcome to Mooseport
**20.00** **Old School** (Gamli skólinn) Bönnuð börnum.
**22.00** **Gangs of New York** (Gengi í New York) Stranglega bönnuð börnum.
**0.40** Once Upon a Time in Mexico (e) (BB) **2.30** Control (BB) **4.15** Bodywork (B)

## SKJÁR SPORT

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **14.00** Portsmouth – Wigan (e) **16.00** Everton – Liverpool (e) **18.00** Upphitun
**18.30** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)** Þáttur þar sem stuðningsmannaklúbbar ensku liðanna á Íslandi fá klukkutíma til að láta móðan mása um ágæti síns liðs.
**19.30** **Chelsea – Charlton (e)**
**21.30** **Upphitun (e)** .
**22.00** **Man. Utd. – Tottenham (e)**
**0.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Rock Stars **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Rod & Kimberly Stewart THS **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Bad Girls **0.00** Rod & Kimberly Stewart THS **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.




SO YOU THINK YOU CAN DANCE

Dansinn hefst á ný....

Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. Þetta er önnur serían af þessum þáttum sem hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og var m.a. langvinsælasti þáttur FOX sjónvarpsstöðvarinnar í sumar.

SIRKUS TV

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**IDOL STJÖRNULEIT** **STÖÐ 2 KL 20.55**

### Brot af því besta



Vegna fjölda áskorana verður í þessum þætti rifjaður upp gangur mála í síðustu Idol-Stjörnuleit. Við sjáum það besta og auðvitað það versta. Sumir skiluðu sínu með miklum sóma og hlutu lof þjóðarinnar. Sumir hefðu betur setið heima, nema fyrir þær sakir að hafa skemmt okkur áhorfendum með lagleysi og góðum danstöktum. Í aðalhlutverki í þættinum verður að sjálfsögðu frækin framganga Snorra Snorrasonar og leið hans í sjálfan úrslitaþáttinn þar sem hann sigraði Ínu Valgerði Pétursdóttur í æsispennandi lokaþætti. Simmi og Jói verða á sínum stað svo von er á góðu.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | | 4 |
| 9 | | | 1 | | 7 | 2 | | |
| 6 | | | 3 | | | | | |
| | | 5 | 6 | | | 1 | 3 | 7 |
| | | | | | | | | |
| 1 | 7 | 4 | | | 5 | 8 | | |
| | | | | | 6 | | | 8 |
| | | 2 | 7 | | 3 | | | 1 |
| 8 | | | | | | | 5 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 |
| 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 | 7 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 6 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 |



**22:00** *Knattspyrna*

RECOPA 2006

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA í nærmynd** Inside the PGA Tour 2006)
**18.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)
**19.20 Spænski boltinn** (Upphitun fyrir spænska boltann)
**19.50 Súpercross** (Georgia Dome) (Heimsmeistaramótið í Supercross)
**20.45 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07)
**21.15 KF Nörd (3:16)** (Mekka knattspyrnunnar)
**22.00 Recopa** (Sao Paulo – Boca Juniors) Útsending frá leik Sao Paulo og Boca Juniors sem fram fór á fimmtudagskvöld.

**23.40** Heimsmótaröðin í Póker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Inferno **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Fararheill **21.05** Frá hagyrðingamóti á Vopnafirði **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður



**HRÓSIÐ FÆR ...**



*...Einar Magnús Magnússon og Umferðarstofa fyrir átakið Stopp sem á að vekja fólk til umhugsunar um glæfraakstur og afleiðingar hans.*

# Konunglegar móttökur Magna á sunnudaginn

Mikill viðbúnaður er vegna komu Magna Ásgeirssonar til landsins á sunnudaginn. Eins og sönnum afreksmanni sæmir verður Magni að sjálfsögðu boðinn velkominn í Smáralindinni en það verður annaðhvort forsætisráðherrann Geir H. Haarde eða utanríkisráðherrann Valgerður Sverrisdóttir sem tekur á móti Magna og þakkar honum vel unnin störf í þágu þjóðarinnar. Rjóminn af íslenskum poppurum ætlar enn fremur að heiðra Magna með nærveru sinni enda hefur söngvarinn frá Borgarfirði eystri vakið áhuga útlendinga á íslenskri popptónlist.

Hljómsveit Magna, Á móti Sól, hefur að sjálfsögðu hug á að nýta sér þessa frægð söngvarans og er fyrirhugað tónleikaferðalag í kringum landið. „Það verða stórtónleikar á Broadway 30. september, einir um daginn fyrir alla en svo stórdansleikur um kvöldið,“ segir Heimir og viðurkennir að hljómsveitin sé þegar farin að æfa lögin sem Magni söng í þættinum. „Sum þeirra höfum við reyndar spilað áður en önnur erum við að „pikka“ upp,“ útskýrir Heimir en segist ekki hafa hugmynd um hvert framhaldið verði þegar rúntinum lýkur 21.október. „Við vitum ekkert hvort hann tekur eitthvað af þessum tilboðum eða hvernig framhaldið verður hjá honum,“ bætir Heimir við. - **fgg**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Gæti orðið þess heiðurs aðnjótandi að bjóða poppstjörnu Íslands velkomin heim.



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Snýr aftur heim á sunnudag í veglega athöfn í Smáralind. Fer á tónleikaferð um landið með Á móti sól og spilar lögin úr Rock Star.



**GEIR H. HAARDE** Tekur væntanlega á móti Magna þegar hann lendir á sunnudaginn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:**
**2** eldhúsáhald **6** hvað **8** þangað til **9** hljóma **11** samtök **12** leynir **14** rífa **16** grískur bókstafur **17** lágvær niður **18** kúgun **20** guð **21** steintegund.

**LÓÐRÉTT:**
**1** ofneysla **3** tveir eins **4** krappur **5** flýti **7** heimsálfa **10** fæða **13** suss **15** hástétt **16** ot **19** gangþófi.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** ausa, **6** ha, **8** uns, **9** óma, **11** aa, **12** felur, **14** raspa, **16** pí, **17** suð, **18** oki, **20** ra, **21** talk. **LÓÐRÉTT: 1** óþóf, **3** uu, **4** snarpur, **5** asa, **7** ameríka, **10** ala, **13** uss, **15** aðal, **16** pot, **19** il.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**LOGI BERGMANN** Segir að öll fjölskyldan geti spilað nýja Meistaraspilið, sem kemur út fyrir jólin. Sjálfur semur Logi hluta spurninganna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LOGI BERGMANN EIÐSSON: MEISTARASPIL Í MÖNDLUGJÖF

# Semur sjálfur spurningar fyrir Meistarann

Fréttamaðurinn góðkunni, Logi Bergmann Eiðsson, er með mörg járn í eldinum. Auk þess að starfa sem fréttamaður er Logi aðalmaðurinn á bak við spurningaþáttinn Meistarann sem sýndur var á Stöð 2 síðasta vetur. Meistarinn verður aftur á dagskrá nú í vetur en Logi vinnur auk þess að útgáfu spurningaspils, sem samið verður út frá þáttunum.

„Það eru náttúrlega engin jól nema það sé nýtt spurningaspil,“ segir Logi, sem settist niður og bjó til nýtt spil í samvinnu við fyrirtækið Veruleikann. „Við erum mjög trúir þáttunum við gerð spilsins en þar eru til dæmis bjölluspurningar og valflokkaspurningar, auk þess sem hægt er að leggja undir og velja spurningaflokk fyrir andstæðingana. Ég er búinn að prófa spilið og það er alveg magnað,“ segir Logi og bendir á að spilið sé mjög spennandi því það sé allt opið í því alveg þangað til í restina.

„Þá er hægt að fá meistaraspurningu, sem getur aukið mikið á spennuna, alveg eins og í þáttunum. Öll fjölskyldan getur spilað saman enda eru spurningarnar töluvert léttari en í þættinum þannig að allir ættu að geta svarað einhverju. Þetta er því alveg tilvalin möndlugjöf.“

Sjálfur samdi Logi mikið af spurningunum, rétt eins og hann mun gera fyrir nýju þáttaröðina, og fékk í lið með sér menn sem eru vanir að semja spurningar. „Við settum þetta þannig upp að margir geti spilað í einu þannig að það er mikill leikur í þessu,“ segir spyrillinn og fréttamaðurinn, Logi Bergmann Eiðsson.

**sigridurh@frettabladid.is**



**SIGURVEGARINN** Jónas Örn Helgason sigraði í fyrstu þáttaröð Meistarans, en að sögn Loga verða spurningarnar í spilinu ekki eins erfiðar og í þáttunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í nógu er að snúast hjá þeim fóstbræðrum Kormáki Geirharðssyni og Skildi Sigurjónssyni. Þeir eru að fara að opna veitingahús ásamt Skagabræðrunum Arnari og Bjarka Gunnlaugssyni í Þingholtsstrætinu en um er að ræða asískan „fusion” stað. Ekki er nóg með að þeir félagar ætli að hastla sér völl í veitingahúsageiranum því þeir eru að taka upp úr kössunum fyrir nýja herrafataverslun sem opnuð verður eftir mánuð í Kjörgarði á Laugaveginum. Um er að ræða verslun fyrir „séntilmenni” eins og þeir hafa orðað það en Karl Th. Birgisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, er þeim innan handar í því verkefni.



Eyjamaðurinn Hermann Hreiðarsson þykir góður fulltrúi lands og þjóðar í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Hermann leikur sem kunnugt er með Lundúnaliðinu Charlton og er vel liðinn meðal leikmanna og annarra hjá klúbbnum. Eins og sönnum Íslendingi sæmir notar okkar maður hvert tækifæri til að kynna Ísland fyrir Charlton-mönnum, hvort sem um er að ræða íslenskan mat eða íslenska tónlist. Hljómsveitin Jeff Who? er í sérstöku uppáhaldi hjá Hermanni um þessar mundir og hafa liðsfélagar hans fyrir vikið kynnst tónlist hljómsveitarinnar ágætlega. Ekki fylgir þó sögunni hvort hið vinsæla lag Barfly verður spilað á leikjum liðsins, eins og hjá sumum íslenskum íþróttafélögum.



Frétt Fréttablaðsins í vikunni um að Nylonflokkurinn hafi sungið í gyðingafermingu í London vakti þó nokkra athygli. Ekki síst þar sem haft var eftir Ölmu Guðmundsdóttur að þær hefðu haft mjög gaman af þessu uppátæki, það væri mun persónulegra en tónleikar og þær væru meira en til í að endurtaka leikinn. Fyrir vikið má líklegt telja að ófáar íslenskar húsmæður sjái sér leik á borði og sláist um að bóka Nylon í fermingarveislur næsta vor.
**- fgg/hdm**



**Fiskbúðin Hafberg vantar öflugan starfsmann**

til að sjá um undirbúning fiskrétta og afgreiðslu í búðinni.

Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, góður í mannlegum samskiptum, sjálfstæður og vandvirkur.

**Góð laun i boði, allar nánari uppl, veitir Geir s. 820-3413.**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Raggi Bjarna tekur upp jólaplötu

Söngvarinn ástsæli, Raggi Bjarna, tekur á næstunni upp jólaplötu með Gunnari Þórðarsyni sem mun koma út á næsta ári.

Á plötunni verða eingöngu ný íslensk jólalög. Hefur Gunnar þegar samið sjö lög fyrir plötuna og útvarpsmaðurinn Þorgeir Ástvaldsson eitt. Gunnar hefur verið önnum kafinn að undanförnu við að ljúka við plötu með söngvaranum Óskari Péturssyni þar sem hann syngur lög eftir Gunnar sjálfan. Eru níu þeirra ný af nálinni og fimm gömul. Eftir það mun hann snúa sér að upptökum á jólaplötunni.

Raggi Bjarna segist vera spenntur að syngja inn á plötuna, en leggur áherslu á að verkefnið sé komið mjög skammt á veg ennþá. „Það verður ábyggilega mjög gaman að vinna með Gunnari,“ segir hann.

Raggi hefur ekki gert mikið af því að syngja jólalög í gegnum tíðina. Hann átti tvö lög á jólaplötu sem kom út 1981, þar á meðal hið vinsæla Þegar líða fer að jólum. **- fb**



**GUNNAR ÞÓRÐARSON** Tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson er önnum kafinn um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MEÐ JÓLASVEINUM** Raggi Bjarna tekur við gullplötu á Broadway úr höndum tveggja jólasveina. Raggi ætlar að taka upp jólaplötu á næstunni með hjálp Gunna Þórðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Betty Guðmundsdóttir
18 ára




14.09.06

# NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

**Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.**

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.**
Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á **www.stopp.is.** og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

**www.stopp.is**

UMFERÐARSTOFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




**BAKÞANKAR**
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## 101

Á höfuðborgarsvæðinu búa tvær ólíkar þjóðir. Annars vegar fólkið í 101 Reykjavík og hins vegar allir hinir. Þó ég búi ekki sjálfur í 101 hef ég í mörg ár rannsakað heim þeirra sem þar búa. Enda er vart annað hægt. Í íslenskum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og skáldsögum búa söguhetjurnar nær undantekningarlaust í 101 Reykjavík. Þar býr hinn dæmigerði Íslendingur samkvæmt hugarheimi rithöfunda þessa lands.

**Í EINU** skiptin sem Grafarvogsbúi eða Kópavogsbúi kemur fram í skáldverki er það í kaldhæðnislegu samhengi og viðkomandi er undantekningalaust plebbi með stóru P-éi, eða eitthvað alvarlega brenglaður. Úthverfabúi er fulltrúi fyrir firringu nútímans í íslenskum skáldverkum.

**EN** sá sem býr í 101 er fulltrúi hins heilbrigða og venjulega, enda búa skáld og rithöfundar flestir í 101 Reykjavík og eðlilegt að listamönnum, og reyndar öllum mönnum, finnist nágrannar sínir heilbrigðir og eðlilegir. Hið óþekkta og ógnvekjandi býr handan við lækinn.

**ÞAÐ** er orðið ár og dagur síðan fjallað var um venjulegan Íslending í íslenskri kvikmynd. Enda eru flestar íslenskar myndir í dag gerðar fyrir pínulítinn evrópskan „Art house“ bíómarkað. Það er eins og íslenskir kvikmyndagerðarmenn skammist sín fyrir að sýna Reykjavík eins og hún raunverulega er, utan þessa frímerkis sem er 101.

**SKYLDI** þó ekki vera minnimáttarkennd gagnvart evrópskum þjóðum sem skarta borgum með mörg hundruð ára byggingarsögu að baki. Afhverju vilja íslenskir kvikmyndagerðarmenn fela það að stærsti hluti Reykjavíkur byggðist upp eftir seinni heimstyrjöldina? Afhverju erum við svona feimin við að vera við sjálf?

**ER** það útaf álfaímyndinni sem búið er að markaðssetja svo vel og vandlega fyrir erlendum þjóðum? Samkvæmt henni búa allir Íslendingar í gömlum, skrítnum bárujárnshúsum í Þingholtunum og trúa á álfa og huldufólk.

**EN** það er lygi. Og lygi gengur aldrei upp nema í svo og svo langan tíma. Við þurfum að spyrja okkur hvenær tíminn kemur til að koma út úr skápnum. Hér á Íslandi er markaður fyrir íslenskar bíómyndir löngu orðinn ónýtur af þeirri einföldu ástæðu að íslenskur almenningur nær ekki sambandi við þær. Hvernig væri að prófa að láta söguhetju næstu myndar búa í Breiðholtinu? Svo væri hægt að vinna sig austur.





Tosca

**Þekking** frá öllum heimsálfum skilar sér í **eðalvagni**

**General Motors, stærsti bílaframleiðandi heims**, hefur í meira en 100 ár kappkostað að framleiða bíla sem skara fram úr. Í dag framleiðir GM bíla í öllum heimsálfum í hátækniverksmiðjum undir ströngu gæðaeftirliti, sem gerir GM kleift að bjóða framúrskarandi bíla á mjög viðráðanlegu verði. **Tosca** er nýtt flaggskip Chevrolet í Evrópu, fólksbíll í fullri stærð, **sannkallaður demantur**. Taktu þátt í sigurför Chevrolet, komdu og skoðaðu Tosca í nýja Chevrolet sýningarsalnum og láttu koma þér á óvart hversu ljúfur þessi gripur er. Við erum á **Tangarhöfða 8-12** í nýjum Chevrolet sýningarsal. Þar bíður eftir þér **kaffi og reynsluakstur**.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri.

CHEVROLET